






Ath! 25% afsláttur! Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó

LAUGARÁS BÍÓ

ego Meira fyrir peninginn



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. apríl 2005 – 108. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## LAUGARDAGUR



**BORGI SKATTA HÉR** Yfirskattanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að portúgalskir verkamenn Impregilo skuli greiða skatta hér en ekki í heimalandi sínu. Impregilo fær ekki endurgreiddar 200 milljónir króna vegna þessa úrskurðar. **Sjá síðu 2**

**BLAÐIÐ AF STAÐ Í MAÍ** Nýtt dagblað hefur göngu sína í næsta mánuði. Það hefur hlotið nafnið Blaðið og verður því dreift frítt í 80 þúsund eintökum á öll heimili og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. **Sjá síðu 2**

**LAGI VINNU UNGLÆKNA** Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent stjórnvöldum rökstutt álit vegna þess að ekki hefur verið gengið í að laga vinnu unglækna að vinnutímatilskipun Evrópusambandsins. Stjórnvöld hafa tvo mánuði til að reiða fram áætlun, sem átti að vera frágengin í ágúst í fyrra. **Sjá síðu 4**

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI NORÐAUSTAN TIL** Annars skýjað með köflum. Hætt við þoku-súld með ströndum landsins, einkum þó sunnan til. Hiti 7-14 stig að deginum. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**ÚRSLITAKEPPNI** Haukastúlkur taka á móti ÍBV í fyrsta leik liðanna í úrslitum Íslandsmóts kvenna í handbolta. Leikurinn hefst klukkan 16.15 og verður leikinn að Ásvöllum.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |



77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Davíð og Halldór deila um eftirlaunafrumvarpið

**Halldór Ásgrímsson hyggst beita sér fyrir endurskoðun laga um eftirlaun ráðherra og þingmanna. Viðræður stjórnarflokkanna hafa staðið yfir í þrjá mánuði. Davíð Oddsson vill engu breyta og útilokar stjórnarfrumvarp. Allir flokkar nema Sjálfstæðisflokkur vilja breyta lögunum.**

**EFTIRLAUNAMÁLIÐ** Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn greinir á um hvort breyta eigi lögum um eftirlaun ráðherra og þingmanna til að koma í veg fyrir að fyrrverandi ráðherrar geti fengið greidd eftirlaun þrátt fyrir að vera enn í launuðum störfum á vegum ríkisins.

Lög um eftirlaun ráðherra og þingmanna voru endurskoðuð í lok árs 2003 og í kjölfarið voru ný lög samþykkt. Þegar Fréttablaðið upplýsti snemma árs að nokkrir fyrrverandi ráðherrar þæðu eftirlaun þrátt fyrir að vera enn á fullum launum í öðrum störfum á vegum ríkisins hét Halldór Ásgrímsson því á Alþingi að ákvæðið yrði tekið til endurskoðunar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru framsóknarmenn staðráðnir í því að afnema ákvæðið úr lögunum, þótt sjálfstæðismenn segi það ekki koma til greina. Í þrjá mánuði hafa ráðherrar flokkanna tekist á um hvort, og þá hvernig, breyta eigi lögunum og var ætlunin að leggja fram nýtt stjórnarfrumvarp fyrir þinglok í maí.

Meðal annars hafa flokkarnir tekist á um það hvort brotið yrði gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar ef tekinn yrði af mönnum réttur sem þeim þegar hefur verið fenginn, það er rétturinn á því að þiggja eftirlaun og laun samhliða.

Davíð Oddsson, utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi að ekki stæði til að breyta lögunum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Halldór Ásgrímsson þó enn staðráðinn í því að beita sér fyrir því að þessi réttur verði afnuminn. Samþykki beggja flokka þarf þó til svo leggja megi fram stjórnarfrumvarp. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vonast framsóknarmenn enn til þess að flokkarnir nái saman um málið og ætla framsóknarmenn að reyna til þrautar að ná sáttum við samstarfsflokkinn um breytingarnar.

Fulltrúar allra flokka stóðu að frumvarpinu á sínum tíma og hafa allir flokkar nema Sjálfstæðisflokkur lýst yfir vilja til að afnema ákvæðið.

**- sda**



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**ROBERT PLANT Í HÖLLINNI** Robert Plant söng fyrir tónleikagesti í Laugardalshöllinni í gærkvöldi, hálfum fjórða áratug eftir að hann skemmti tónleikagestum á sama stað með hljómsveitinni Led Zeppelin. Töluverður fjöldi var á tónleikunum og var rokkgoðið í stuði eins og sjá má á myndinni.

Áfangi:

## Stjórnin tíu ára

**STJÓRNMÁL** Tíu ár eru í dag liðin frá upphafi stjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Stjórnin eru sú næstlanglífasta í sögu íslenska lýðveldisins. Eina stjórnin sem hefur setið lengur samfellt er viðreisnarstjórnin sem var mynduð 1959 og hélt völdum til 1971. Starfi núverandi ríkisstjórn til loka kjörtímabilsins slær hún met viðreisnarstjórnarinnar og verður langlífasta ríkisstjórn Íslandssögunnar. **Sjá síðu 22**

Hrina ofbeldisverka í Írak:

## Sprengdu mosku og þyrlu

**ÍRAK, AP** Bílsprengja sprakk við mosku sjíamúslima á meðan föstudagsbænir stóðu yfir í Bagdad í gær, með þeim afleiðingum að átta manns féllu í valinn og tuttugu særðust, að sögn lögreglu. Sprengingin varð um sama leyti og tveir hópar uppreisnarmanna eignuðu sér ábyrgð á því að hafa skotið niður þyrlu sem ellefu óbreyttir borgarar voru um borð í. Annar hópanna sendi frá sér myndbandsupptöku sem fullyrt var að sýndi liðsmenn hans skjóta eina manninn sem var með lífsmarki í þyrluflakinu. Þyrlan var rússnesk að gerð, áhöfnin búlgörsk en farþegarnir bandarískir.

Þá var í gær einnig birt myndbandsupptaka á Al-Jazeera-sjónvarpsstöðinni sem sagt var að sýndi þrjá rúmenska fréttamenn sem uppreisnarmenn námu á brott 28. mars. Ásamt upptökunni var flutt yfirlýsing frá gíslatökumönnunum þess efnis að yrðu rúmensku hermennirnir sem eru í Írak ekki kallaðir heim innan fjögurra daga yrðu gíslarnir teknir af lífi.

Bænahús sjíamúslima hafa að undanförnu ítrekað orðið skotmark skæruliða úr röðum súnnía. Nærri 100 manns fórust í sjálfsmorðssprengjuárásum á trúarsamkomur sjía í febrúar síðastliðnum.

Þá féll bandarískur hermaður er sprengja sprakk við vegbrún í bænum Tal Afar í Norður-Írak. Árásir gærdagsins marka nýtt hámark mannskæðra ofbeldisverka frá því í kring um þingkosningarnar 30. janúar síðastliðinn. ■

Zacarias Moussaoui:

## Gæti hlotið dauðadóm

**BANDARÍKIN , AP** Zacarias Moussaoui játaði í gær fyrir dómstóli í Virginíuríki í Bandaríkjunum að hafa átt þátt í að skipuleggja árásirnar á Tvíburaturnana í New York í september 2001.



**ZACARIAS MOUSSAOUI** Sá eini sem hefur verið ákærður fyrir árásirnar 11. september 2001.

Játningar hans gætu þýtt að hann yrði dæmdur til dauða en Moussaoui er sá eini sem handtekinn hefur verið vegna árásanna þrátt fyrir gríðarlega leit að öllum þeim er aðild áttu að. Lögmaður hans segist vona að dauðadómur verði ekki felldur en honum verði áfrýjað verði það raunin. ■


*Vesen að vera fyndinn*

**Laddi og Sveppi, grínarar tveggja kynslóða, ræða málin yfir kaffibolla.**

**SÍÐA 28 ▶**





*Íslenskir Herramenn*

**Fréttablaðið ber nokkra Herramenn Rogers Hargreaves saman við fræga Íslendinga**

**SÍÐA 32 ▶**






## SPURNING DAGSINS

*Brynjar, ætlið þið að taka þá á sálfræðinni?*

**„Já, þeir verða sálgreindir.“**

Sálfræðingar hjá ríkinu felldu sameiginlegan stofnanasamning BHM og ætla að semja sjálfir. Brynjar Emilsson er formaður Stéttarfélags sálfræðinga.

Nýtt dagblað á höfuðborgarsvæðinu:

# Blaðið í öll hús

**FJÖLMIÐLAR** „Fréttablaðið hefur gengið afar vel og við teljum að rúm sé á markaðnum fyrir annað blað af svipuðum toga,“ segir Karl Garðarsson, einn eigenda og forsvarsmanna Blaðsins, sem er nýtt dagblað sem dreift verður í öll hús á höfuðborgarsvæðinu frá og með miðjum maí.

Karl segir að Fréttablaðið sé að hluta til fyrirmynd þessa nýja blaðs en efnistök verði þó með öðrum hætti. „Öll skrif í blaðið verða með knappari hætti en til að mynda hjá Fréttablaðinu. Við vonumst til að fólk geti rennt fljótt yfir allt sem máli skiptir án þess að eyða til þess miklum tíma.“

Þegar hefur stærsti hluti starfsfólksins verið ráðinn og auglýsingasala hófst fyrr í vikunni. Karl segir hana fara vel af stað. „Auglýsendur taka okkur mjög vel og í raun betur en við áttum von á. Blaðið verður gefið út til að byrja með í 80 þúsund eintökum og svo sjáum við hvað setur með framhaldið.“

- aöe



**KARL GARÐARSSON**
Auglýsingasala í hið nýja dagblað fer vel af stað.

Lyfjaverð:

# Munar 75 prósentum

**KÖNNUN** Sjúklingar geta sparað sér allt að 75 prósent í lyfjakostnað með því að kanna verðið frá einu apóteki til annars. Þetta má lesa út úr verðkönnun verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands.

Könnun á tveimur tilbúnum dæmum sýndi 31 prósents mun væru mígrenilyfið Imigran og bólgueyðandi verkjalyfið Voltaren Rapid keypt saman. Kostuðu þau 6.329 krónur í Laugarnesapóteki en 4.815 krónur í Rimaapóteki. Blóðþrýstingslyfið Cozaar Comp og sýklalyfið Zitromax kostuðu 3.700 krónur í Garðsapóteki en 2.115 krónur í Rimaapóteki.

- bþg



**BREYTT Í EUROPRIS**
Europris hefur verið lokuð vegna breytinga en verður opnuð aftur á morgun.

Europris:

# Hættir með ferskvörur

**VERSLUN** „Þarna erum við að sníða verslanir okkar hér á landi eftir verslunum Europris á erlendri grund,“ segir Matthías Eiríksson, framkvæmdastjóri Europris á Íslandi. Miklar breytingar eiga sér stað í verslunum þeirra þessa dagana og verður hætt að bjóða upp á ferskvörur eins og mjólk, brauð og kjöt að þeim loknum.

Matthías segist ekki óttast að neytendur snúi sér annað heldur vonast hann þvert á móti til að þeim fjölgi. „Það sem á sér stað er að við erum að auka sérvöruúrval okkar á kostnað ferskvörunnar. Þetta hefur gefist afar vel erlendis og við erum bjartsýnir á að fólk taki þessu vel hér líka.“

- aöe

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Skilorð fyrir smáþjófnað

**DÓMSMÁL** 24 ára gamall maður var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dóminn, sem er skilorðsbundinn í þrjú ár, hlaut maðurinn fyrir að stela Dewalt-borvél, rafhlöðu og hleðslutæki, samtals að verðmæti 50 þúsund krónur, á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík. Hann játaði brot sitt greiðlega.

Maðurinn hefur áður fengið fjóra refsidóma, árin 1997 og 1998, fyrir nytjastuld, eignaspjöll, líkamsárás, rán, þjófnað og gripdeild.

-óká

# Niðurstaða sem lengi hefur verið beðið

**Yfirskattanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að portúgalskir verkamenn Impregilo skuli greiða skatta hér en ekki í heimalandi sínu. Impregilo fær ekki endurgreiddar 200 milljónir króna vegna þessa úrskurðar.**

**SKATTAMÁL** „Þarna er um mikinn áfangasigur að ræða sem við innan verkalýðshreyfingarinnar höfum lengi beðið eftir,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, formaður samráðsnefndar iðn- og verkalýðsfélaganna sem starfa við Kárahnjúka. Yfirskattanefnd úrskurðaði í gær að þeir portúgölsku starfsmenn sem starfa hér á landi við byggingu Kárahnjúkastíflu séu starfsmenn Impregilo á Íslandi og falli þar með undir íslensk skattalög.

Sá úrskurður hefur þær afleiðingar að ítalski verktakarisinn Impregilo fær ekki endurgreiddar þær 200 milljónir króna sem Ríkisskattstjóri áætlaði á erlenda starfsmenn þess en deilur hafa lengi staðið milli Ítalanna og Skattstjóra um hvar viðkomandi starfsmenn greiði skatta sína og skyldur. Impregilo telst þannig vera launagreiðandi verkamannanna hér á landi og rök Impregilo að tvísköttunarsamningur milli Portúgal og Íslands geri þeim kleift að greiða skatta í Portúgal gilda ekki um staðgreiðslu skatta.



**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON**
Verkalýðshreyfingin hefur lengi beðið niðurstöðu þeirrar sem nú liggur fyrir og segir Þorbjörn hana hafa víðtæk áhrif.

Þorbjörn segir að þar sem Impregilo hafi litið svo á að ekki yrði farið eftir íslenskum skattalögum gagnvart þeim erlendu starfsmönnum sem fengnir voru gegnum áhafnarleigur frá Ítalíu, Portúgal og víðar marki niðurstaða yfirskattanefndar tímamót. „Yfirskattanefnd er þarna sammála okkar mati og þetta breytir mjög miklu. Til að mynda hlýtur þessi niðurstaða að kalla á algera uppstokkun á launamálum þeirra erlendu starfsmanna sem vinna fyrir Ítalina vegna þess að heildarlaun þeirra voru lægri þar sem þeim var greitt samkvæmt skattalögum síns heimalands.“

Þorbjörn telur víst að Impregilo áfrýi málinu lengra enda miklir peningar í húfi en segir úrskurðinn engu að síður sigur þar sem verkalýðshreyfingin hafi lengi bent á að þarna væri pottur brotinn. „Aðalatriðið er að niðurstaðan er loks komin eftir langa bið og þetta hefur mögulega fordæmisáhrif gagnvart öðrum fyrirtækjum en Impregilo enda fer þeim fjölgandi sem hingað ráða erlenda starfsmenn frá áhafnarleigum.“

albert@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ERLENDIR VERKAMENN VIÐ KÁRAHNJÚKA**
Yfirskattanefnd hefur úrskurðað að erlendir verkamenn skuli greiða skatta hér á landi en ekki í heimalandi sínu eins og Impregilo hefur túlkað það og greitt samkvæmt því frá upphafi framkvæmdanna fyrir austan.



**DÆLT Á BÍL**
Íbúar á Ólafsfirði áttu erfitt með að taka bensín í vikunni.

Ólafsfjörður:

# Bensínlausir bæjarbúar

**ELDSNEYTI** Margir íbúar í Ólafsfirði máttu búa við eldsneytisskort á miðvikudaginn og fimmtudaginn þar sem sjálfsafgreiðslustöð Olís, sem er eina bensínstöðin í bænum, hafnaði debetkortum.

Fyrr í vikunni tók Olís við rekstri stöðvarinnar af Skeljungi. Olís setti upp nýjar dælur sem virkuðu ekki sem skyldi fyrr en í gær. Var eingöngu hægt að borga eldsneyti með vildarkorti olíufélagsins en jafnvel það virkaði ekki í öllum tilvikum.

Samkvæmt upplýsingum frá Olís virkaði hugbúnaður ekki sem skyldi en úr því hefur verið bætt og geta íbúar í Ólafsfirði nú tekið bensín með eðlilegum hætti.

- eþa

## BANDARÍKIN

**HANDTEKIN VEGNA FINGURS** Kona sem hugðist lögsækja skyndibitastað eftir að hún fann vel snyrtan fingur af manni í mat sínum var handtekin í gær og leikur grunur á að hún hafi sjálf komið fingrinum fyrir í von um gróða við lögsókn. Hefur konan ítrekað áður lögsótt matsölustaði með litlum árangri.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VÉLSLEÐAMAÐUR Á BATAVEGI** Rússneskur vélsleðamaður sem slasaðist illa við byltu sem hann hlaut þegar hann var við vélsleðaæfingar á Fjarðarheiði í gærdag er á batavegi en hann þurfti að gangast undir aðgerð á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað í kjölfar slyssins.


**Háskólanám allt árið!**

Viðskiptaháskólinn á Bifröst mun frá og með næsta hausti bjóða þeim nemendum sem það kjósa að ljúka námi til BS eða BA gráðu á tveimur árum í stað þriggja með því að leggja stund á nám allt árið.

Frekari upplýsingar:
www.bifrost.is

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

Stjórnenda og leiðtogaskóli í 87 ár


Aukin þjónusta Fréttablaðsins:

# Nýr morgunþáttur á Talstöðinni

**FJÖLMIÐLAR** „Ætlunin er að taka forystu í fréttaþáttum í útvarpi strax á fyrsta degi,“ segir Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóri Fréttablaðsins, um nýjan morgunþátt sem verður á Talstöðinni alla virka daga. Nýi þátturinn hefur göngu sína klukkan sjö á mánudagsmorgun. Sigurjón mun hafa umsjón með þættinum ásamt Gunnhildi Örnu Gunnarsdóttur, blaðamanni á Fréttablaðinu.

Fréttablaðið hefur séð um hádegisútvarpið á Talstöðinni frá upphafi og nú bætast þessir þættir við. „Við Gunnhildur höfum komið talsvert að fréttaþættinum í hádeginu og það má segja að morgunþátturinn sé eðlilegt framhald þess þáttar. Fréttablaðið verður eftir sem áður með hádegisþáttinn og því má segja að við séum að auka fréttaþjónustuna enn frekar,“ sagði Sigurjón, sem mun áfram gegna starfi fréttaritstjóra á Fréttablaðinu ásamt Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Frekari breytingar verða gerðar á dagskrá Talstöðvarinnar. Klukkan níu þegar morgunútvarpinu lýkur tekur Ragnheiður Gyða Jónsdóttir við og verður með þátt í klukkustund. Þegar hún lýkur sér af tekur Sigurður G. Tómasson við og verður með þátt milli klukkan tíu og tólf. ■



**GUNNHILDUR OG SIGURJÓN**
Þau munu annast fréttaþátt í morgunútvarpi Talstöðvarinnar frá og með mánudeginum.



# **Franskir** dagar

## í Kringlunni alla helgina

**Laugardagur 23. apríl**

**12.00 – 17.00** Listmálarinn Jean-Antoine Posocco sýnir málverk og málar myndir á staðnum.

**14.00 – 18.00** **Vínsmökkun á Kringlukránni:** Karl K. Karlsson kynnir veigar frá vínekrunni Bourgogne. Aldurstakmark 20 ár.

**14.00 – 16.00** Harmonikkutónlist í göngugötu.

**Sunnudagur 24. apríl**

**12.00 – 17.00** Listmálarinn Jean-Antoine Posocco sýnir málverk og málar myndir á staðnum.

**14.00 – 16.00** Harmonikkutónlist í göngugötu.

**Upplifðu franska stemningu og franskt vöruúrval!**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28026 4/2005

**Opið í dag 10-18**

Franskir dagar eru samvinnuverkefni Fransk - íslenska verslunarráðsins og Kringlunnar í samstarfi við eftirtalda aðila:

FRANSK-ÍSLENSKA VERSLUNARRÁÐIÐ
CHAMBRE DE COMMERCE FRANCO-ISLANDAISE

CITROËN

HAGKAUP

Délifrance

PEUGEOT

RÉPUBLIQUE FRANÇAISE

Alliance Française

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Verslanir** | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| **Ævintýraland** | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

## GENGIÐ
**GENGI GJALDMIÐLA 22.04.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,24 | 62,54 |
| Sterlingspund | GBP | 1 19,23 | 119,81 |
| Evra | EUR | 81,31 | 81,77 |
| Dönsk króna | DKK | 10,91 | 10,98 |
| Norsk króna | NOK | 9,97 | 9,92 |
| Sænsk króna | SEK | 8,87 | 8,92 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,55 | 95,11 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**111,90 -0,02%**
Heimild: Seðlabanki Íslands

Mál handrukkara í Hæstarétti:
# Vill málið aftur í hérað

**DÓMSMÁL** Verjandi Annþórs Kristjáns Karlssonar krafðist þess fyrir Hæstarétti í gær að máli hans yrði vísað aftur heim í hérað. Í nóvemberlok voru Annþór og Ólafur Valtýr Rögnvaldsson dæmdir í fangelsi fyrir að ráðast inn á heimili mjaðmagrindarbrotins manns og ganga í skrokk á honum, sá fyrrnefndi í tveggja og hálfs árs og hinn í tveggja ára fangelsi. Maðurinn var meðal annars handleggsbrotinn, en fyrir dómi breytti hann framburði sínum frá því sem hann sagði lögreglu og kvað handleggsbrotið hafa átt sér stað fyrr um daginn. Dómaranum þótti sú skýring ekki trúverðug.

Við dómhaldið í gær sagði skipaður verjandi Annþórs, Karl Georg Sigurbjörnsson, það álit Annþórs að kalla hefði til þurft tvo meðdómendur til að meta sannleiksgildi orða mannsins sem ráðist var á, vegna kúvendingarinnar sem varð í framburði hans.

Til vara krafðist hann sýknu í málinu, en þrautavara að Annþór yrði dæmdur til vægustu refsinga. Hilmar Ingimundarson, verjandi Ólafs Valtýs, krafðist sýknu fyrir skjólstæðing sinn, en til vara að refsingin yrði milduð og heimfærð upp á aðra grein hegningarlaga en í ákæru. **-óká**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ANNÞÓR KRISTJÁN KARLSSON**
Myndin er tekin í Héraðsdómi þegar mál Annþórs var þar til umfjöllunar. Málflutningur fór fram í Hæstarétti í gær, en dóms er að vænta í lok næstu viku.

# Þrýst á stjórnvöld vegna unglækna

**Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent stjórnvöldum rökstutt álit vegna þess að ekki hefur verið gengið í að laga vinnu unglækna að vinnutímatilskipun Evrópusambandsins. Stjórnvöld hafa tvo mánuði til að reiða fram áætlun, sem átti að vera frágengin í ágúst í fyrra.**

**FÉLAGSMÁL** ESA, eftirlitsstofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), segir stjórnvöld hér hafa látið hjá líða að leggja fram áætlun um hvernig framfylgja á vinnutímatilskipun Evrópusambandsins hvað varðar unglækna.

Eftirlitsstofnunin hefur sent stjórnvöldum rökstutt álit vegna þessa og gefið tveggja mánaða frest til að koma málum í réttan farveg. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins áttu EFTA ríkin að hafa lagt fram áætlun um innleiðingu fyrir fyrsta ágúst í fyrra. Fram kemur að eftirlitsstofnunin hafi engar upplýsingar fengið frá stjórnvöldum um hér um ráðstafanir vegna vinnu unglækna. Bregðist stjórnvöld ekki við áliti ESA er næsta skref að vísa málinu til EFTA dómstólsins.

Bjarni Þór Eyvindsson formaður félags unglækna segir fyrstu skrefin í að innleiða vinnutilskipun Evrópusambandsins hafa verið tekin í apríl 2003 með lagabreytingu í þá veru að unglæknar væru ekki lengur undanþegnir almennum vinnutímaákvæðum. Sú breyting mun þó ekki hafa skilað sér í framkvæmd. „Við erum því komin með mál á hendur Landsspítalanum til að fá þessa löggjöf virta, en það var dómtekið fyrir um hálfum mánuði,“ segir hann og bætir við að ESA þrýsti nú á um fimm ára áætlun frá stjórnvöldum um hvernig innleiða eigi hvíldartímatilskipunina, sem engar Evrópuþjóðir muni vera farnar að framfylgja. „Við erum hins vegar eina þjóðin sem ekki er enn farin að framfylgja því að unglæknar séu ekki undanþegnir almennum hvíldartímaákvæðum.“

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, segir unnið að undirbúningi frumvarps sem lagt verði fram á Alþingi í haust. „En þetta er nokkuð flókið í útfærslu og hefur áhrif á vinnutíma unglækna á spítölunum og við höfum því lagt það í hendurnar á heilbrigðisráðuneytinu að meta kostnaðinn, líkt og skylt er að gera.“ Hún segir að svo verði ákveðið í samráði við heilbrigðisyfirvöld, fjármálaráðuneytið og unglækna hversu langur tími verði tekinn í að innleiða vinnutímatilskipunina, en því á að vera að fullu lokið ekki síðar en 2009. „En aðlögunin snýr eingöngu að vikulegum hámarksvinnutíma. Reglur vinnuverndarlaga um vinnutíma munu þá gilda um lækna í starfsnámi með sama hætti og þau gilda um aðra.“ Hún segir tveggja mánaða frestinn sem ESA gaf nú vera hefðbundinn og að ráðuneytið muni skýra sín mál gagnvart stofnuninni.

**olikr@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**BJARNI ÞÓR EYVINDSSON, FORMAÐUR FÉLAGS UNGLÆKNA**
Bjarni var staddur á Akureyri þegar blaðið náði í hann og því ekki í hvíta sloppnum. „Það er ágætt að það sjáist að við fáum einstaka sinnum frí og fáum notið veðurblíðunnar,“ sagði hann.

Læknafélag Íslands:
# Gagnrýnir stjórnvöld

**UNGLÆKNAR** Læknafélag Íslands gagnrýndi í gær að stjórnvöld hér skuli engar ráðstafanir hafa gert til að tryggja að unglæknar séu ekki látnir vinna lengri vinnuviku en heimilt er samkvæmt ákvæðum vinnutímatilskipunar.

„Það er fréttnæmt í sjálfu sér þegar íslensk yfirvöld fullnægja ekki alþjóðlegum skuldbindingum sínum. Það er ekki síður fréttnæmt þegar alþjóðlegum skuldbindingum hefur verið fullnægt með viðeigandi lagabreytingum, þegar opinberir aðilar, sem fara eiga eftir hinum breyttu reglum, hunsa þær þannig að leita verði til dómstóla til að fá hinar nýju reglur viðurkenndar,“ segir á vef Læknafélagsins. **- óká**

Sjávarútvegsnefnd:
# Frestaði fundinum

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsnefnd Alþingis kemur saman til fundar á mánudag en boðuðum fundi í gær var frestað.

Guðjón Hjörleifsson formaður nefndarinnar segir að sátt sé um fundartímann þótt óskað hafi verið eftir neyðarfundi strax í gær vegna nýrra upplýsinga Hafrannsóknastofnunarinnar um bágborið ástand þorskárganga undanfarin fjögur ár. Jóhann Sigurjónsson, forstjóri stofnunarinnar, kemur til fundar við nefndina ásamt Jóni Sólmundarsyni fiskifræðingi. **- jh**

## MIÐ-AUSTURLÖND

**HÓTA MANNRÁNUM** Sheik Hassan Nasrallah, leiðtogi líbönsku samtakanna Hezbollah, gaf í skyn að félagar hans myndu ræna ísraelskum hermönnum til að knýja fram lausn þriggja Líbana sem Ísraelar halda í fangelsi.






## Veðrið

**MARGIR KOMNIR Í FERÐAHUG!**
Já, blíðviðrið kveikir ferðahug hjá fólki. Ótrúlega margir hafa nefnt við mig að ef tjaldstæðin væru opin myndu menn skella sér með fellihýsið, hjólhýsið eða hvað þetta nú allt heitir. Íslendingar eru miklir tækjamenn, það er ljóst!!

**FÍN HELGARSPÁ**
Helgin einkennist af hægviðri og mildu veðri. Sólríkast verður að líkindum á Norð-Austur- og Austurlandi. Í svona hægviðri má búast við þokusúld hér og hvar einkum þó með ströndum.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Hægviðri. Hætt við þokusúld einkum með suðurströndinni.

### Mánudagur




Hæglætisveður

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C | skýjað | París | 17°C | skýjað | Alicante | 25°C | hálfskýjað |
| Osló | 15°C | hálfskýjað | Berlín | 14°C | hálfskýjað | Milano | 15°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C | skýjað | Amsterdam | 14°C | hálfskýjað | New York | 15°C | skýjað |
| Helsinki | 5°C | skýjað | Madrid | 22°C | hálfskýjað | San Francisco | 17°C | léttskýjað |
| London | 16°C | léttskýjað | Barcelona | 18°C | hálfskýjað | Orlando/Florida | 28°C | skýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Afnemum VSK af öllum fatnaði

# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.



**Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka, og sokkabuxur án VSK.**

**Dagana 22.-24. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Á að setja lög um fjármál stjórnmálaflokka?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 92% |
| Nei | 8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga samkynhneigð pör að njóta alveg sama réttar og gagnkynhneigð pör?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Héraðsdómur gagnrýnir lögreglu:

# Ámælisvert að taka ekki við kæru

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur gagnrýnir að Lögreglan í Reykjavík skyldi ekki samdægurs taka við kæru vegna nauðgunar og bera við manneklu sökum námskeiðahalds.

„Ámælisvert er að lögreglan skyldi ekki taka á móti nauðgunarkæru þegar í stað eins og bar að gera af augljósum ástæðum," segir í dómi sem féll á miðvikudag.

Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn undraðist athugasemdir dómsins og taldi að frestunin á móttöku kærunnar hefði verið í fullu samráði við Steinunni Guðbjartsdóttur, réttargæslumann konunnar, en því neitar hún. „Þá hefði ég ekki séð ástæðu til að skrifa lögreglunni bréf og kvarta yfir málsmeðferðinni," sagði hún.

Maðurinn sem nauðgaði konunni var dæmdur í tveggja ára fangelsi, auk þess að greiða henni 700 þúsund krónur í miskabætur. Hann á að baki langan sakaferil og hefur frá árinu 1985 hlotið 13 refsidóma.

Árásin átti sér stað 8. nóvember í fyrra, en konan hafði farið heim til mannsins til að binda enda á fyrra samband þeirra. Maðurinn var handtekinn tveimur dögum síðar, eftir að ákæra var lögð fram.

**- óká**



**LÖGREGLUSTÖÐIN Í REYKJAVÍK** Héraðsdómur gagnrýnir lögregluna í Reykjavík í dómi sem féll í vikunni. Þar kemur fram að móttöku kæru vegna nauðgunar var frestað um sólarhring vegna manneklu.

Orkuveitan:

# Heita vatnið lækkar

**KYNDING** Heita vatnið lækkar um eitt og hálft prósent í á markaðssvæði Orkuveitu Reykjavíkur frá og með 1. júní. Þetta var samþykkt á síðasta stjórnarfundi OR. Þar var enn fremur ákveðið að rafmagnsverð myndi standa í stað.

Ein ástæðan fyrir því að verð heita vatnsins lækkar er sú að síðasta ár og fyrstu mánuðir þessa árs hafi verið kaldara en árið 2003. Þar með hafi sala á heitu vatni aukist um 3,7 prósent og styrkir það stöðu fyrirtækisins. Þá hefur raforkusala aukist og því tekur Orkuveitan á sig verðlagsbreytingar, sem eru um 3,7 prósent það sem af er ári. **- bþg**

INTER kvartar:

# Samtvinnun óheimil

**SAMKEPPNISMÁL** Stjórn INTER, samtaka netþjónusta, sendi í gær kvörtun til Samkeppnisstofnunar vegna nýrra tilboða á netþjónustu hjá Og Vodafone og Símanum. INTER telur að um ólöglega samtvinnun þjónustu á milli óskyldra markaða sé að ræða, auk skaðlegrar undirverðlagningar.

„Í ljósi þess að Samkeppnisstofnun hefur undanfarin misseri tekið sér mjög langan tíma til að úrskurða um kvartanir sem þangað berast, en meðalafgreiðslutími mála er rúmir 16 mánuðir á síðasta ári [...] hefur INTER jafnframt lagt fram kröfu um að Samkeppnisstofnun taki málið til bráðabirgðaúrskurðar," segir í tilkynningu. **- óká**

### SJÁVARÚTVEGUR

**HUNDRAÐÞÚSUNDASTA TONNIÐ NÁLGAST** Fiskiskip hafa landað nær 100 þúsund tonnum af kolmunna það sem af er vertíð. Erlend skip hafa landað 70 þúsund tonnum en íslensk skip 28 þúsund tonnum.

### STJÓRNMÁL

**EFSTUR Í FRELSISDEILDINNI** Pétur Blöndal er efstur í Frelsisdeild Sambands ungra sjálfstæðismanna, sem metur frammistöðu þingmanna flokksins út frá viðmiðum frjálshyggjunnar.

# Hækkaði um 13 milljónir á mánuði

**Húseign sem notuð var sem sambýli fyrir geðsjúka um árabil var seld af Ríkiskaupum fyrir rúmum mánuði síðan á uppboði á 55 milljónir króna. Sama eign er nú auglýst aftur til sölu en þrettán milljónum króna dýrari.**

**FASTEIGNAMÁL** „Þetta er fyrsta eignin sem ég man eftir að sé auglýst miklu dýrari svona skömmu eftir að við seljum hana," segir Óskar Ásgeirsson hjá Ríkiskaupum. Rúmur mánuður er síðan stofnunin seldi fasteignina að Kleifarvegi 15 hæstbjóðanda á 55 milljónir króna en sama eign er nú til sölu óbreytt á almennum markaði á 68 milljónir króna.

Fasteignin sem um ræðir er veglegt 212 fm einbýlishús ásamt bílskúr á eftirsóknarverðum stað í bænum. Þarna rak Landspítali – Háskólasjúkrahús um langa hríð meðferðar- og sambýli fyrir geðsjúka en því var hætt fyrir allnokkru og auglýstu Ríkiskaup eftir tilboðum í eignina fyrir tveimur mánuðum síðan. Hæsta tilboð hljóðaði upp á 55 milljónir króna og var því tekið.

Margir hafa sýnt eigninni áhuga en ekkert formlegt kauptilboð hafði borist eigendum þess, fasteignafélaginu Fosseignum, í gær. Arngeir Lúðvíksson, framkvæmdastjóri félagsins, segist þess fullviss að eignin fari á ásettu verði enda um stóra eign að ræða á einum besta stað bæjarins. „Ástæðan fyrir þessari miklu hækkun er sú að við teljum okkur hafa gert afar góð kaup þegar við keyptum af ríkinu enda sýna fjölmargar fyrirspurnir að uppsett verð er ekki fjarri lagi."

Eignin er talin bjóða upp á fjölmarga möguleika og kemur fram í lýsingu eignarinnar hjá fasteignasölunni Emax að teikningar og breytingartillögur liggi þegar fyrir fyrir áhugasama. Húsinu hefur ekki verið breytt sem neinu nemur síðan þarna var sambýli fyrir geðsjúka og því væntanlega ýmislegt sem hugsanlegur kaupandi myndi vilja breyta áður en flutt verður inn.

Þær upplýsingar fengust hjá öðrum fasteignasölum að verðið væri frekar í hærri kantinum en alls ekki fjarri lagi miðað við mjög eftirsótta staðsetningu í grónu og fallegu hverfi því ekki er algengt að eignir á þessum slóðum séu auglýstar til sölu.

**albert@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**UMTALSVERÐ HÆKKUN** Húseignin að Kleifarvegi 15 sem ríkið seldi fyrir skömmu er aftur komin á markað en á talsvert hærra verði. Hjá Ríkiskaupum telja menn þetta fyrstu eignina sem auglýst er mun dýrari svo skömmu eftir sölu en telja sig hafa fengið ásættanlegt verð.



**UMBOÐIÐ HANDSALAÐ** Carlo Azeglio Ciampi Ítalíuforseti og Silvio Berlusconi handsala stjórnarmyndunarumboðið í forsetahöllinni í Róm í gær.

Stjórnarmyndun á Ítalíu:

# Berlusconi falið umboðið

**ÍTALÍA, AP** Forseti Ítalíu fól í gær Silvio Berlusconi að mynda nýja ríkisstjórn. Tveimur dögum fyrr hafði Berlusconi beðist lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt í kjölfar mikils ósigurs stjórnarflokkanna í héraðskosningum.

Forsetinn Carlo Azeglio Ciampi fól forsætisráðherranum fráfarandi umboðið til að mynda sextugustu ríkisstjórn Ítalíu frá stríðslokum eftir að hafa ráðfært sig við leiðtoga flokkanna sem eiga fulltrúa á þingi.

„Innan fáeinna daga verður nýja ríkisstjórnin tekin til starfa," sagði Berlusconi við blaðamenn eftir að ákvörðun forsetans lá fyrir. Hann sagðist gera ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um traustsyfirlýsingu á nýju stjórnina færi fram í næstu viku.

Berlusconi brá á það ráð að leysa upp stjórnina í því yfirlýsta skyni að endurnýja stjórnarsamstarf borgaraflokkanna. ■

### LANDBÚNAÐUR

**FORMANNSSKIPTI** Guðný H. Jakobsdóttir, bóndi í Knarrartungu á Snæfellsnesi, var kosin formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands á aðalfundi samtakanna í fyrrakvöld. Hún tekur við af Haraldi Benediktssyni, formanni Bændasamtaka Íslands, sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Koizumi á leiðtogafundi í Indónesíu:

# Ítrekar iðrun Japana

**INDÓNESÍA, AP** Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, baðst í gær afsökunar á yfirgangsstefnu Japana í Asíu á dögum síðari heimsstyrjaldar, en ráðamenn í Kína hvöttu Japansstjórn til að láta gerðir fylgja orðum er tugir japanskra þingmanna heimsóttu umdeilt minningarhof um fallna japanska hermenn.

Yfirlýsing Koizumis um „djúpa iðrun" yfir syndum feðranna, sem hann lét falla á ráðstefnu leiðtoga Asíu- og Afríkuríkja í Indónesíu, gekk ekki lengra en fyrri slíkar yfirlýsingar japanskra leiðtoga, en tímasetningin miðaði greinilega að því að lægja öldurnar í milliríkjadeilunni við Kína. Þar í landi hefur á síðustu vikum ríkt mikil reiði í garð Japana vegna meintrar tregðu þeirra til að gangast við grimmdarverkum Japanshers á hernumdum svæðum í Kína á sínum tíma. Óánægjan í Kína beinist líka gegn viðleitni Japana til að fá fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins, Kong Quan, sagði að Japanar yrðu að gera meira til að sýna og sanna að þeir skirrtust ekki við að „horfast í augu við söguna". Litlu áður en Koizumi hélt ræðuna í Jakarta hafði hópur japanskra þingmanna heimsótt Yasukuni-minningarhofið, þar sem dæmdir stríðsglæpamenn hvíla ásamt öðrum föllnum hermönnum. ■



MYND/AP

**HARMAR SYNDIR FEÐRANNA** Japanski forsætisráðherrann Junichiro Koizumi flytur ávarp sitt við upphaf leiðtogafundar Asíu- og Afríkuríkja í Jakarta í gær.




# Sýpris 100 sm



## 799 kr.

**Aldrei betra verð!**

## Tilboð

**Grasfræ**
**1 kg**




**599 kr.**
Verð áður 859 kr.

**Útsæði**
**5 kg**



**599 kr.**
Verð áður 775 kr.

**Vorlaukar**



**40% afsláttur**

**Fræ**



# SUMARGLEÐI

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 28141 4/2005



## Garðálfar

| | |
|---|---|
| 9 sm | 99 kr. |
| 15 sm | 319 kr. |
| 25 sm | 799 kr. |
| 35 sm | 1.699 kr. |

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir Norðurlandameistari matreiðslunema?*

2 *Hver er nýr stjórnarformaður Sparisjóðs Hafnarfjarðar?*

3 *Hversu lengi hefur stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks staðið?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Forstjórinn bjartsýnn á velgengni Opera 8 vafrans:

# Lofar að synda yfir Atlantshaf

**UPPLÝSINGATÆKNI** Jón S. von Tetzchner, íslenskur forstjóri norska vafrafyrirtækisins Opera Software, sagðist á vinnufundi í fyrirtækinu ætla að synda frá Noregi til Bandaríkjanna ef fleiri en milljón hlaða niður nýjustu útgáfu vafrans sem út kom á þriðjudag á fyrstu fjórum dögunum. „Ég skal ekki stoppa nema aðeins hjá mömmu á Íslandi til að fá mér heitt kakó,“ sagði hann, en almannatengsladeildin gat ekki setið á sér að leka orðum hans.

Mikið álag var á miðlurum fyrirtækisins eftir að útgáfa 8 af Opera-vafranum var gerð aðgengileg og tóku sumir undan að láta þegar niðurhalsfjöldinn náði 120 á sekúndu fyrstu klukkustundina eftir útgáfu. Fyrirtækið segir að á tveimur sólarhringum hafi vafranum verið hlaðið niður 600 þúsund sinnum.

„Við höfðum búið okkur undir mikil og góð viðbrögð, en þetta fór fram úr okkar björtustu vonum,“ sagði Carsten Fischer, einn yfirmanna Opera Software. Vefur Opera Software er www.opera.com, en hægt er að hlaða vafranum niður af miðlurum hér innanlands.

- óká



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**JÓN STEPHENSON VON TETZCHNER** Íslenskur forstjóri Opera Software er himinlifandi yfir viðtökunum við nýrri útgáfu vafra fyrirtækisins og sagðist í hugaræsingi á innanhúsfundi myndu synda til Ameríku ef niðurhal næði ákveðnum mörkum.

Áfylling á gaskúta:

# Olís ódýrast

**NEYTENDUR** Áfylling á venjulegan níu kílóa gaskút reyndist ódýrust hjá Olís við könnun blaðsins í gær. Þar kostar áfyllingin 2.743 krónur en bæði Skeljungur og Esso eru tæpum 200 krónum dýrari.

Olís er þannig ennþá með sama verð á hverri áfyllingu og var fyrir ári síðan en þá voru þeir einnig aðeins ódýrari en hin olíufélögin tvö. Esso býður áfyllingu á 2.995 og Skeljungur á 2.990 en verðið virðist vera misjafnt hjá Skeljungi, þar sem áfylling á stöð félagsins á Egilsstöðum kostaði 3.100 krónur um hádegisbil í gær.

- aöe

Háskólasamtökin Vaka:

# Tímabær úttekt

**MENNTAMÁL** „Úttektin sannar að Háskólinn hefur haldið afar vel á spilunum undanfarin ár þrátt fyrir að ýmsir hafi haldið öðru fram,“ segir Árni Helgason, oddviti Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta í Háskóla Íslands.



**ÁRNI HELGASON** Oddviti Vöku fagnar nýrri úttekt Ríkisendurskoðunar á fjármálum Háskólans.

Hann fagnar stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskólanum enda hafi samtök hans farið fram á að slík úttekt yrði gerð. Vaka hefur áður lagst gegn öllum hugmyndum um fjöldatakmarkanir eða upptöku skólagjalda en það eru tvö þeirra úrræða sem skólinn hefur til að vega upp á móti fjárskorti ár eftir ár og nefnd eru í úttekt Ríkisendurskoðanda

- aöe

## LAGANEMAR

**FRÆÐASJÓÐUR STOFNAÐUR** Fræðasjóður Úlfljóts, tímarits laganema, hefur verið stofnaður. Markmið sjóðsins er að efla fræðastarf og rannsóknarvinnu á sviði lögfræði. Árlega verður úthlutað 600 þúsund krónum úr sjóðnum og fer fyrsta úthlutun fram nú í vor en umsóknarfrestur rennur út 2. maí.

## STYRKIR

**35 MILLJÓNIR Í TÓNLIST** Menntamálaráðuneytið úthlutaði 35 milljónum króna í styrki til 35 tónlistarverkefna. Hæsti styrkurinn nemur 4,5 milljónum á ári í þrjú ár og rennur til Kammersveitar Reykjavíkur. Næsthæsti styrkurinn nemur fjórum milljónum á ári og rennur til Caput.

# Fjórtán hundruð á hverja bensínstöð

**Í Evrópu er talið skynsamlegt að 5.000 íbúar séu á hverja bensínstöð en á Íslandi eru þeir um 1.400. Á Vestfjörðum eru þó ekki nema tæplega 400 íbúar á hverja bensínstöð.**

**ELDSNEYTI** Þjónustustöðvum olíufélaganna hefur fjölgað nokkuð að undanförnu og nú er svo komið að það er ein bensínstöð fyrir hverja 1.418 Íslendinga.

Í vikunni opnaði Atlantsolía sjálfsafgreiðslustöð fyrir dísilolíu á Akranesi og segir Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri fyrirtækisins, að þetta marki upphaf útrásar þess á landsbyggðinni. Á landsbyggðinni eru þó mun færri íbúar á hverja bensínstöð en á höfuðborgarsvæðinu, ein þjónustustöð frá olíufélögunum fyrir hverja 719 íbúa. Vestfirðir eru sá landshluti þar sem markaðurinn er einna þéttast setinn en þar eru 385 íbúar um hverja stöð en á Vesturlandi eru þeir tæplega 600.

„Því fer fjarri að markaðurinn sé mettaður ef þjónustunni er komið fyrir á hagkvæman hátt,“ segir Hugi. Hann segir framgöngu Atlantsolíu vera fagnaðarefni fyrir neytendur. „Ef Atlantsolíu nyti ekki við væri verð á bensíni og dísilolíu um sex til átta krónum hærra og þetta er sparnaður fyrir þjóðfélagið upp á svona 600-800 milljónir króna,“ bætir hann við og segir frekari fjölgun stöðva vera í uppsiglingu.

Með opnuninni á Akranesi lýkur 40 ára sögu þar sem einungis þrjú félög kepptu sín á milli á Vesturlandi. Margrét Guðmundsdóttir markaðsstjóri Skeljungs segir að mönnum þar lítist bara vel á samkeppnina en engra sérstakra viðbragða væri að vænta af þeirra hálfu. „Þó fari nú ein dísildæla upp á Akranes þá kallar það kannski ekki á stór viðbrögð. En við fylgjumst vel með öllum breytingum á markaðnum,“ segir Margrét. Hún bendir á að víðast í Evrópu er talið skynsamlegt að það séu 5.000 íbúar á stöð, þótt víðsvegar væru þeir 10.000. Hún er því afar ósammála Huga og segir að íslenski markaðurinn sé mjög mettur. Hún segir fjölgun bensínstöðva hér á landi vera þróun sem sé á skjön við það sem gerist í nágrannalöndunum en í Danmörku hefur til dæmis verið í umræðunni á síðustu mánuðum að fækka þeim um fjögur hundruð.

jse@frettabladid.is



**ATLANTSOLÍA Á AKRANESI** Atlantsolía opnaði í vikunni sjálfsafgreiðslustöð á Akranesi og er þar með farin að keppa um hylli viðskiptavina á Vesturlandi, þar eru tæplega sex hundruð íbúar á hverja bensínstöð.

**ÍBÚAR Á HVERJA BENSÍNSTÖÐ**

| | |
|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 3350 |
| Landsbyggðin | 719 |
| Vesturland | 577 |
| Vestfirðir | 385 |
| Landið allt | 1418 |

**BENSÍNSTÖÐVAR EFTIR OLÍUFÉLÖGUM**

| | Höfuðborgarsvæðið | Landsbyggðin |
|---|---|---|
| Skeljungur | 16 | 30 |
| Olís/Ódýrt bensín | 19 | 5 |
| Esso | 17 | 70 |
| Atlantsolía | 3 | 1 |



**NÝBYGGING Á SELBREKKUSVÆÐINU** Samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir 50 til 60 íbúðum á svæðinu og styttist í að fleiri lóðir verði auglýstar.

Fljótsdalshérað:

# Lóðahappdrætti

**LÓÐIR** Alls bárust 182 umsóknir um átta nýjar íbúðalóðir á Selbrekkusvæðinu á Egilsstöðum. Lóðunum verður úthlutað á mánudaginn og samkvæmt úthlutunarreglum Fljótsdalshéraðs verður dregið úr nöfnum umsækjenda. Hver umsækjandi fær aðeins eina lóð en þær eru í efri hluta íbúðasvæðisins í Selbrekku og eru þetta fyrstu lóðirnar sem úthlutað verður þar.

- kk

Bjargað úr lífshættu:

# Börnin við góða heilsu

**SLYS** Börnin tvö sem féllu í sjóinn í Kolgrafafirði í fyrradag voru við góða líðan á Barnaspítalanum í gær og sagði Sigurður Kristjánsson barnalæknir að engin hætta væri á ferðum. Hann átti jafnvel von á að þau yrðu útskrifuð af sjúkrahúsinu í gær.

Börnunum tveimur var bjargað úr lífshættu í Kolgrafafirði í fyrradag. Þau voru þar við skeljatínslu með mæðrum sínum þegar þau féllu í sjóinn og bar út. Móðursystir þeirra óð út í og náði þeim en annað barnið var búið að missa meðvitund þegar því var bjargað.

- ghs

## BANDARÍKIN

**ELDSVOÐI Í ARKANSAS** Hræðilegt slys varð í Arkansas í fyrrinótt þegar 23 ára gömul kona brann inni í hjólhýsi ásamt fimm börnum. Það yngsta var aðeins átta mánaða gamalt. Ekki er vitað um eldsupptök en nágrannar sögðu að hjólhýsið hefði orðið alelda á augabragði eftir tvær sprengingar.

## INDLAND

**24 FARAST Í LESTARSLYSI** Farþegalest lenti í árekstri við kyrrstæða flutningalest í Gujarat-héraði á Indlandi með þeim afleiðingum að 24 létu lífið og 94 slösuðust. Lestarvagnarnir hrúguðust hverjir upp á aðra við áreksturinn og urðu björgunarsveitir að klippa hinna slösuðu úr flakinu.


Ókeypis hemla- og höggdeyfaskoðun fyrir



eigendur.

ASKJA býður Mercedes-Benz eigendum upp á ókeypis prófun á hemlabúnaði og höggdeyfum alla laugardaga í apríl og maí. Í nýjum og glæsilegum húsakynnum ÖSKJU er meðal annars fullkomin skoðunarstöð þar sem á skömmum tíma er hægt að meta ástand bifreiða. Þannig má bregðast fljótt við sé þörf á viðgerð eða viðhaldi.

**Tilboð á smurþjónustu og hemlaviðgerðum. Opið í dag frá kl. 9–13.**

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is


Fjölskylduhjálp Íslands:

# Steinar Waage gaf barnaskó

**GJÖF** Steinar Waage færði í gær Fjölskylduhjálp Íslands fjögur bretti af skóm og áætlar Ásgerður Jóna Flosadóttir hjá Fjölskylduhjálpinni að alls séu skópörin um 300.

„Þetta er ofsalega fín gjöf sem kemur til með að nýtast okkar skjólstæðingum mjög vel,“ segir Ásgerður Jóna, sæl og þakklát fyrir gjöfina. Við sama tækifæri færði Byko Fjölskylduhjálpinni hálft bretti af föndurvörum.

„Það er frábært að fyrirtækin hugsi til þessara félaga sem aðstoða fólk,“ segir Ásgerður Jóna en fjöldi fólks leitar aðstoðar hjá Fjölskylduhjálpinni í viku hverri.

- bþs



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÁNÆGÐAR** Starfskonur Fjölskylduhjálparinnar fögnuðu skógjöfinni í gær.



# Vorútsala

## Síðasta helgin!

### Sumardagar í Smárabíó 21.-24. apríl

Vegna opnunar vefsíðunnar **www.bio.is** býður Smárabíó **bíómiðann á einungis 400 kr.** alla helgina. Tilboðið gildir á **allar** myndir!

Af sama tilefni bjóða eftirtaldir veitingastaðir og kaffihús **frábær tilboð fyrir káta krakka**:

**ADESSO**
Kleinuhringur á 100 kr. Verð áður 180 kr.

**ASIAN EXPRESS**
Barnabox 450 kr. Hægt að velja um núðlur eða djúpsteiktar rækjur.

**ENERGIA BAR**
Energia barnamáltíð 550 kr. Skyr.is, banani, ristað brauð og Svali/mjólk.

**PIZZA HUT**
Í tilefni opnunar vefsíðunnar www.bio.is fá 200 fyrstu krakkarnir sem kaupa Barnamáltíð frímiða á mynd að eigin vali í Smárabíó*.
*Miðinn gildir í dag og á morgun.

**T.G.I. FRIDAY'S**
Íspinni fylgir öllum Barnamáltíðum.

**TILBOÐIN GILDA AÐEINS ÞESSA HELGI!**




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM15962



**MÓTMÆLT Í TÓGÓ**
Stjórnarandstæðingar í Tógó efndu til mótmæla á knattspyrnuvelli í höfuðborginni Lome. Þessi maður mætti með tákn stjórnarandstöðunnar, pálmablað á gulum grunni, málað á líkama sinn. Sumir fundarmenn voru vopnaðir sveðjum og bareflum.

KEA kaupir í Áspreti-Stíl:

# Vilja halda rekstrinum á Akureyri

**VIÐSKIPTI** Kaupfélag Eyfirðinga hefur keypt 70 prósenta hlut í Ásprenti-Stíl á Akureyri af Burðarási en Burðarás eignaðist hlutinn við sameiningu við fjárfestingarfélagið Kaldbak. Halldór Jóhannsson, fjárfestingastjóri KEA, segir tilganginn að tryggja að starfsemi fyrirtækisins haldist á Akureyri en hann vill ekki gefa upp kaupverðið. Halldór segir mikið umrót hafa verið á prentmarkaði að undanförnu en hann telur að fyrirtækið hafi burði til að vaxa og dafna.

Ásprent-Stíll er með fjölþætta starfsemi og rekur meðal annars eina af stærri prentsmiðjum landsins auk auglýsingastofu, skiltagerðar, verslunar með skrifstofuvörur og útgáfustarfsemi. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns, auk fjölda blaðburðarfólks, en áætluð velta félagsins á þessu ári er um 340 milljónir króna.

- kk



**HALLDÓR JÓHANNSSON**
„Það er ekki ætlun KEA að eiga svo stóran kjölfestuhlut í fyrirtækinu til langframa og við hugsum okkur að fá fleiri fjárfesta að félaginu," segir Halldór.

Þýskaland:

# Réttað á ný í máli mannætu

**ÞÝSKALAND, AP** Áfrýjunardómstóll í Karlsruhe í Þýskalandi úrskurðaði í gær að réttað skyldi á ný í máli Armin Meiwes, sem í fyrrahaust var dæmdur á lægra dómstigi fyrir að deyða og eta annan mann.

Með úrskurðinum er ætlunin að gefa saksóknurum tækifæri til að sjá til þess að maðurinn fái þyngri dóm, en hann var dæmdur til átta og hálfs árs fangelsisvistar fyrir manndráp. Hann auglýsti á netinu eftir manni sem væri til í að láta slátra sér og borða sig. Þar sem slá sem var etinn var sannanlega samþykkur verknaðinum var Meiwes ekki dæmdur fyrir morð. ■



**BROSANDI BÆJARFULLTRÚI**
Smári Geirsson var brosmildur þegar hann handlék borðann sem Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, klippti í sundur við opnunina.

Reyðarfjörður:

# Ný verslunarmiðstöð

**ÞENSLA** Ný skrifstofu- og verslunarmiðstöð, Molinn, var formlega tekin í notkun á Reyðarfirði í gær að viðstöddu fjölmenni. Byggingin er 2.500 fermetrar að stærð og í fyrstu verða þrjár verslanir með starfsemi í húsnæðinu; Krónan, Veiðiflugan og PEX tískuverslun. Fleiri fyrirtæki munu flytja starfsemi sína í húsnæðið á næstu vikum.

- kk

Skósprengjumaður:

# Þrettán ára dómur

**BRETLAND, AP** Dómstóll í Lundúnum dæmdi í gær Saajid Badat, breskan ríkisborgara af arabískum uppruna, til þrettán ára fangelsisvistar fyrir að hafa áformað að granda farþegaþotu með sprengiefni földu í skósólum sínum. Til refsimildunar taldist að hinn dæmdi hætti af sjálfsdáðum við að fremja hryðjuverkið.

Dómarinn sagðist vona að aðrir sem gældu við þá hugmynd að gerast hryðjuverkamenn tækju sér sinnaskipti Badats til fyrirmyndar. Badat játaði sig sekan um að hafa ásamt skósprengjumanninum Richard Reid lagt á ráðin um að reyna að granda tveimur farþegaþotum á leiðinni yfir Atlantshaf. Reid var dæmdur í ævilangt fangelsi í Bandaríkjunum. ■



**SNJÓMOKSTUR Á ÍSAFIRÐI**
Þótt afstaðinn vetur hafi verið frekar blíður gat hann verið snjóþungur og erilsamur fyrir Vegagerðina víða um land.

# Afstaðinn vetur fór öfganna á milli

**Snjóflóð, hafís, metkuldi og óvenjumikil hlýindi eru meðal þess sem Vetur konungur bauð upp á. Hálendisvegir verða líklega opnaðir fyrr en venjulega.**

**VEÐURFAR** Flestir viðmælendur Fréttablaðsins virðast sammála um að veturinn sem nú er að baki hafi verið tvískiptur og jafnvel farið öfganna á milli. Í nóvember gerði svo kalt í Reykjavík að frostið fór niður fyrir fimmtán gráður en slíkur kuldi hafði ekki mælst í nóvembermánuði í tuttugu og fjögur ár. Á Akureyri fór frost einnig niður í fimmtán stig. Sennilega gerði þó Vetur konungur mestan usla á Vestfjörðum. Þar snjóaði stanslaust yfir jólahátíðirnar en snjóskriðuhrina tók svo við í upphafi árs. Þar á meðal urðu hús í Hnífsdal undir skriðu.

Veturinn var annasamur hjá gatnamálayfirvöldum og Vegagerðinni víða um land. „Það voru smá tímabil sem voru til friðs en annars var þetta erfiður vetur og það þurfti mikið að salta," segir Guðbjartur Sigfússon, yfirverkfræðingur í rekstrardeild framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. Hann segir götur borgarinnar koma frekar illa undan vetri.

Jón Baldvin Jóhannesson, verkstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði, segir janúarbyrjun hafa verið erfiðan tíma fyrir vestan enda féllu þá margar snjóskriður en að því frátöldu hafi veturinn verið blíður.

Þegar á leið sýndi veturinn svo á sér mýkri og bjartari hliðar.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir að eftir rysjótta og kalda tíð hafi svo komið óvenjumikil hlýindi upp úr miðjum janúar með tilheyrandi vetrarhlákum. Svo hafi hlýindi með stöðugri suðvestanátt borið hafís til landsins í marsmánuði.

Þessi snemmbúnu hlýindi náðu svo hámarki á páskadag í Borgarfirði en þá fór hitinn upp fyrir sautján gráður.

Það er því gott útlit fyrir þá sem bíða spenntir eftir því að komast um hálendisvegina. Ef fram heldur sem horfir gæti Kjalvegur orðið fær seinnipart maímánuðar og Sprengisandsleið mánuði síðar, að sögn Björns Svavarssonar, eftirlitsmanns hjá Vegagerðinni. Ef svo fer verður það einni til tveimur vikum fyrr en venjulega.

jse@frettabladid.is

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Grilltíminn er byrjaður!!
Smjörkrydduð smálúða
Hvítlauksmarineraður Steinbítur
Keila í piparmarineringu
Humar nýr og flottur -allar stærðir
OPIÐ Í DAG 10-14.30

Tollayfirvöld á Seyðisfirði:

# Hald lagt á matvæli

**SMYGL** Tollayfirvöld á Seyðisfirði lögðu á þriðjudaginn hald á um tvö hundruð kíló af matvöru sem fundust í farangri nokkurra farþega sem komu til landsins með Norrænu. Allt árið í fyrra var lagt hald á um 1.700 kíló á matvöru og því var magnið sem nú var tekið af farþegunum óvenjumikið en aðeins 51 farþegi kom með ferjunni.

Jóhann Freyr Aðalsteinsson, tollvörður á Seyðisfirði, segir að nær öll málin séu afgreidd með sektargreiðslu á staðnum. „Að jafnaði eru ekki nema eitt til tvö tilfelli á ári þar sem viðkomandi fellst ekki á að ganga undir sátt. Lögreglan rannsakar þau mál og í kjölfarið er gefin út ákæra ef ástæða þykir til," segir Jóhann.

Algengast er að farþegar með Norrænu reyni að smygla matvöru, áfengi og sígarettum til landsins en í fyrra komu auk þess upp átta smávægileg fíkniefnamál.

- kk




**NORRÆNA**
Í fyrra tók tollgæslan á Seyðisfirði 106 sinnum ósoðið kjöt af farþegum ferjunnar við komuna til landsins.



50%
afsláttur
gotterí
sem gerir þér gott
50% afsláttur á snakkbar
alla laugardaga
á snakkbarnum færðu pistasíuhnetur, rúsínur, jógúrt cocorock,
ananashringi, rískökur, döðlur, cashewhnetur, jógúrthúðaðar
hnetur, chilihnetur og margt fleira
10-11
...þegar þér hentar

360 gráður

FBL–GREINING: HJÓNABÖND SAMKYNHNEIGÐRA

# Sambúð í stað hjónabands

Neðri deild spænska þingsins hefur samþykkt lagafrumvarp sem mun heimila samkynhneigðum að ganga í hjónaband og ættleiða börn. Búist er við því að efri deildin muni einnig samþykkja frumvarpið á næstunni. Spánverjar munu þá fylgja Belgum og Hollendingum í þessum efnum. Talsmaður Páfagarðs hefur gagnrýnt spænsk stjórnvöld og hvetur þau til að samþykkja ekki svo „vond lög“.

**En hvernig er þessu háttað hér á landi?**
Árið 1996 voru sett lög á Alþingi um staðfesta samvist en þau gáfu samkynhneigðum í sambúð sömu réttindi og hjónum ef frá eru talin réttindi til ættleiðingar og tæknifrjóvgunar. Sýslumaður eða löglærðir fulltrúar þeirra geta framkvæmt staðfestinguna en hún getur ekki farið fram í kirkjulegri vígslu.

**Hvernig tekur íslenska kirkjan þessari þróun?**
Að sögn Öddu Steinu Björnsdóttur, verkefnastjóra upplýsingamála hjá Biskupsstofu, eru skiptar skoðanir um þetta innan kirkjunnar. Kirkjan heimilar ekki hjónavígslu samkynhneigðra en miklar umræður eru um málið og nú síðast ræddi Prestafélag Íslands við Félag aðstandenda samkynhneigðra. Á þeim fundi var samþykkt ályktun um að endurskoða hjónavígsluritúalið svo það gæti gilt bæði fyrir samkynhneigða og gagnkynhneigða. Á vegum kirkjunnar starfa starfshópar sem skoða þessi mál.




**Ísland í samanburði við önnur lönd**
Árið 1989 heimiluðu dönsk stjórnvöld staðfestingu á samvist samkynhneigðra fyrst allra þjóða en hin Norðurlöndin voru mislengi að taka þessa heimild upp. Árið 2002 voru sett lög í Svíþjóð sem heimila samkynhneigðum að ættleiða börn og í Danmörku geta lesbíur nú farið í tæknifrjóvgun.

**SAMKYNHNEIGÐIR ÞRÝSTA Á AÐ FÁ RÉTTINDI TIL JAFNS VIÐ AÐRA**

**Hvar stendur málið nú?**
Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði boltann vera hjá kirkjuyfirvöldum. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformannsframbjóðandi hjá Samfylkingunni, er hlynntur algörum jöfnuði á stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra.



**FIMM LÖMB OG FIMM BÖRN** Jakob Ágúst Róbertsson, Katrín Sylvía Brynjarsdóttir, Agnar Daði Kristjánsson, Linda Elín Kjartansdóttir og Sölvi Reyr Magnússon komu í sveitina til að hjálpa afa og ömmu við sauðburðinn. Hundurinn heitir Kvistur.

# Fimmlembingar í Aðaldal

Ærin Þula í Norðurhlíð í Aðaldal bar í vikunni tveimur hrútum og þremur gimbrum og eru öll lömbin við ágæta heilsu. Þula er sex ára og hefur alls borið 21 lambi en af þeim hafa 16 komist á legg. Eitt vorið átti hún ekki nema tvö og lét sig þá ekki muna um að taka það þriðja í fóstur.

Ábúendur í Norðurhlíð eru Agnar Kristjánsson og Elín Kjartansdóttir.

- kk

HINSEGIN DAGAR Í REYKJAVÍK



HÓPFERÐ Á GAY PRIDE Í
SAN FRANCISCO

| Sjö nætur | 20. – 27. júní | 127.570 kr |
|---|---|---|
| Fjórar nætur | 23. – 27. júní | 112.570 kr |

Innifalið er flug og gisting (miðað við tvo í herbergi), leiðsögn Hrafnhildar Gunnarsdóttur og miði á besta stað til að fylgjast með gleðigöngunni.
Einstakt tækifæri til að fara á frægasta Gay Pride í heimi
Hinsegin dagar verða með vagn í göngunni og þú getur verið með



Aðeins bókanlegt á heimasíðu Hinsegin daga, www.this.is/gaypride
Takmarkað sætaframboð til 9. maí
Bókaðu núna



**SJÓMENN AÐ STÖRFUM Í TOGARA** „Mér sýnist ákjósanlegt að fara að dæmi Færeyinga og veiða sem mest á króka. Stórútgerðir ættu að flytja fiskveiðarnar frá stórum botnvörpuskipum yfir á línuveiðara, sjálfum sér og þorskinum til hagsbóta þegar til framtíðar er litið,“ segir Jónas.

# Hætta á úrkynjun með stórfiskaveiði

**Smáþorskar komast frekar af en þeir stóru að öllu óbreyttu. Auknar krókaveiðar á kostnað botnvörpuveiða gætu komið þorsknum til bjargar.**



**FRÉTTAVIÐTAL**
ÁSTAND ÞORSKINS

**JÓHANN HAUKSSON**
BLAÐAMAÐUR

Doktor Jónas Bjarnason efnaverkfræðingur hefur um nokkurra ára skeið helgað fiskifræðinni starfskrafta sína og hallast æ meir að kenningum um hneigð til úrkynjunar í fiskistofnum. Hann bendir meðal annars á margar rannsóknir sem sýna þessa tilhneigingu. „Þetta er flókið mál. Grundvallaratriði er að sá fiskur sem verður allt of snemma kynþroska er oft horaður og ræður varla við að mynda hrogn og koma þeim frá sér. Þessi fiskur deyr síðan og finnst ekki í gögnum. Hann hefur samt sem áður komið afkomendum frá sér. Þegar að því kemur að átta ára þorskur hefur hrygningu, líkt og áður var títt, mætir hann þúsundum afkomenda þeirrar hrygnu sem hrygndi fyrst fjögurra ára gömul. Það má enginn við margnum. Menn sjá þetta vandamál ekki skýrt og það er venjulega miklu alvarlegra og meira en menn grunar. Í aðdraganda að hruni þorskstofna víða í Norður-Atlantshafi hafa menn tekið eftir því að lítill, horaður en kynþroska fiskur verður áberandi. Þetta hafa vísindamenn séð í Maine-flóa í Bandaríkjunum, í Kanada, Norðursjó og víðar. Það leikur enginn vafi á því í mínum huga að hér er um úrkynjun að ræða.“



**JÓNAS BJARNASON**

Jónas segir að fyrir aðeins fjórum árum hafi ábendingar um þetta þótt sérviska og afskiptasemi af hálfu Hafrannsóknastofnunarinnar. „Nú hafa menn viðurkennt að það sé nauðsynlegt að rannsaka þetta í fullri alvöru. Menn takast á um það hversu alvarlegur vandinn sé en enginn deilir um það lengur að hann sé fyrir hendi.“

**Rangar áherslur í veiðiskap**
Jónas segir engan vafa leika á því að vandinn sé til kominn vegna veiða eða veiðiaðferða sem notaðar eru til að ná stærstu fiskunum úr sjónum. „Þegar mögulegir stórfiskar eru veiddir upp á smáfiskastigi með netveiðarfærum eins og dragnót og trolli er hleypt í gegnum möskvana smáfiskum sem fyrr verða kynþroska. Jafnaldrar þeirra sem stærri eru lenda í netinu og eru veiddir upp. Það hefur verið sannað með tilraunum að ekki þurfti nema fjórar kynslóðir til að sjá umtalsverðar neikvæðar breytingar. Kynþroskaaldurinn lækkar. Þetta er viðbragð náttúrunnar við álagi sem meðal annars felst í því sem ég kalla rangveiði en ekki ofveiði.“

En hvað skyldi Jónas halda um þá kenningu að lítill og ræfilslegur þorskur sé fyrst og fremst til marks um fæðuskort í hafinu og við þær aðstæður beri einfaldlega að veiða fisk sem drepst hvort eð er? Þetta er til að mynda skoðun Jóns Kristjánssonar fiskifræðings. „Þetta er flókið,“ segir Jónas. „Ef takast mætti að velja út þann fisk sem aldrei verður stór hvort eð er mætti vel hugsa sér að beita þessari aðferð. Hann á eftir að drepast eftir hrygningu eða í hrygningu og er engum til gagns. Vandinn er bara sá að innan um þennan smáfisk eru jafnstórir fiskar sem verða mjög stórir vegna erfðaeiginleika sinna og ættu að verða foreldrar til framtíðar.“

**Ekki aðeins fæðuskortur**
„Menn hafa ekki leyst þennan vanda,“ segir Jónas. „Mín skoðun er sú að leyfa ætti miklu meiri krókaveiðar. Tilviljun ræður því hverjir bíta á önglana og eins líklegt að það komi vel ættuðum þorskum til góða sem við viljum vernda. Hvers vegna þetta hangir svona saman er flókið mál. Fiskur sem verður mjög snemma kynþroska gengur í fyrsta lagi mjög nærri sér líffræðilega. Mjög mikil orka fer í sjálfan kynþroskann og undirbúning hrygningar. Hold hans verður rýrt því hann ræður illa við að mynda hrognin. Í öðru lagi má segja að fiskur sem er farinn að taka þessum breytingum ruglist í ríminu. Hann fer út af ætisslóð og leitar upp að landi á

**NIÐURSTÖÐUR ÚR NOKKRUM SAMFELLDUM RANNSÓKNUM Á ÞRÓUN KYNÞROSKAALDURS**

| Fisktegund | Hópur eða undirstofn | Tímabil | Lækkandi aldur og kynþroski | Tilvísanir |
|---|---|---|---|---|
| ÞORSKUR | NA-Atlantshaf | 1932-1938 | Já | Heino o.fl. 2002 |
| | Georgsbanki | 1970-1998 | Já | Barot o.fl. 2004 |
| | Maine-flói | 1970-1998 | Já | Barot o.fl. 2004 |
| | Labrador Nýfundnaland | 1981-2002 | Já | Olsen o.fl 2004 |
| | Syðri Miklibanki | 1971-2002 | Já | Olsen o.fl. í vinnslu |
| | St. Pierres banki | 1972-2002 | Já | Olsen o.fl. í vinnslu |
| SKARKOLI | Norðursjór | 1957-2001 | Já | Grift o.fl. 2003 |
| SKRÁPLÚRA | Labrador Nýfundnaland | 1977-1999 | Já | Barot o.fl. 2004 |

Formaður siðfræðiráðs Læknafélagsins:

# Sjúklingurinn ákveður sjálfur

Fólk hér á landi hefur ríkan rétt til að ákveða hvers konar læknismeðferð það fær og hversu langt er gengið í meðferðinni. Ef sjúklingurinn getur ekki ákveðið það sjálfur ráðgast læknar við nánustu ættingja.

Deila hefur risið í Bretlandi um hvernig læknisaðstoð skuli veita hálfs árs gamalli fárveikri stúlku. Læknar telja réttast að lífga hana ekki við ef hún andast en foreldrarnir vilja reyna allt til að halda henni á lífi.

Um þrennt er að ræða. Full meðferð þýðir að allt er gert, líka endurlífgun. Full meðferð að endurlífgun þýðir að allt er gert til að bjarga lífi fólks nema endurlífgun. Líknandi meðferð felur í sér að dregið er úr óþægindum og verkjum sjúklinga með öllum mögulegum ráðum þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða, til dæmis krabbamein, en ekki gripið inn í.

Sjúklingar fá fulla meðferð ef annað er ekki tekið fram.

„Hjá okkur er yfirleitt alltaf umræða um þessi mál eftir því sem tilefni gefast til sem er æði oft. Í heildina séð hef ég ekki orðið var við annað en að læknar og samstarfsfólk þeirra séu sáttir við þessar verklagsreglur," segir Jón G. Snædal, formaður siðfræðiráðs Læknafélagsins. -ghs



**JÓN G. SNÆDAL** Sjúklingar hér á landi hafa ríkan rétt til að ákveða sjálfir hversu langt er gengið í læknismeðferð eða til að bjarga lífi þeirra.

Nýtt netfang páfa:

# benedictxvi @vatican.va

Páfagarður hefur nú ákveðið að láta æðsta mann kirkjunnar fá netfang svo guðhræddir menn geti sent páfanum bænir eða létt á hjarta sínu. Netfangið er benedictxvi@vatican.va.

Um leið og nafn hins nýja páfa spurðist út tryggði fjöldi fólks sér lén og vefslóðir með ýmsum útgáfum af nafninu. Á uppboðsvefnum eBay býður Kanadamaður vefslóðina PopeBenedictXVI.com til sölu. Jóhannes Páll II var fyrsti páfinn til að taka netið í sína þjónustu. Síðustu daga hans hér á jörðu bárust honum tugir þúsunda bréfa. ■

vetri eða vori. Þetta eru nánast ruglaðar hrygningargöngur. Í þriðja lagi er mikið vafamál að þessi fiskur nái góðum holdum þó svo að hann hafi nóg æti. Tilraunir benda til þessa. En þetta er ekki einfalt og fleiri skýringar þurfa að koma til. Kanadamenn merktu fisk í stórum stíl og komust að því að náttúruleg dánartala reyndist mjög há. Þetta sést aðeins með merkingum en ekki í togararalli. Afar mikilvægt atriði í þessu er að fiskurinn er ekki endilega rýr vegna fæðuskorts heldur vegna þess að hann er að safna hrognum. Hann er rýr vegna þess að líffræðilega er hann nú stilltur inn á að verða kynþroska á aldursskeiði sem hann ræður illa við."

**Tengja á úthlutun kvóta við tiltekin veiðarfæri**

Jónas Bjarnason hefur vakið athygli á því að ástand þorsksins við Færeyjar sé betra en hér við land. Á sama tíma og kynþroskinn verði sífellt fyrr hjá þorski við Íslandsstrendur standi aldurskynþroskinn í stað eða hækki jafnvel aðeins við Færeyjar. „Skýringarnar í mínum huga eru þær að langstærsti hluti ýsu- og þorskaflans við Færeyjar er veiddur á króka. Milli 75 og 85 prósent aflans eru tekin þar með krókum. Sennilega er innan við þriðjungur þorskaflans veiddur á króka hér við land. Afgangurinn er veiddur með öðrum veiðarfærum. En Færeyingar hafa gert meira. Þeir hafa vísað togurum og öðrum botnvörpuskipum í tiltekin hólf fjær landi. Þar taka menn karfa, ufsa og flatfisk í meiri mæli. En aðalatriðið er að menn veiða á króka. Einnig binda Færeyingar veiðarnar við tiltekna daga en ekki kvóta. Menn koma með allan afla í land og menn sjá dag hvern hvert ástand fisksins er. Þetta er eins og veiðarnar séu eitt allsherjar rall."

**Línuveiðara í stað botnvörpuskipa**

Hafi Jónas Bjarnason rétt fyrir sér má færa rök fyrir því að fiskveiðistjórnunin hér við land sé ekki á réttri braut. „Mér sýnist ákjósanlegt að fara að dæmi Færeyinga og veiða sem mest á króka. Stórútgerðir ættu að flytja fiskveiðarnar frá stórum botnvörpuskipum yfir á línuveiðara, sjálfum sér og þorskinum til hagsbóta þegar til framtíðar er litið. Þrjú hundruð tonna línuveiðarar eru mjög fullkomin skip. Svo virðist sem þau veiði ekki minna en aðrar gerðir fiskiskipa. Þetta er hugsanlega leið til að snúa sig út úr þessum vanda. Sennilega er um eða innan við tugur slíkra skipa hér á landi en þau eru nálægt tuttugu í Færeyjum. Brýnt er að viðurkenna þennan vanda í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það er ekki hægt að hafa fullkomið frelsi til veiðiaðferða um leið og úthlutað er veiðiréttindum. Með öðrum orðum þarf að afnema algert frelsi útgerðarmanna til að beita þeim veiðarfærum sem þeir vilja. Tilskilja verður veiðiréttindi við veiðarfæri. Og ekki nóg með það. Eins líklegt er að beita verði hliðstæðum reglum varðandi mismunandi veiðislóðir eða hafsvæði. Þannig getum við ef til vill bjargað þorskinum frá þeim hættum sem að honum steðja." ■



„Fyrir nokkru gaf ég systursyni mínum skírnargjöf; lagði 5.000 krónur inn á sparireikning á hans nafni. Um leið varð mér undarleg staðreynd ljós. Ég átti sjálfur engan sparireikning.

Nú spara ég reglulega.“

ÁSKRIFT AÐ SPARIBRÉFUM LANDSBANKANS
EYDDU Í SPARNAÐ

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Að sjá hlutina í öðru samhengi leiðir oft til jákvæðra breytinga á hugarfari okkar og jafnvel högum. Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða hafðu samband í síma 410 4000.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**



# skoðun

SJÓNARMIÐ

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR
OG SIGURJÓN M. EGILSSON

Frá upphafi útgáfu Fréttablaðsins hefur það vaxið og dafnað og leitt af sér aðra fjölmiðla.

## Fréttablaðið í fjögur ár

Í upphafi höfðu fáir trú á að Fréttablaðið ætti sér framtíð. Þrátt fyrir bölsýni og hrakspár er blaðið fjögurra ára í dag. Vissulega átti Fréttablaðið og starfsmenn þess erfiða bernsku. Fyrri útgefanda skorti það sem þarf til að treysta grunn öflugs fyrirtækis. Þess vegna fór svo að svörtustu hrakspár rættust. Fréttablaðið varð gjaldþrota rúmu ári eftir að það hóf göngu sína. Aðrir eigendur og sterkari komu að rekstri blaðsins og síðan hefur leiðin legið upp á við.

**„Án lesenda er ekkert blað og áfram munum við vinna í þeim anda að vera heiðarlegt og vandað blað til að endurgjalda lesendum þann trúnað sem þeir hafa sýnt Fréttablaðinu.**

Við vorum ekki mörg sem komum saman í gömlu verksmiðjuhúsi í þeim tilgangi að brjóta í blað í íslenskri fjölmiðlasögu með útgáfu nýs dagsblaðs – og ekki venjulegs blaðs – heldur blaðs sem ætlað var að dreifa ókeypis til tugþúsunda heimila. Vinnan var strax skemmtileg og viðtökur lesenda oftast aðrar en bölsýnisspárnar sem hæst fóru. Nú fjórum árum síðar eru nokkuð margir af fyrsta hópnum enn starfandi á Fréttablaðinu. Það fólk hefur þurft að ganga grýtta leið en gleðilega. Árangurinn af þeirri göngu birtist daglega flestum landsmönnum.

Fréttablaðið hefur frá upphafi haft að leiðarljósi að vera vandað, hófsamt og sanngjarnt fréttablað. En Fréttablaðið er ekki lengur bara fréttablað. Í upphafi var blaðið tuttugu og fjórar síður fimm daga vikunnar. Nú er blaðið gefið út alla daga og síðurnar eru á milli fjögur og fimm hundruð í hverri viku, þá er Birta ekki talin með. Það er margt fleira en hefðbundnar fréttir á öllum þessum síðum. Alla daga fylgir blaðinu blaðaukinn Allt, en þar er fjallað um flest það sem lýtur að daglegu lífi fólks. Nýverið hóf Fréttablaðið að gefa út Markaðinn, sem er vandað sérblað um viðskipti og kemur út einu sinni í viku. Auk þess koma út í viku hverri eitt eða fleiri sérblöð um hin ýmsu mál. Um tvö ár eru frá því að Fréttablaðið hóf útgáfu á tímaritinu Birtu – sem nú er víðlesnasta tímarit landsins.

Aðkoma Fréttablaðsins að Talstöðinni er nýjasta viðbótin. Frá og með mánudeginum annast Fréttablaðið morgunþátt Talstöðvarinnar, Morgunútvarpið, sem er viðbót við Hádegisútvarpið sem blaðið hefur haft umsjón með frá upphafi Talstöðvarinnar. Auk þess sér ritstjórn Birtu um vikulegan þátt.

Þegar litið er um öxl má brosa út í annað að erfiðleikunum í upphafi en miklu fremur er ástæða til að gleðjast yfir öllum þeim sigrum, stórum sem smáum, sem unnist hafa vegna þess hversu góðar móttökur blaðið hefur hlotið hjá lesendum í fjögur ár. Án lesenda er ekkert blað og áfram munum við vinna í þeim anda, að vera heiðarlegt og vandað blað til að endurgjalda lesendum þann trúnað sem þeir hafa sýnt Fréttablaðinu. ■

Guggu ráð:
*Nú er rétti tíminn fyrir*
Casoron
Heldur trjábeðum og gangstigum lausum við illgresi

GARÐHEIMAR
ALLT Í GARÐINN
60 ÁRA REYNSLA
Stekkjarbakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is
HUGTÖK

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Davíð reiður Morgunblaðinu

Davíð Oddsson utanríkisráðherra hefur ekki enn fyrirgefið Agnesi Bragadóttur og Morgunblaðinu fyrir að hafa birt frétt á forsíðu blaðsins um símasöluna. Þar kom fram að Halldór og Davíð hefðu „handsalað“ samkomulag um sölufyrirkomulagið. Davíð sagði á blaðamannafundi í gær, sem haldinn var af tilefni tíu ára afmæli ríkisstjórnarinnar, að fréttin væri helber uppspuni. Hann og Halldór hefðu aldrei handsalað neitt samkomulag.



### Skemmtilegar eldhúsumræður

Þrír helstu stuðningsmenn og ráðgjafar Össurar Skarphéðinssonar í formannsslagnum í Samfylkingunni; Mörður Árnason, Óskar Guðmundsson og Einar Karl Haraldsson, forðast eflaust að ræða formannskjörið á heimilum sínum. Umræðuefnið er vafalaust eldfimt því þannig vill til að eiginkonur þeirra allra eru stuðningsmenn keppinautarins, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Kristín Ólafsdóttir, eiginkona Óskars, og Steinunn Jóhannsdóttir, eiginkona Einars Karls, hafa ekki lýst yfir stuðningi sínum opinberlega, en eru engu að síður sagðar vera einarðir stuðningsmenn Ingibjargar Sólrúnar.

### Lýðræðissinnuð kvenréttindakona

Linda Vilhjálmsdóttir, eiginkona Marðar, hefur birt opinbera stuðningsyfirlýsingu við Ingibjörgu Sólrúnu á kosningavef hennar. Þar segist hún styðja Ingibjörgu vegna þess að hún sé kvenréttindakona, lýðræðissinnuð, jafnaðarmaður og baráttukona og henni sé „treystandi til að meðhöndla vald af auðmýkt og virðingu“. Reyndar er það skiljanlegt að Linda styðji Ingibjörgu því sama er hve Össur reyndi mikið, og er honum nú margt til lista lagt, hann gæti aldrei orðið lýðræðissinnuð kvenréttindakona.

sda@frettabladid.is

# Tímaskekkja

Í DAG
LÖG UM RÍKISÚTVARPIÐ

ÓLAFUR HANNIBALSSON



Frumvarp það um ríkisútvarpið, sem menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur nýlega lagt fram á alþingi, er ótrúleg tímaskekkja.

Ríkisútvarpið hafði haft einkarétt á ljósvakamiðlun allt frá stofnun þess 1930. Þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls með lögum frá alþingi 1985 var gert ráð fyrir að endurskoðun á lögum um ríkisútvarpið færi fram ekki síðar en þremur árum seinna, eða 1988. Það eru því komin 17 ár fram yfir þann tíma, sem þá var ætlaður til endurskoðunar laga um rekstur ríkisútvarpsins. Það er því vissulega tími til kominn að endurskoða hlutverk ríkisútvarps á frjálsum fjölmiðlamarkaði. Hins vegar vill svo til, að sú nefnd, sem skipuð var í upphafi þings, eftir hrakfarir fjölmiðlafrumvarps forsætisráðherra síðastliðið sumar, hefur nú skilað áliti, það álit er komið til meðferðar þingsins, og ráð fyrir því gert að frumvarp byggt á niðurstöðum þess verði lagt fyrir þingið að hausti. Það er því eðlilegt og rökrétt að afgreiðslu þessa frumvarps verði frestað til haustsins og þingið ræði lagasetningu um fjölmiðlamarkaðinn sem heild, en ekki í bútum. Raunar er ríkisútvarpið svo snar þáttur í fjölmiðlaneti landsmanna, að það væri beinlínis óeðlilegt að ræða það ekki sem hluta af því, og jafnóeðlilegt að alþingi ræði ekki fjölmiðlamarkaðinn í heild sinni og setji um hann lög. Eftir 17 ára vanrækslu á því að endurskoða lög um ríkisútvarp, getur varla skipt sköpum, þótt það frestist enn um nokkra mánuði.

Það hefur lengi verið vitað, að aðildarflokkar ríkisstjórnarinnar hafa ólíkar skoðanir á útvarpsrekstri ríkisins. Framsóknarflokkurinn hefur helst viljað halda honum í sem næst óbreyttu formi. Innan Sjálfstæðisflokksins hafa hins vegar verið skiptar skoðanir. Hávær hópur manna hefur aðhyllst þá skoðun, að forsendur séu brostnar fyrir almennum afnotagjöldum, eftir að einokunaraðstaða ríkisútvarpsins hefur verið afnumin. Stór hópur hefur einnig dregið í efa að rás 2 sé rekin í harðri samkeppni við einkamiðla og

**„Öflugt ríkisútvarp er driffjöður fyrir öflugt og vandað útvarp á vegum annarra, kemur af stað ákveðinni gæðahringrás.**

krafist þess að hún verði „seld“ eða hreinlega lögð niður. Einnig hafa komið fram raddir meðal sjálfstæðismanna um að tími sé kominn til að háeffa ríkisútvarpið, jafnvel með það fyrir augum að einkavæða það síðar. Þetta síðasttalda er þó eitur í beinum framsóknarmanna. Því hafa flokkarnir nú sæst á að esseffa það! Gera það að sameignarfélagi, þótt enginn sé meðeigandinn, menntamálaráðherra skal fara með eignarhlutinn og tilnefna fimm menn í stjórn þess, sem alþingi hefur þegar kosið, á aðalfundi sem haldinn skal í lok maímánaðar ár hvert. Þessi stjórn á ekki að hafa afskipti af dagskrárstefnu eða mannaráðningum, öðrum en ráðningu útvarpsstjóra, sem þannig verður ráðinn af pólitískum meirihluta framvegis sem hingað til.

Með þessu verða starfsmennirnir ekki lengur ríkisstarfsmenn, og fyrirtækinu er ætlað að starfa með líkum hætti og keppinautarnir á markaðnum. Vissulega þarfnast þessi tilhögun ítarlegrar umræðu og því ekki rétt að hespa afgreiðslu frumvarpsins af í vor.

Gert er ráð fyrir að afnotagjöldin verði afnumin en í þeirra stað komi nefskattur, sem innheimtur verði með sama hætti og önnur opinber gjöld. Við þetta á að sparast 80 milljóna króna innheimtukostnaður afnotagjaldanna og á sú upphæð því að bætast við tekjur útvarpsins. Að öðru leyti er stefnt að því að breyttir tekjustofnar gefi sama eða svipað af sér og núverandi fyrirkomulag.

Ákafar umræður um þetta hafa farið fram í mörgum löndum, t.d. núna síðast í Bretlandi í sambandi við framlengingu útvarpsleyfis BBC um 10 ár í viðbót. Þar komust menn að þeirri niðurstöðu að afnotagjöldin væru þrátt fyrir allt sanngjarnasta aðferðin til að halda úti þjóðarútvarpi – menn greiði fyrir það að ríkið hefur byggt upp dreifikerfi, sem nær til allra, hvort sem menn svo kjósa að nýta sér það eða ekki. Yfir 20 lönd innheimta afnotagjöld og í meirihluta þeirra eru þau aðaltekjustofn ríkisútvarps. Sum þessara landa leyfa auglýsingar að vissu marki í ríkisfjölmiðlum, en í öðrum eru engar auglýsingar leyfðar.

Það sem er þó aðalgallinn við frumvarp menntamálaráðherra er að þar er menningarhlutverk ríkisútvarpsins hvergi skilgreint, hvað þá að gerð sé kostnaðaráætlun um hvað það megi kosta að rækja það. Er það ásættanlegt að íslenskt dagskrárefni sjónvarps ríkisins verði fátæklegra með hverju árinu samtímis því sem það er í harðri samkeppni við einkamiðla um kaup og flutning á erlendu afþreyingarefni? Er rétt að íslenskur ríkismiðill heyi harða samkeppni við einkastöðvar um auglýsingar?

Það sem einkum réttlætir það að ríkið standi áfram í fjölmiðlarekstri á ljósvakanum, eftir að einkaleyfi þess hefur verið afnumið, er það að öflugt ríkisútvarp er driffjöður fyrir öflugt og vandað útvarp á vegum annarra, kemur af stað ákveðinni gæðahringrás. Til þess þarf það þó að vera fjárhagslega öflugt og geta skipulagt dagskrárefni sitt mörg ár fram í tímann, ekki einungis með framleiðslu eigin efnis heldur með samningum við sjálfstæða framleiðendur eða kaupum á efni þeirra. Þetta er stærra mál en svo að skynsamlegt geti talist að hespa því af á nokkrum síðustu dögum þingsins. Því er best að það bíði haustsins og alþingi afgreiði þá lög, sem ná yfir fjölmiðlamarkaðinn í heild. ■



LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þormundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Vaxtalaus verðsprengja



## Verandarhitari

- Vandaður gashitari sem stenst alla staðla
- Auðveldur í notkun og samsetningu
- Gengur fyrir venjulegum gaskút

Hitasvæði: allt að 18 m²
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hæð: 225 cm
Hitari: Ryðfrítt stál
Hæsta stilling: 13 Kw

**TILBOÐ 2.857* kr á mánuði í 7 mánuði**
Verð 19.999,-
verð áður 24.999,-

## Verandarhitari

- Vandaður gashitari sem stenst alla staðla
- Auðveldur í notkun og samsetningu
- Gengur fyrir venjulegum gaskút

Hitasvæði: allt að 9 m²
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hæð: 220 cm
Hitari: Ryðfrítt stál
Hæsta stilling: 7 Kw

**TILBOÐ 2.142* kr á mánuði í 7 mánuði**
Verð 14.994,-
verð áður 19.999,-

STERLING

## Sterling 1104

- Brennari: 7.0kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 2710cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

**2.980* kr á mánuði í 5 mánuði**
Staðgreitt 14.900
Verð áður 22.900

STERLING



**TILBOÐ 4.499* kr á mánuði í 12 mánuði**
Verð 53.988,-
verð áður 59.900,-

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

## Sterling 2588

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

STERLING



**TILBOÐ 2.855* kr á mánuði í 7 mánuði**
Verð 19.985,-
verð áður 24.900,-

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

## Sterling 1714

- Brennari: 8,8kW H-brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3742cm²
- Grind: Porselínhúðaðar jángrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



**TILBOÐ 2.499* kr á mánuði í 4 mánuði**
Verð 9.996,-
verð áður 19.999,-

## Grillino Champ grill

- Grillflötur: 48 x 30 cm
- Grind: Krómuð
- Kveikja: Neistakveikja
- Brennari: Breiður I-brennari
- Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu
- Hliðarborð úr viði
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Gildir til 25. apríl eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




**MAÐUR VIKUNNAR**

# Jarðbundinn og stendur á sínu

**KARL WERNERSSON, STÆRSTI EIGANDI SJÓVÁR**

Karl Wernersson er maður vikunnar. Félag í eigu hans og tveggja systkina hans keypti tvo þriðju í Sjóvá af Íslandsbanka. Milestone, félag í eigu systkinanna, er einnig næststærsti hluthafinn í Íslandsbanka. Með kaupunum á Sjóvá er Karl kominn í hóp öflugustu fjárfesta og stóreignamanna í íslensku viðskiptalífi.

Karl er fæddur árið 1962, sonur hjónanna Werners Rasmussen og Önnu Karlsdóttur, og er í miðjunni í fimm systkina hópi. Fjölskyldan átti og rak Ingólfsapótek og var Werner auk þess atkvæðamikill athafnamaður og fjárfestir. Á margan hátt má segja að Werner hafi verið á undan samtíð sinni í viðskiptahugsun og hafi verið líkari í hugsun þeim sem nú fara um völl viðskiptanna en þeim sem þá réðu ríkjum. Hann var ódeigur við að reyna nýja hluti og sumt gekk vel, en annað miður eins og gengur.

Eitt verkefna fjölskyldunnar sem gekk illa var Örtölvutækni sem Karl stjórnaði um tíma. Er það mál þeirra sem þekkja til Karls að hann hafi tekið rekstrarerfiðleika fyrirtækisins nærri sér. Hann er því hertur í eldi reynslunnar þegar hann nú hefur komið sér í hóp öflugustu kaupsýslumanna landsins.

Þótt fjölskyldan hafi alla tíð verið vel stæð hefur uppgangurinn verið gríðarlegur síðustu árin. Karl er að sögn þeirra sem þekkja til ekki silfurskeiðardrengur og vann eins og margir jafnaldrar hans almenna verkamannavinnu á sumrin. Þar þótti hann duglegur til vinnu og þykir enn.

Fjölskyldan átti stóran hlut í lyfjafyrirtækinu Delta og var Karl lykilmaður í því að sameina fyrirtækið Pharmaco, eða Actavis eins og það heitir nú, sem laut stjórn Björgólfsfeðga. Eftir sameininguna margfaldaðist verðmæti eignarhlutarins og þá eignamyndun nýtti Karl sér til þess að eignast stóran hlut í Íslandsbanka. Sú fjárfesting hefur skilað honum góðum hagnaði.



TEIKNING: HELGI SIG. – HUGVERKA.IS

Þar sem hann hafði verið í viðskiptum með Björgólfsfeðgum reiknuðu margir með að kaup hans í Íslandsbanka væru hluti af ásókn Landsbankans í Íslandsbanka. Það kom því mörgum á óvart þegar það skýrðist smátt og smátt að Karl væri á eigin vegum í fjárfestingunni og hygðist beita sér þar á eigin forsendum. Síðan þá hefur skýrst skref fyrir skref að Karl tekur frumkvæði sem stór eigandi í bankanum og styður þar núverandi forstjóra og meirihluta í bankaráðinu. Þeir sem til þekkja segja samstarf Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, og Karls mjög gott, þótt þar fari talsvert ólíkir menn.

Karl þykir nokkuð dulur og gefur sig lítið upp. Hann þykir öflugur rekstrarmaður og hefur sýnt upp á síðkastið að hann kann ýmislegt fyrir sér í leikfléttum viðskiptalífsins. Undanfarin ár hefur hann byggt upp og rekið lyfsölukeðjuna Lyf og heilsu og reynslan af smásölu mun eflaust nýtast honum vel í því verkefni að reka vátryggingafélagið Sjóvá.

Karl er í viðskiptum sagður standa fast á sínu og er ekki mikið fyrir að fara eins og köttur í kringum heitan graut. Þeir sem hafa unnið með honum segja hann snöggan að greina kjarnann frá hisminu og einbeita sér síðan að kjarnanum og láta annað ekki trufla sig. Hann þykir mjög jarðbundinn og lætur smáatriði lítið trufla sig við ákvarðanir í rekstri fyrirtækja sinna. Hann þykir geta verið harður í horn að taka og ófeiminn við að skapa sér óvinsældir með ákvörðunum sem hann telur þurfa að taka.

Í fjárfestingum sínum þykir Karl hafa verið djarfur og óhræddur við að taka áhættu. Fram til þessa hafa fjárfestingarnar skilað góðum árangri og komið honum í hóp lykilmanna í íslensku viðskiptalífi. ■

# Fjársvelti Háskólans staðfest

**UMRÆÐAN**
RÍKISENDURSKOÐUN OG HÍ



**EVA BJARNADÓTTIR,**
FORMAÐUR RÖSKVU

Háskóli Íslands þarf aukna fjármuni til þess að standa undir ört stækkandi nemendahópi. Ríkisendurskoðun staðfesti þá staðreynd í nýlegri stjórnsýsluúttekt en þetta hefur lengi legið ljóst fyrir meðal stúdenta og starfsfólks Háskólans.

Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands, telur nauðsynlegt að staða Háskólans verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í kjölfar úttektarinnar. Nauðsynlegt er að bregðast fljótt og vel við til þess að koma í veg fyrir að fjárskorturinn bitni á gæðum þeirrar menntunar sem Háskóli Íslands veitir. Jafnrétti til náms, án tillits til efnahags eða annara aðstæðna, er algjört grundvallaratriði.

Skólagjöld munu án nokkurs vafa skerða slíkt jafnrétti og telur Röskva því rétt að auknir fjármunir til Háskólans komi úr ríkissjóði. Það er líka staðreynd að Íslendingar verja hlutfallslega minna fé til háskólastigsins en nágrannaþjóðir okkar. Allir þeir háskólar sem Ríkisendurskoðun bar saman við Háskóla Íslands hafa hærri tekjur á hvern nemanda, utan eins í Króatíu. Samanburðarskólarnir hafa margir tvöfalt eða allt að þrefalt fjármagn með hverjum nemanda miðað við Háskóla Íslands. Eins og Röskva hefur ítrekað bent á og kemur einnig fram í skýrslunni hefur Háskóli Íslands ekki fengið greitt fyrir alla nemendur sem þar hafa stundað nám síðustu árin og eru nemendur sem ekki fæst greitt fyrir nú um fimmhundruð talsins. Slíkt er að sjálfsögðu óásættanlegt og afar mikilvægt að leiðrétt verði sem allra fyrst.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru fjöldatakmarkanir og niðurfelling námsgreina nefndar sem mögulegar aðgerðir. Þeim hafnar Röskva með öllu, enda ljóst að það myndi hafa í för með sér að færri lykju háskólanámi á Íslandi og að námið yrði einsleitara. Í ljósi þess að hlutfall háskólamenntaðra á Íslandi er undir meðaltali OECD væri slíkt afar óæskileg þróun. Það er mat Röskvu að öflugur háskóli sem stendur öllum opinn hafi ómetanleg áhrif á þjóðfélagið allt. Það er því hagur okkar allra að standa við bakið á Háskólanum og gæta þess að hann sé í stakk búinn til þess að veita bestu menntun sem möguleg er. Háskóli Íslands hefur sýnt að hann er fullfær um vera í fremstu röð. Það verður hann hins vegar ekki að sjálfu sér. ■

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.077 **+1,13%**

**Fjöldi viðskipta:** 233
**Velta:** 3.557 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | 2,56% | **Þormóður Rammi** | -16,88% |
| **Íslandsbanki** | 2,29% | **Össur** | -1,18% |
| **KB banki** | 1,30% | **Actavis** | -0,49% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,50 -0,49% ... Atorka 6,15 – ... Bakkavör 33,00 +0,92% ... Burðarás 14,10 – ... FL Group 14,50 +0,69% ... Flaga 5,50 – ... Íslandsbanki 13,40 +2,29% ... KB banki 547,00 +1,30% ... Kögun 62,60 – ... Landsbankinn 16,00 +2,56% ... Marel 55,60 – ... Og fjarskipti 4,00 +0,50% ... Samherji 12,05 – ... Straumur 11,85 +0,42% ... Össur 84,00 -1,18%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Sérbýli hækkar meira en fjölbýli

Fasteignaverð hækkar um 2,4 prósent í mars.

Fasteignaverð er enn að hækka samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins. Í mars hækkaði vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu um 2,4 prósent milli mánaða. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitalan hækkað um 13 prósent en um 32,2 prósent á einu ári. Það þýðir að húsnæði sem kostaði 20 milljónir fyrir ári hefur hækkað um tæpar 6,5 milljónir króna.

Dregið hefur úr verðhækkunum samanborið við síðustu mánuði og leita þarf aftur til októbermánaðar til að finna minni hækkun vísitölunnar. Fasteignasalar segja að eignir staldri lengur við í sölu en áður.

Fróðlegt er að bera saman hækkun fjölbýlis og sérbýlis. Fjölbýli hækkaði um 1,8 prósent milli mars og febrúar en sérbýli um 4,5 prósent á sama tímabili. Fyrir síðustu tólf mánuði er hækkunin tæp 30 prósent í fjölbýli en 37 prósent fyrir sérbýli. - eþa

**SEX MÁNAÐA HÆKKUN FASTEIGNAVERÐS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

| Mánuður | Prósentuhækkun |
|---|---|
| Október | 1,3 prósent |
| Nóvember | 3,8 prósent |
| Desember | 2,5 prósent |
| Janúar | 5,1 prósent |
| Febrúar | 5,0 prósent |
| Mars | 2,4 prósent |



**ENN HÆKKAR FASTEIGNAVERÐ** Vísitala fasteignaverðs fyrir íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,4 prósent í mars. Sérbýli hækkaði langtum meira en fjölbýli samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríksins.



**FROSINN FISKUR** Á leið til útlanda.

# Lögbanni hafnað

Lögbanni var hafnað á fyrrum starfsmann Iceland Seafood International af Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Dómurinn taldi ekki tilefni til lögbanns vegna þess að enginn gögn lágu fyrir um að fyrrverandi starfsmaðurinn starfaði eða hygðist starfa hjá Seafood Union, samkeppnisaðila Iceland Seafood International.

Fyrirtækið krafðist þess að lögbann yrði sett á að fyrrverandi starfsmaður þess færi að vinna hjá Seafood Union. Í janúar samþykkti Sýslumaðurinn í Reykjavík lögbannskröfu á fjóra af fimm fyrrum starfsmenn Iceland Seafood International sem höfðu sagt upp störfum hjá fyrirtækinu og stofnað Seafood Union.

Deilur spruttu upp á milli Iceland Seafood og nokkurra fyrrverandi starfsmanna þegar nýtt fyrirtæki í samkeppni við Iceland Seafood var stofnað. - dh

# Betri rekstur hjá Nýherja

Nýherji hagnaðist um 26 milljónir á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við 18 milljóna króna tap á sama tíma árið 2004. Rekstrartekjur hækkuðu um 16 prósent milli ára og var svipuð aukning í vörusölu og þjónustu. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 41 milljón króna á fyrsta ársfjórðungi en var fimm milljónir árið áður. Gengishagnaður nam 12 milljónum samanborið við sjö milljóna króna gengistap sama tímabil árið áður. - dh

# Singer hækkar

Breskir fjölmiðlar halda áfram að velta því fyrir sér hvað KB banki muni þurfa að greiða fyrir 80 prósenta hlut annarra hluthafa í Singer & Friedlander (S&F) og þrálátur orðrómur er um að verðið verði um 345-350 pens á hlut. Gengi S&F hefur verið um 315 pens að undanförnu. KB banki yrði því að borga um 10 prósenta álag á núverandi markaðsverð. - eþa

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





*Nýir vinir í heimasíma og til útlanda gilda fyrir Frelsisnotendur ef þeir fylla á rafrænt og eru með 500 kr. Frelsisáskrift með kreditkorti. Afsláttur til Frelsisnotenda í GSM- og heimasímavini miðast við 60 mínútur eða SMS á dag.

**Til að njóta þeirra kjara sem Internetþjónustan býður upp á þarftu að hafa GSM númer hjá Símanum.

800 7000 - **siminn.is**

# Þú getur valið allt þetta hjá Símanum

**Síminn hefur á boðstólum allt sem þú þarft til að vera í góðu sambandi og þú hefur frelsi til að velja þá þjónustu sem þér hentar.**

**Þitt er valið**

## GSM*

- Veldu þér vin með **GSM síma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð. Núverandi Símavinir gilda ef þú hefur þegar skráð þig.
- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með heimasíma í einu af þeim **30 löndum** sem við höfum mest samskipti við og talaðu við hann í **120 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.

## HEIMASÍMI

- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1000 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með **GSM síma** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.
- Veldu þér vin með heimasíma eða GSM í **útlöndum** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.

## INTERNET**

Veldu þér leið:

- Leið 1
  Þú færð **ADSL 1000** með **1 GB niðurhali** og einu netfangi á **3.990 kr.** á mánuði.
- Leið 2
  Þú færð **ADSL 2000** með **3 GB niðurhali** og þremur netföngum á **4.990 kr.** á mánuði.
- Leið 3
  Þú færð **ADSL 6000** með **ótakmörkuðu niðurhali**, öryggispakka og fimm netföngum á **5.790 kr.** á mánuði.

## MEIRA

- Viðskipavinir Internetþjónustu Símans geta spilað einn **nýjan tölvuleik** í hverjum mánuði á siminn.is. Þessi þjónusta er innifalin.
- Viðskiptavinum Símans bjóðast mánaðarlega **betri kjör og sértilboð** sem birtast í fréttabréfinu Síminn til þín.
  Allar nánari upplýsingar á siminn.is/frettabref

**Ofangreindir afslættir taka gildi 1. maí 2005.**

Kynntu þér málin á siminn.is, í næstu verslun Símans eða í síma 800 7000.

Við hjálpum þér að láta það gerast

**Síminn**

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Í öllu fjasinu um meinta spillingu og gjafir varla minnast þessir kappar á Sjálfstæðisflokkinn.“*
***Hjálmar Árnason á heimasíðu sinni 21. apríl.***

*„Ber strák sem verður ástfanginn af stelpu sem situr á Alþingi, að leggja fram fjárhagslegar upplýsingar um sjálfan sig, kjósi þau að rugla saman reytum sínum?“*
***Einar K. Guðfinnsson á heimasíðu sinni 22. apríl.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Úr bakherberginu...

### Davíð ætli að hætta

Þær sögur heyrast nú innan úr utanríkisráðuneytinu að mikil uppstokkun sé í vændum í ríkisstjórninni og jafnframt utanríkisþjónustunni. Því er haldið fram að yfirmaður ráðuneytisins, Davíð Oddsson utanríkisráðherra, ætli sér að hætta sem ráðherra í haust og jafnframt hætta afskiptum af stjórnmálum. Í hans stað muni koma Geir H. Haarde fjármálaráðherra, sem þá sé jafnframt líklegur til að taka við af Davíð sem formaður flokksins.



### Uppstokkun í vændum

Sögunni fylgir þó ekki hver muni taka við af Geir í fjármálaráðuneytinu. Spekúlasjónir eru þó uppi um að ef til vill muni Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra færast yfir í fjármálaráðuneytið. Þá losnar um ráðherrastól í sjávarútvegsráðuneytinu en enginn hefur verið nefndur öðrum fremur sem líklegur til að verma það sæti. Hins vegar hefur ríkisstjórnin, þá sérstaklega framsóknarmenn, gefið upp boltann með það að algjör uppstokkun verði á stjórnsýslunni á þessu kjörtímabili; ráðuneyti sameinuð og þeim fækkað.



### Björn verði sendiherra

Innan úr utanríkisráðuneytinu heyrist það einnig að Björn Bjarnason sé að hætta í stjórnmálum og á leið til útlanda sem sendiherra. Þorsteinn Pálsson er á leið heim frá Kaupmannahöfn, en ekki er talið víst að Björn taki við af honum, því allsherjaruppstokkun sé einnig í vændum í utanríkisþjónustunni.

Lengi hefur verið um það talað að Bjarni Benediktsson eigi von á skjótum frama innan flokksins og þótti hann standa sig vel í erfiðri stöðu formanns allsherjarnefndar í fjölmiðlamálinu. Því hefur hann verið nefndur sem væntanlegur arftaki Björns frænda síns í dómsmálaráðuneytinu enda menntaður að lögum, sem þykir víst hjálpa til á þeim bænum.

## VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

# Hrossakaup um eftirlaunamál?



Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur átt góða viku. Líklega þá bestu frá því að hann tók við forsætisráðuneytinu.

Hann lýsti því yfir á Alþingi fyrr í vikunni að þingflokkurinn hefði ákveðið að birta opinberlega upplýsingar um fjárhag og eignir þingmanna. Að auki lýsti Halldór því yfir að hann hygðist stofna nefnd um fjármál stjórnmálaflokka. Enn fremur lofaði Halldór að birta á næstunni skýrslu fjárfestingarbankans Morgan Stanley, sem hefur veitt ríkisstjórninni ráðgjöf varðandi sölu Símans, en leynd hefur hvílt yfir.

Allt skal upp á borðið. Allt skal gert opinbert.

Þá hefur komið í ljós að Halldór er staðráðinn í að standa við orð sín á Alþingi frá því í janúar um að afnema ákvæði laga um eftirlaun þingmanna og ráðherra sem gerir fyrrverandi þingmönnum og ráðherrum kleift að þiggja eftirlaun um leið og laun frá ríkinu fyrir önnur störf. Davíð Oddsson lýsti því hins vegar yfir í fréttum í gær að ekki stæði til að breyta lögum um eftirlaun.

Báðir eru þeir þekktir fyrir eftirfylgni og á því eftir að koma í ljós hver hefur betur í þessari deilu. Þótt Halldór hafi ósjaldan verið uppnefndur „skugginn hans Davíðs“ sýndi hann og sannaði að þegar í óefni var komið í fjölmiðlamálinu svokallaða gat hann bakkað og knúið fram vilja sinn – og flokksins – þegar á reyndi og jafnvel beygt harðasta stál.

Það er ljóst að vörn Davíðs verður erfiðari en sókn Halldórs. Allir stjórnmálaflokkar að undanskildum Sjálfstæðisflokki hafa lýst yfir vilja til að breyta eftirlaunalögunum og hefur Halldór því víðtækan pólitískan stuðning við áform sín. Að auki – sem er jafnvel enn mikilvægara þegar tekist er á um pólitísk hitamál – hefur Halldór almenning á sínu bandi.

En Davíð er ekki þekktur fyrir að segja neitt opinberlega að ógrunduðu máli. Því má spyrja – hvaða tilgangi þjónaði yfirlýsing hans í gær? Var hún vel úthugsaður leikur í valdatafli foringjanna? Var Davíð að lýsa andstöðu sinni við áform Halldórs í því skyni að ná betri samningsstöðu í öðrum málum sem þeir eiga eftir að útkljá? Hyggst hann „bakka“ með eftirlaunafrumvarpið í staðinn fyrir eitthvað annað? Stefnir í enn ein hrossakaupin formannanna á milli?

Það á eftir að koma í ljós.



**RÍKISSTJÓRN SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS OG FRAMSÓKNARFLOKKSINS 23. APRÍL 1995 Aftari röð frá vinstri:** Friðrik Sophusson fjármálaráðherra, Finnur Ingólfsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Guðmundur Bjarnason, landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra, og Halldór Blöndal samgönguráðherra. **Fremri röð frá vinstri:** Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Páll Pétursson félagsmálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, sjávarútvegsráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra, Davíð Oddsson forsætisráðherra og ráðherra Hagstofu Íslands, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

# Ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks 10 ára

**Ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á tíu ára afmæli í dag. Aðeins viðreisnarstjórnin svokallaða, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sat lengur en hún starfaði í tólf ár. Ef núverandi ríkisstjórn starfar til loka kjörtímabilsins mun hún slá það met.**

Í dag eru 10 ár liðin frá því að ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hófst. Einungis einu sinni áður hefur ríkisstjórnarsamstarf varað lengur, en það var viðreisnarstjórnin svokallaða, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem starfaði á árunum 1959 til 1971.

Ef gert er ráð fyrir því að ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks vari fram yfir næstu alþingiskosningar 2007 mun ríkisstjórnin hafa verið við völd fjórum mánuðum lengur en viðreisnarstjórnin, og þar með slá nýtt met.

### Fjörutíu þingsæti

Í alþingiskosningunum 1995 hélt þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks minnsta mögulega meirihluta og baðst þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, lausnar og gekk til ríkisstjórnarsamstarfs við Framsóknarflokkinn. Nýja ríkisstjórnin hafði fjörutíu þingsæti á bak við sig en Framsóknarflokkurinn hafði unnið nokkurn sigur í kosningunum, bætt við sig tveimur þingsætum og náð 15 kjörnum þingmönnum.

Fráfarandi ríkisstjórnarflokkar, Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur, fengu 32 þingsæti samtals og hefði hver þingmaður því í raun verið í oddastöðu í öllum málum.

### Tíu ráðherrar

Í ríkisstjórninni sem mynduð var fyrir tíu árum áttu sæti Davíð Oddsson, forsætisráðherra og ráðherra Hagstofu Íslands, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Páll Pétursson félagsmálaráðherra, Halldór Blöndal samgönguráðherra, Friðrik Sophusson fjármálaráðherra, Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, sjávarútvegsráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra, og Finnur Ingólfsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

### 22 ráðherrar á tímabilinu

Alls hafa tólf ráðherrar Sjálfstæðisflokksins og tíu ráðherrar Framsóknarflokksins setið í ríkisstjórn á síðustu tíu árum. Auk þeirra sem að ofan eru talin eru það Árni M. Mathiesen, Geir H. Haarde, Sturla Böðvarsson, Sólveig Pétursdóttir, Tómas Ingi Olrich, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Anna Þórðardóttir úr Sjálfstæðisflokki og Guðni Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir og Árni Magnússon úr Framsóknarflokki.

Þrír ráðherrar hafa setið í ríkisstjórn öll tíu árin; þeir Davíð, Halldór og Björn.

### Tvennar þingkosningar

Ríkisstjórnin hefur farið í gegnum tvennar alþingiskosningar á áratugnum og haldið meirihluta í þeim báðum. Árið 1999 töpuðu flokkarnir samtals tveimur þingmönnum frá því í kosningunum fjórum árum áður og fengu því 38 þingmenn. Framsóknarflokkur fékk 12 þingmenn kjörna og Sjálfstæðisflokkur 26.

Í kosningunum 2003 tapaði Sjálfstæðisflokkurinn fjórum þingsætum en fjöldi framsóknarþingsæta stóð í stað. Ríkisstjórnarflokkarnir héldu því meirihluta með 34 þingmenn kjörna.

### Ekki í fyrsta sinn

Samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í ríkisstjórn nú er ekki hið fyrsta því flokkarnir hafa tvisvar áður starfað saman í tveggja flokka stjórn. Í fyrsta skipti var það á árunum 1932 til 1934 undir forsæti Ásgeirs Ásgeirssonar. Því næst störfuðu flokkarnir saman í ríkisstjórn á árunum 1950 til 1956. Formenn beggja flokkanna, Ólafur Thors og Hermann Jónasson, gegndu ráðherraembættum í ríkisstjórninni sem samanstóð af sex ráðherrum, þremur í hvorum flokki, og höfðu flokkarnir 36 þingsæti af 52.

sda@frettabladid.is

Barcelona
í maí
frá kr. 24.090

Barcelona er einstök perla sem íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta vorsins í þessari einstöku borg á frábærum kjörum. Beint flug. Fjölbreyttir gistivalkostir í boði í hjarta Barcelona.

Verð kr. 24.090
Flugsæti með sköttum, 20. maí. Netverð

Beint flug
13. maí - uppselt
20. maí - nokkur sæti laus
27. maí - nokkur sæti laus

Flug og gisting frá kr.
49.990 í 5 daga
M.v. 2 í herbergi á Hotel Atlantis, 20. maí. Netverð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is


Opel. Þýski gæðingurinn.
Zafira
VERTU
MEMM
Opel Zafira er á stærð við venjulegan skutbíl en tekur 7 manns í sæti. Hann er kjörinn fyrir stórar fjölskyldur, ótrúlega rúmgóður en jafnframt einstaklega snúningalipur og skemmtilegur í akstri. Og þú mátt fá hann lánaðan í 3 daga! Taktu hann, fylltu hann af fólki, sjáðu hvernig sætin birtast og hverfa með einu handtaki og leyfðu þér að kynnast honum virkilega vel. Svo skaltu skila honum - nema fjölskyldan heimti að eiga hann alltaf!
Listaverð frá 2.320.000,-
3ja daga reynsluakstur: Kostar ekkert.
www.opel.is
Nánari upplýsingar um Opel hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.opel.is
Skráning í síma 525 8005
eða á millionmiles@ih.is
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00



**WILLIAM WORDSWORTH** (1770-1850) lést á þessum degi.

*„Golf er orkufrekt iðjuleysi.“*

***William Wordsworth er eitt frægasta skáld Bretlands fyrr og síðar. Hann lék stundum golf með mönnum á borð við Sir Walter Scott og Sir George Beaumont.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Shakespeare fæðist og deyr*

Þennan dag árið 1564 fæddist William Shakespeare. Reyndar er ekki vitað með vissu hvenær Shakespeare fæddist en samkvæmt kirkjubókum var hann skírður 26. apríl og venjan var að börn væru skírð á þriðja degi eftir fæðingu. Þó að Shakespeare sé eitt þekktasta skáld fyrr og síðar er fátt vitað um ævi hans nema það sem verður ráðið af opinberum skjölum. Hann var ekki af aðalsættum, heldur sonur sútara og innheimtumanns að nafni John Shakespeare. Þegar William var átján ára kvæntist hann konu að nafni Anne Hathaway, sem var átta árum eldri og með barni þegar þau gengu í hjónaband. Hálfu ári síðar fæddist þeim dóttirin Súsanna. Árið 1585 eignuðust þau tvíburana Hamnet og Judith. Ekkert er vitað um ævi Shakespeares frá fæðingu tvíburanna fyrr en hann birtist í leikhússenunni í Lundúnum á síðasta áratug 16. aldar. Eftir að hafa gefið út nokkur ljóð og leikrit, meðal annars Skassið tamið, gekk hann til liðs við leikhóp sem kallaði sig Menn konungs. Shakespeare bæði lék og samdi fyrir hópinn sem varð brátt sá besti á Englandi og færði höfundinum talsverð auðæfi. Hann starfaði með hópnum þar til hann settist í helgan stein aðeins 49 ára gamall.



**WILLIAM SHAKESPEARE**

Shakespeare eru eignuð 38 leikverk og fjöldi ljóða. Hann lést á sama degi og talið er að hann hafi fæðst, 23. apríl árið 1616, ekki nema 52 ára gamall. Eiginkona hans lést sjö árum síðar.

## MERKISATBURÐIR

**1014** Víkingar myrða Brján Írlandskonung.

**1121** Jón Ögmundsson helgi fyrsti biskup á Hólum deyr.

**1925** Fyrsta ljóðabók Tómasar Guðmundssonar, *Við sundin blá*, kemur út.

**1951** Útvarpsþátturinn Óskalög sjúklinga hefur göngu sína.

**1984** Alnæmisveiran er uppgötvuð.

**1995** Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir forsæti Davíðs Oddssonar tekur við völdum.

**1997** Páll Skúlason kjörinn rektor Háskóla Íslands.

**2001** Fréttablaðið kemur út í fyrsta sinn.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1547** Miguel de Cervantes skáld.



**1899** Vladimir Nabokov skáld.



**1902** Halldór Laxness skáld.



**1936** Roy Orbison tónlistarmaður.




†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Oddný Hansína Runólfsdóttir**

er lést á hjúkrunarheimilinu Vífilstöðum fimmtudaginn 14. apríl verður jarðsungin frá Fella- og hólakirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.00.

**Friðrik Jósepsson, Kristín Árdal,**
**Oddný og María.**



†

*Innilegt þakklæti til allra sem heiðruðu minningu*

**Erlendar Sigmundssonar**

og sýndu okkur vináttu og samúð við fráfall hans. Starfsfólki Hrafnistu í Reykjavík er þökkuð einstök alúð og umönnun.

**Margrét Erlendsdóttir** — **Helgi Hafliðason**
**Álfhildur Erlendsdóttir** — **Eymundur Þór Runólfsson**
**og fjölskyldur**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, afi og langafi*

**Hjörtur Magnús Guðmundsson**

Löngubrekku 47, Kópavogi,

sem lést 18.apríl síðastliðinn verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Sunnuhlíðar.

Fyrir hönd aðstandenda

**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**
**Karl Hjartarson** — **Ragnheiður Hrefna Gunnarsdóttir**
**Ásdís Emilía Björgvinsdóttir**
**Lilja Hjartardóttir**
**Sigrún Hjartardóttir**
**Guðmundur Hjartarson** — **Þórhalla Jónsdóttir**
**Stefanía Hjartardóttir** — **Helgi Hrafnsson**
**Gunnhildur Hjartardóttir**
**Ingibjörg Hjartardóttir**
**Skarphéðinn Þór Hjartarson** — **Guðrún Sigríður Loftsdóttir**
**Elsa Unnur Guðmundsdóttir**
**Bragi Kr. Guðmundsson** — **Margrét Hauksdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**


TÍMAMÓT: NÝR RITSTJÓRI HESTATÍMARITSINS EIÐFAXA

# Hestabaktería á háu stigi

Jón Finnur Hansson er nýtekinn við sem ritstjóri hestatímaritsins Eiðfaxa sem Jónas Kristjánsson hefur ritstýrt um tveggja ára skeið. Jónas hefur snúið sér að ritstjórn DV.

Jón Finnur hefur sjálfur starfað hjá Eiðfaxa í tvö ár sem ritstjórnarfulltrúi og aðstoðarmaður ritstjóra. „Ég hef ágæta þekkingu á rekstri blaðsins sem og víðtæka þekkingu og reynslu í hestaheiminum sem ráðunautur, kynbótadómari, gæðingadómari og er með hestabakteríu á háu stigi,“ segir Jón Finnur, sem telur að fáir komist í fótspor Jónasar.

Jón Finnur segir að blaðið fjalli um allt sem viðkemur hestamennsku og hestamönnum. „Allt frá líkamsrækt reiðmanna til hormónastarfsemi hryssna.“ Hann segist ekki vita með vissu hvort stórvægilegar breytingar verði á blaðinu en vissulega verði alltaf áherslubreytingar með nýjum mönnum. Meiningin sé að blaðið verði áfram fagtímarit en hafi skemmtilegar greinar í bland.

Starfið leggst vel í Jón Finn og segir hann það bæði skemmtilegt og ögrandi. Einungis tveir blaðamenn standa að blaðinu sem stendur og á Eiðfaxa vinna fjórir í allt. Þá koma að blaðinu þýðendur, prófarkalesarar og lausablaðamenn. „Við erum fá sem stöndum að Eiðfaxa og þurfum að vinna mjög vel saman,“ segir Jón Finnur sem telur þó að fjölga muni í starfsliði á næstunni.

„Eiðfaxi er í góðum málum eins og hann er og þarf á engri byltingu að halda heldur þarf að hlúa að honum áfram,“ segir Jón Finnur. ■



**JÓN FINNUR HANSSON** Tekur við ritstjórn Eiðfaxa af Jónasi Kristjánssyni.

## ANDLÁT

**Oddgeir Jóhannsson**, Aðalgötu 5, Keflavík, lést þriðjudaginn 19. apríl.

**Sigríður Níelsdóttir**, áður til heimilis að Fellsmúla 7, Reykjavík, lést fimmtudaginn 21. apríl.

## JARÐARFARIR

10.30 **Gunnlaugur Ólafsson**, Litlagerði 19, Vestmannaeyjum, verður jarðsungin frá Landakirkju, Vestmannaeyjum.

13.00 **Erna María Guðmundsdóttir**, Fannafold 245, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

14.00 **Kristín Þórðardóttir**, frá Melgraseyri, Jökulgrunni 11, verður jarðsungin frá Melgraseyrarkirkju.

14.00 **Davíð Jóhannes Helgason**, Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum, verður jarðsunginn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.

14.00 **Oliver Kristjánsson**, Vallholti 3, Ólafsvík, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju.

14.00 **Guðfinna Axelsdóttir**, Ytri-Neslöndum, Mývatnssveit, verður jarðsungin frá Reykjahlíðarkirkju.

14.00 **Dagbjartur Hansson**, Hauganesi, Árskógsströnd, verður jarðsunginn frá Stærra-Árskógskirkju.

## AFMÆLI



**Hilmar Örn Hilmarsson**, allsherjargoði og tónlistarmaður, er 47 ára.



**Haraldur Jónsson** myndlistarmaður er 44 ára.



**Þröstur Leó Gunnarsson** leikari er 44 ára.



**Magnús Ver Magnússon** kraftakarl er 42 ára.



**Halla Margrét Árnadóttir** söngkona er 41 árs.



**Sigurlín Margrét Sigurðardóttir**, varaþingmaður Frjálslynda flokksins, er 41 árs.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

# Vaxtalaus verðsprengja

## í Hagkaupum Smáralind og Akureyri

### *Hágæða örþunn sjónvarpstæki*

**United 27" LCD Sjónvarp með mótakara**

- 27" LCD Skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan
- Skerpa:500:1
- Birta: 500 cd/m2
- Sjónsvið: 170°
- 2x7w SRS Surround Hljóðkerfi með 2 Hátölurum
- 2 Scart tengi, Component (YPbPr) og DVI tengi
- Tölvutengi
- AV og Heyrnartólstengi að framan
- Mynd í mynd (2 Tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd): 81x44,5x11




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **8.332**kr*
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 99.984,-
Verð áður 149.990,-




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **12.499**kr*
á mán. í 24 mánuði
Verð nú 299.976,-
Verð áður 379.990,-

**JVC 32“ LCD sjónvarp**

32" LCD Breiðtjaldssjónvarp með D.I.S.T Myndtækni • Super DigiPure og Digital Comb Filter Upplausn: 1280x768 punktar • Styður HDTV (1125 línu upplausn) • Fullkomnar Litstýringar (Gamma Curve og Dynamic Black Level) • Fullkomið Textavarp með 1500 síðna minni • Tvískiptur skjá möguleiki (Mynd og Mynd/Textavarp) • Mynd í Mynd (1 Móttakari) • 20w RMS, BBE Nicam Stereó hljóðkerfi 3D Sound með Active Hyper Bass • 2 Scart tengi, Component (Y, Pb, Pr) og SVHS tengi RCA og Heynartólstengi • Svefnrofi og Barnalæsing • T-V Link • Borðstandur fylgir • Stærð (bxhxd): 83,3x56,9x9,7 cm




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **9.999**kr*
á mán. í 20 mánuði
Verð nú 199.980,-
Verð áður 249.990,-

**United 42" Plasma Sjónvarp með móttakara**

• 42" HD Plasma Skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með Skerpu 1000:1 • Birta: 640 cd/m2 • Progressive Scan • 2x10w Nicam Stereó Hljóðkerfi með 2 Hátölurum • Sjónsvið: 160° • 2 Scart tengi, DVI og PC Tölvutengi • Mynd í Mynd (2 Tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.) • Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)



**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **2.899**kr*
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 34.788,-
Verð áður 39.990,-

**Philips LX3900**
**Ultra Slim Heimabíósett með DVD Spilara**

600w (5x45w+75w RMS) Digital Magnari • Fjölkerfa DVD Spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4 og DivX 3.11/4.x/5.x • Spilar Super Audio CD, CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG 5 Hátalarar og Bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM Útvarp með RDS og stöðvaminnum • Scart, SVHS og RCA tengi • Coax og Line In • Fjarstýring



**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **3.999**kr*
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 47.988,-
Verð áður 54.990,-

**Philips LX3950**
**Ultra Slim Heimabíósett með DVD Spilara og þráðlausum bakhátölurum**

600w (5x45w+75w RMS) Digital Magnari • Fjölkerfa DVD Spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4 og DivX 3.11/4.x/5.x • Spilar Super Audio CD, CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • 5 Hátalarar og Bassabox • Þráðlaus tenging á milli tækis og bakhátalara • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM Útvarp með RDS og stöðvaminnum • Scart, SVHS og RCA tengi Coax og Line In • Fjarstýring

Gildir á meðan birgðir endast.
***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer **800 6680**
sími **568 2255**




# SKEMMTILEGRA



# HJÓLUM

**SUMARGJÖF BYKO TIL ÞÍN!**
Óvæntur sumarglaðningur fylgir hverju nýju hjóli á laugardag og sunnudag.



15.900

# 12" REIÐHJÓL



7.900

Vnr.49620217-8

**Reiðhjól**
12" reiðhjól, stelpu- og strákahjól með hjálparadekkjum, fótbremsu og keðjuhlíf.

**50% afsláttur**
af reiðhjólahjálmum ef keypt er nýtt reiðhjól hjá BYKO!



# SUMAR Í BYKO!



12.900
14.900

**Gasgrill** Vnr.50633300
OUTBACK gasgrill, OMEGA 200. Stærð: 55x36 cm grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborðum, neistakveikju, þrýstijafnara og grillsteinum.



29.900

**Gasgrill** Vnr.50632301
OUTBACK GASGRILL TROOPER: 48x50 cm grillflötur með tvískiptum brennara, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni, neistakveikja, hitamælir, efri grind, þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð.

*hafðu það gott*

BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR

# Tómt vesen að vera fyndinn

Sviðið er autt, en í djúpum leðursófum við súrrealískt taflborð sitja tveir af mestu grínurum lýðveldisins, Laddi og Sveppi. Báðir meitlaðir svipmóti leiklistargrímanna. Laddi alvarlegur eins og útfararstjóri. Sveppi blaðskellandi eins og erkitýpa grínsins. Báðir blessaðir örlátum vöggugjöfum grínguðsins. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* tók þá Ladda og Sveppa tali áður en þeir stigu aftur á svið.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**GRÍNISTAR AF GUÐS NÁÐ** Væntumþykja og aðdáun landsmanna á þessum tveimur húmoristum er takmarkalaus, enda hafa báðir verið rausnarlegir á hlátursgasið, hver með sínum hætti. Laddi er maður margra karaktera, á meðan Sveppi leikur engan nema sjálfan sig undir nafni. Saman stíga þessir hláturvaldar á svið í fjölskylduleikritinu Kalla á þakinu, og uppskera þúsund hlátursköst að launum.

**Þórdís:** Laddi, hvað finnst þér fyndið við Sveppa?
**Laddi:** Mér finnst allt fyndið við Sveppa.
**Sveppi:** Eyrun? Hárið? Bumban?
**Laddi:** Allt saman. Sveppi hefur oft fengið mig til að skella upp úr og konan mín er æðislega hrifin af honum. Mér skilst að pabbi Sveppa komi til að sjá mig, en konan kemur örugglega til að sjá Sveppa.
**Þórdís:** Hvað eigið þið sameiginlegt sem skemmtikraftar?
**Laddi:** Að vera báðir aldir upp í sjónvarpi og vera hvorugur menntaðir leikarar. Ég sat reyndar einn kúrs í háskóla Los Angeles-borgar og var tekinn inn í leikarafélagið eftir það, því UCLA er svo flott nafn. Annars getur enginn orðið leikari nema að hafa til þess hæfileika og það er fullt af útlærðum sem geta ekkert leikið. Ég nefni engin nöfn.
**Sveppi:** Ég sótti nú tvisvar um í Leiklistarskólann án þess að komast inn, ég varð alveg brjálaður í bæði skiptin.
**Laddi:** Iss, ég hugsa að ég hefði ekki heldur komist inn. Við erum of miklir grínarar. Það má ekki grínast svona mikið.
**Sveppi:** Við Laddi vitum þó best að það er miklu erfiðara að grínast en leika drama.
**Laddi:** Maður fær strax í hausinn ef manni tekst illa upp og er umsvifalaust púaður niður, meðan í drama heyrast engin viðbrögð úr salnum.
**Sveppi:** Eitt sinn þótt óæðra að vera gamanleikari en þetta hefur skánað í seinni tíð. Menn líta ekki lengur á grínistann sem trúð og gera sér grein fyrir að farsi er strembin leiklist.

### Sjarmerandi strákapör

**Þórdís:** Laddi, hvern þinna karaktera þykir þér vænst um?
**Laddi:** Ég hef alltaf haldið mest upp á Eirík Fjalar og þykir vænt um hann eins og son minn, en hann á bágt, greyið. Búinn að lesa yfir sig og orðinn barn á ný. Annars taldi ég yfir fimmtíu karaktera um daginn, þótt þekktastir séu helmingur þeirra, meðal annarra Skúli rafvirki, Þórður húsvörður, Dengsi, Elsa Lund, Saxi læknir, Hallgrímur Ormur og Olli Ofnæmisvaldur. „Ojojojojoj!“
**Sveppi:** Munurinn á okkur Ladda er að hann fer í gervi, en ég er bara Sveppi og leik engan annan en sjálfan mig. Það er dálítið sjarmerandi og fólki finnst skemmtilegt að sjá mann viðurkenna að maður sé stundum vitlaus. Mér finnst í lagi að vera heimskur í einu en kannski ágætur í öðru. Er ekkert feiminn við það.
**Þórdís:** En þú er svolítið feiminn, Laddi?
**Laddi:** Já, en aldrei í karakter. Ég er feiminn að eðlisfari, þótt það hafi elst aðeins af mér.
**Þórdís:** Er gaman að vera frægur fyrir grín eða er það vítahringur?
**Sveppi:** Það er kannski ekki staða sem maður sóttist brjálæðislega eftir, að vera eltur um allt af brjáluðum krökkum, en ég hef vissulega kallað þetta yfir mig sjálfur. Að mínu mati er starf grínistans það skemmtilegasta í heimi, um leið og það er gríðarleg vinna. Slíkt hentar mér vel og ég elska að mæta í vinnuna til að hugsa um eitthvað asnalegt að gera, og því asnalegra, því ánægðari verður yfirmaðurinn. Mér veitist auðvelt að fá hugmyndir, það er nóg að fara í Garðheima og sjá garðbrúsa til að hugsa um að vökva Pétur, en kannski er best að hafa sem minnstan heila í þetta svo hann flækist ekki fyrir.
**Laddi:** Það var einhvern tímann sagt að maður yrði að vera nógu klikkaður, því annars væri ekkert varið í þetta. Það hefur enginn gaman að venjulegum manni í þessum bransa.

### Tár í augum trúðsins

**Þórdís:** Eruð þið skemmtilegir heima hjá ykkur?
**Laddi:** Ég er alltaf grautfúll heima en veit ekki með Sveppa. Einhvers staðar verður maður að taka frí frá gríninu, en í alvöru er ég alltaf í góðu skapi og örugglega Sveppi líka.
**Sveppi:** Oft er talað um tár í auga trúðsins og að undir grímunni sé maður þunglyndur, en heima er maður bara eðlilegur, spjallar, hlær og grínast.
**Laddi:** Auðvitað upplifir maður stundum spennufall og fær tár í auga, en það er þá komið í samt lag daginn eftir.
**Þórdís:** Er reiknað með að þið reytið af ykkur brandarana hvar sem þið komið, utan sviðsins?
**Laddi:** Já, það er oft þannig og fer dálítið í taugarnar á manni. Undir slíkum kringumstæðum gerir maður allt til að vera ekki fyndinn og berst við að vera alvarlegur og helst smá fúll líka.
**Sveppi:** Iss, það getur verið tómt vesen að vera fyndinn, og kannski vítahringur má segja.
**Laddi:** Maður heyrir oft utan af sér að því fylgi rosaleg spenna þegar maður er væntanlegur í heimsókn og menn búist við miklu.
**Sveppi:** En þó ekki í fjölskyldunni? Er það ekki búið, Laddi? Er fólk ekki hætt að biðja þig að taka Saxa og koma með Dengsa?
**Laddi:** Sko, krakkar suða kannski ekki lengur eins mikið í manni, en þeir koma og banka upp á undir því yfirskini að vera að safna flöskum eða dóti á tombólu, en biðja þá um eiginhandaráritanir.
**Sveppi:** Já, þetta dettur inn hjá mér líka, en truflar mig ekkert. Ég hef gaman af því.
**Laddi:** Já, ég segi það sama, ef krakkarnir eru kurteisir.

### Myndlistin bíður

**Þórdís:** Hvenær urðu þið þess fyrst varir að þið vektuð hlátur með fólki?
**Laddi:** Það hefur verið hlegið að mér síðan ég man eftir mér. Ég var alltaf með kvöldskemmtun fyrir mömmu og bróður minn uppi á borði öll kvöld og sýndi ballett, en mamma hélt að ég yrði frægur dansari. Hún fattaði ekki að ballettinn var grín. Í skóla var ég alltaf með sprell og geiflur, og væri ég kallaður upp á töflu var það ekki Laddi sem fór heldur einhver karakter, svo ég var rekinn rakleiðis í sætið aftur.
**Sveppi:** Ég var bara pjakkur þegar ég gerði mér grein fyrir því að fólk hló að mér, bæði í athöfnum og orðum. Í fótbolta fékk ég aldrei medalíur fyrir að vera góður spilari, en alltaf fyrir að vera vinsælasti keppandinn. Ég tók þetta að mér; að standa fyrir framan aðra, draga buxur upp á bumbu og setja sokka á eyrun.
**Þórdís:** Svo að grínleiðin hefur ekki komið á óvart?
**Laddi:** Ég ætlaði að verða smiður eins og pabbi eða myndlistarmaður en endaði í hljómsveitinni Föxum sem söngvari og trommuleikari. Fór svo að vinna í Kassagerðinni þar sem yfirmaður í Sjónvarpinu sá skopmyndir mínar af vinnufélögunum og vildi fá mig í vinnu, en Halli bróðir vann þar sem leikmunavörður. Maður var náttúrlega alltaf með djöfuls fíflalæti og 1970 fékk Flosi Ólafsson mig í áramótaskaupið og um svipað leyti byrjuðum við Halli á Glámi og Skrámi. En mig langar að mála meira og mun gera það í ellinni. Það er einn búinn að panta sýningu hjá mér til að ýta mér í þetta af meiri alvöru, og ég hef samþykkt að gera það fljótlega.
**Sveppi:** Ég hafði alltaf ætlað að ná langt á þessu sviði, en stefndi ekkert eftir höfnunina frá Leiklistarskólanum og fannst fínt að vinna mikið á grænmetislager og í handlangi. Ég beið eftir tækifærum en gerði mér ekki grein fyrir því að þurfa að gera eitthvað sjálfur. Það voru svo Simmi og Jói sem báðu mig að labba hringinn í samstarfi við útvarpsstöðina Mónó og þá fór þetta aðeins að rúlla. Gönguferðin fékk mig til að hugsa og ég varð kröfuharður. Ég vildi verða svo þekktur að ég gæti unnið við þetta í fullu starfi, í stað þess að vera áfram í grænmetinu og kannski í gríni um helgar.

### Fyndnir hrottar

**Þórdís:** Húmor snýst um að gera grín að sjálfum sér og öðrum, en nýtið þið stundum húmorinn til góðs?
**Laddi:** Já, miðað við það sem maður heyrir hjá ókunnugu fólki sem faðmar mann og þakkar fyrir öll árin sem maður hefur verið heimilisvinur inni í stofu. Þá finnur maður að þetta er ekki bara grín, heldur vekur góðar tilfinningar og væntumþykju hjá fólki.
Slíkt veitir manni innblástur og mér finnst það hjálpa þrælmikið. Fólk kemur með hugmyndir, hefur áhuga og vill horfa, og maður tekur mark á því.
Einn kom upp að mér og sagði brandara. Þegar hann var búinn sagði hann: „Þú mátt nota hann, Laddi.“ Þá var þetta brandari eftir sjálfan mig, sem hann hafði heyrt hjá öðrum. Ég þakkaði bara fyrir.
**Þórdís:** Langar ykkur í alvarlegri hlutverk?
**Sveppi:** Ég er sáttur við hlutverk grínistans, en mundi íhuga alvarlegri hlutverk ef mér byðist, bara til að prófa. Það er gaman að takast á við allar hliðar leiklistarinnar.
**Laddi:** Ég væri alveg til í að prófa að vera hrotti. Ef einhver vill gera bíómynd með okkur þar sem við erum algjörir viðbjóðir og hrottar, þá erum við Sveppi til.
**Þórdís:** En hver er fyndnastur?
**Sveppi:** Mér fannst Laddi alltaf fyndnastur á sínum tíma.
**Laddi:** Já, mér fannst það líka. ■

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.27 | 13.26 | 21.27 |
| AKUREYRI | 5.03 | 13.11 | 21.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## bílar o.fl.

Hyundai Trajet reynsluekinn

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

Í dag er laugardagur 23. apríl, 113. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jónas er hættur að halda Sónötunni sinni við enda bíllinn búinn að endast miklu lengur en lagt var upp með.

# Hefur ekki hikstað á tíu árum

***Jónas Traustason, íþrótta- og ökukennari, hélt upp á tíu ára afmæli Sónötunnar sinnar fyrr í þessum mánuði. Bílllinn er eðaleintak og hefur aldrei bilað.***

„Þetta er ‘95-árgerðin af Huyndai Sonata og ég féll fyrir honum af ýmsum ástæðum,“ segir Jónas. „Hann þurfti að vera með góðum sætum af því ég ætlaði að nota hann í ökukennsluna og svo varð hann að vera hljóðlátur þar sem mér liggur ekki mjög hátt rómur. Ég þurfti reyndar að taka út einangrunarmottur til að betur heyrðist í vélinni inni í bílnum. Það er ekki hægt að læra á bíl nema heyra í vélinni.“

Jónas athugaði á sínum tíma hvaða bílar uppfylltu þessar kröfur og prufukeyrði marga bíla. „Í lokin voru fjórir eftir og þá var þessi þriðjungi ódýrari en sá næst ódýrasti. Það réð úrslitum.“

Jónas segist hafa hugsað sér að kaupa bíl sem dygði í um það bil þrjú ár og 200 þúsund kílómetra. „Nú er ég búinn að keyra hann 410 þúsund kílómetra og enn hefur hann hvorki æmt eða skræmt. Ég er eiginlega hættur að halda honum við því hann átti aldrei að endast svona lengi. Það hefur tvisvar verið keyrt á hann á undanförnum þremur árum og einu sinni datt á hann mótorhjól og það er allt skráð á lakkinu. Ég geri ekki meira fyrir hann og þegar hann er búinn er hann bara búinn.“

Jónas er ekki með neina bíladellu og veit aðspurður ekki hvernig bíl hann fengi sér ef hann ætti sand af seðlum. „Örugglega ekki sportbíl,“ segir hann. „Það þarf að keyra þá hratt og það má hvergi á þessu landi. Ætli ég keypti mér ekki jeppa.“

Íþróttaáhugi Jónasar er hins vegar sýnu meiri en bílaáhuginn, en hann er íþróttakennari við leikskóla í Kópavogi.

„Það er geysilegt fjör,“ segir hann. „Krakkarnir eru svo áhugasamir að þeir vilja alltaf mæta – jafnvel þótt þeir séu veikir. Jú, ég er örugglega að kenna upprennandi og væntanlegum keppendum á Ólympíuleikum.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU
*í bílum*

**Stærsti bílaframleiðandi** Bandaríkjanna, General Motors, tapaði 1,1 milljarði dala, eða sjötíu milljörðum króna, á fyrsta ársfjórðungi 2005. Þetta er mesta tap fyrirtækisins síðan árið 1992 en á sama tímabili á síðasta ári nam hagnaður General Motors 1,2 milljörðum dala. Ástæða þessarar lélegu afkomu er minni bílasala og aukinn kostnaður við heilbrigðisþjónustu starfsmanna. Fyrirtækið hefur einnig þurft að greiða kostnað vegna uppsagna um tólf þúsund starfsmanna í Evrópu.

**Ingvar Helgason** býður viðskiptavinum sínum að fá Opel bifreið lánaða í allt að þrjá daga til reynslu frá 18. apríl til 18. júní. Til að skrá sig í reynsluaksturinn er hægt að hringja í síma 525 8005 eða senda póst á millionmile@ih.is.



**Erna Gísladóttir** var endurkjörin formaður Bílgreinasambandsins (BGS) á aðalfundi sambandsins 16. apríl en hún er einnig forstjóri B&L. Erna var fyrst kosinn formaður árið 2001 og þetta er fimmta árið hennar sem formaður BGS.

*bilar@frettabladid.is*



**Loftþrýstingur í dekkjum**
Mjög mikilvægt er að réttur loftþrýstingur sé í dekkjum, því það hefur meðal annars áhrif á slit, fjöðrunar- og bremsueiginleika bílsins og þarf að athuga hann mánaðarlega.



TOYOTA-þjónusta
BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
CABAS Verkstæði
Tjónaskoðun fyrir tryggingafélögin
Réttum og málum allar tegundir bíla
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI AF BÍLGREINASAMBANDINU
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 - 554 2590 · www.bilasprautun.is

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð
SENTINEL
Allir þekkja hina landsfrægu varahluta- og viðgerðaþjónustu okkar.
HVELLUR.com
... í einum grænum
G. Tómasson ehf • Smiðjuvegi 8, Kópavogi • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

GH RÉTTINGAR ehf.
Bílaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig
CABAS verkstæði

VINNUM EFTIR CABAS-KERFINU
www.muli.is
CABAS verkstæði
MÚLI
Bílaréttingar og sprautun

VÉLASTILLING S.F.
AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460
Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir
Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum

Tjónaskoðun, bifreiðaréttingar og sprautun
CABAS
BIFREIÐAVERKSTÆÐI JÓNASAR
Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 567 0087
Netfang: jonasar@jonasar.is

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK
• HEILSÁRSDEKK
• OLÍS SMURSTÖÐ
• BÓN OG ÞVOTTUR
• HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• BREMSUKLOSSAR
• PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

REYNSLUAKSTUR


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Huyndai Trajet er rúmgóður sjö manna bíll.

# Pabbi, mamma, börn og bíll

***Huyndai Trajet er afar rúmgóður sjö manna fjölskyldubíll. Þetta er bíll sem býður upp á mikinn sveigjanleika í umgengni og er hagkvæmur valkostur fyrir barnmargar fjölskyldur.***

Hyundai Trajet er rúmgóður og mikill bíll. Hann er ótrúlega lipur miðað við stærð, léttur í stýri og með ágætan kraft enda hefur ný tveggja lítra 140 hestafla vél leyst þá eldri af hólmi. Þetta er VVTI vél með breytilegum ventlabúnaði sem gerir að verkum að hún vinnur betur en sú gamla, er bæði snarpari og eyðslugrennri. Bíllinn er einnig fáanlegur með 112 hestafla einbunu dísilvél.

Reynsluekinn var beinskiptur bíll með bensínvél. Stærð bílsins vekur óneitanlega þægilega öryggistilfinningu enda er hann eins og klettur á veginum. Um leið er hann þægilegur í akstri og allri umgengni. Hvert sæti í bílnum er stakt. Þetta gerir þau bæði þægileg, ekki síst í öftustu röðinni þar sem í sumum sjö manna bílum er boðið upp á bekk sem getur verið nokkuð harður. Framsætunum má snúa aftur og aftursætin má bæði leggja saman og einnig taka þau út úr bílnum. Mikil hugkvæmni er í hirslum og glasabökkum í bílnum, meðal annars eru borð aftan á öllum sætum, niðurfellanleg á framsætunum og plötur sem nýtast sem borð þegar aftari sætin eru lögð niður. Möguleikarnir eru því ótrúlega margir í samspili sætafjölda og farangursrýmis og við að koma fjölskyldunni fyrir, til dæmis þegar nestis er neytt á ferðalögum. Farangursrýmið aftan við þriðju farangursröð leynir reyndar á sér, er nógu stórt fyrir stórinnkaup eða barnakerru. Í því er einnig handhægt farangursnet sem kemur í veg fyrir að smærri hlutir fari á flakk.

Bíllinn er með ABS-hemlum og fjórum líknarbelgjum, auk þess sem sérhannaður stálrammi myndar innbyggðan höggdeyfi á framhlið bílsins þannig að hann leggst saman við árekstur sem dregur úr höggi og ver bílstjóra og farþega.

Hyundai Trajet er tvímælalaust góður valkostur fyrir barnmargar fjölskyldur. Og ekki spillir verðið fyrir, rúmlega 2,2 milljónir króna fyrir sjö manna bíl hlýtur að teljast hagstætt.

*steinunn@frettabladid.is*

**HYUNDAI TRAJET**

| | Vél | Hestöfl | Beinskiptur | Sjálfskiptur |
|---|---|---|---|---|
| Hyundai Trajet | GLS 2000 | 140 | kr. 2.220.000 | kr. 2.320.000 |
| Hyundai Trajet | 2000 | 113 | kr. 2.620.000 | |















VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU
Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

## Hyundai með söluhæstu jepplingana

BORGARJEPPINN HONDA CR-V ER SÖLUHÆSTA EINSTAKA TEGUNDIN.

Hyundai jepplingar seljast mest og eru með rúmlega fimmtungs hlut eða 22%, samkvæmt sölutölum fyrstu þrjá mánuði ársins. Honda er í öðru sæti með rúm 20% og Toyota er í þriðja sæti með rúm 16%.

Honda CR-V er mest selda einstaka tegund jepplinga með 140 selda bíla og hafa aldrei áður jafn margir Honda CR-V bílar selst á jafn stuttum tíma hjá Bernhard og umboðsaðilum. Þetta er 121% aukning frá því á sama tíma á síðasta ári. Toyota RAV er í öðru sæti en af þeim bíl seldust 122 bílar.

Ef litið er til jepplinga með dísilvél er hlutdeild Hyundai 75%. Að sögn Heiðars J. Sveinssonar, forstöðumanns sölusviðs B&L, skýrist þessi þróun meðal annars af afar góðri sölu á Tucson, sem kom nýr á markaðinn í haust. Í öðru sæti yfir söluhæstu dísiljepplingana er Kia með 18% hlut og Toyota er í því þriðja með 5,5%.

**SALA JEPPLINGA**
**janúar til mars 2005**

| Tegund | Sala stk. | % |
|---|---|---|
| Hyundai Santa Fe/Tucson | 174 | 22,16 |
| Honda CR-V/HR-V | 160 | 20,38 |
| Toyota RAV4 | 128 | 16,31 |
| Ford Escape | 78 | 9,94 |
| Nissan x-trail | 58 | 7,39 |
| MMC Outlander | 53 | 6,75 |
| Suzuki Grand Vitara | 49 | 6,24 |
| Kia Sportage | 30 | 3,82 |


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir það vera erfiðan hjall fyrir fólk að fara yfir ef dísilolían er dýrari en bensínið.

# Ekki hugsað um heildarhagsmuni

***Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB segir að víða í löndunum í kringum okkur sé tekin pólitísk ákvörðun um að hafa lítrann á dísilolíu lægri en bensín til þess að hvetja til notkunar á dísilbifreiðum.***

„Meginbreytingin er sú að skattar og skyldur eru greiddar um leið og maður kaupir eldsneyti frá dælu og eru því ekki lengur innheimt í gegnum þungaskattinn,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB varðandi breytingar á lögum um olíugjald sem taka gildi 1. júlí næstkomandi.

„Kerfisbreytingin er í anda þess sem er að gerast alls staðar í kringum okkur, nema hvað þar hafa flestir ákveðið að hafa dísilolíuna ódýrari en bensínið. Hér hins vegar var tekin sú pólitíska ákvörðun að hækka olíugjaldið um 6 kr. frá því sem lagt var af stað með í upphafi til að hægt væri að lækka kílómetragjald á þyngstu bílunum, sem eru yfir 10 tonn, en þetta er um 2,80 kr. meiri álagning á dísilolíunni en á bensíni, „segir Runólfur. Hann segir að þannig séu gjöldunum dreift á eigendur smærri og miðlungsstórra bíla sem annars kæmu inn með kílómetragjaldinu.

„Þetta er málamiðlun til að koma í veg fyrir að kostnaður við flutningabíla aukist of mikið en það gæti skilað sér í hærra vöruverði úti á landi,“ segir Runólfur. Hann vill meina að mikilvægara hefði verið að hugsa um heildarmyndina þar sem aukin notkun dísilbifreiða myndi minnka eldsneytisnotkun til muna og þannig myndi olíukostnaður samfélagsins minnka, viðskiptajöfnuðurinn yrði hagstæðari og síðast en ekki síst myndi mengun minnka til muna.

„Það er ekki fyrirséð að dísilolían verði dýrari en bensínið en þó mjög líklegt þar sem verð á dísilolíu á heimsmarkaði hefur haldist mjög hátt, sem er neikvætt hvað varðar þá þróun að breyta hegðun neytenda. Það verður erfiður hjallur fyrir fólk að fara yfir ef dísilolían er dýrari en bensínið jafnvel þótt það sé hægt að sýna fram á það með einhverjum reikningsdæmum að dísilið borgi sig til langs tíma litið,“ segir Runólfur.

*kristineva@frettabladid.is*

## Eldsneytisverð í Evrópu

Í allri umfjöllun um verð á eldsneyti er talað um verðlagningu í öðrum Evrópuríkjum án þess að nokkrar tölur séu nefndar. Til glöggvunar birtum við hér töflu sem er að finna á vefsíðu FÍB en hún sýnir verð á bensíni í Evrópulöndum um mánaðamótin maí-júní 2004. Verðið miðast yfirleitt við afgreiðslumaður dæli á bílinn, en á því kunna að vera undantekningar og viðskiptavinurinn dæli sjálfur á bílinn sinn. Verðið eru reiknað út frá miðgengi Seðlabankans 2. júní 2004. Byggt á upplsingum frá FDM í Danmörku og AA í Bretlandi.



| | 95 okt | 98 okt | Dísilolía |
|---|---|---|---|
| Belgía | 100.6 | 104.24 | 75.92 |
| Búlgaría | 62.64 | 74.04 | 53.35 |
| Danmörk | 105.89 | 108.47 | 86.61 |
| Eistland | 62.29 | 65.93 | 59.23 |
| Finnland | 100.71 | 102.95 | 71.92 |
| Frakkland | 96.95 | 96.72 | 77.09 |
| Grikkland | 76.04 | 89.2 | 64.64 |
| Holland | 114.35 | 119.05 | 77.33 |
| Írland | 82.5 | 92.49 | 75.21 |
| Ítalía | 99.24 | 81.32 | |
| Króatía | 89.79 | 91.67 | 60.52 |
| Lettland | 62.4 | 63.7 | 58.41 |
| Lúxemborg | 83.32 | 85.91 | 60.76 |
| Noregur | 106.71 | 108.24 | 94.6 |
| Pólland | 72.63 | 76.27 | 58.76 |
| Portúgal | 91.67 | 96.95 | 68.16 |
| Rúmenía | 59.94 | 52.65 | |
| Sviss | 83.09 | 85.44 | 82.03 |
| Serbía/Svartfjl. | 65.22 | 71.57 | 52.77 |
| Slóvakía | 82.38 | 88.26 | 76.39 |
| Slóvenía | 75.45 | 77.21 | 64.75 |
| Spánn | 78.62 | 86.14 | 66.05 |
| Bretland | 103.18 | 109.53 | 104.83 |
| Svíþjóð | 100.83 | 103.77 | 81.68 |
| Tékkland | 79.33 | 87.55 | 68.28 |
| Þýskaland | 100.48 | 104.95 | 83.09 |
| Ungverjaland | 88.49 | 91.67 | 77.92 |
| Austurríki | 85.91 | 89.9 | 72.04 |



## Jagúar í vanda

LÚXUSBÍLAFRAMLEIÐANDINN JAGÚAR ÆTLAR AÐ HÆTTA FRAMLEIÐSLU Á X-GERÐINNI.

Baby Jag kom fyrst á markaðinn árið 2001 og voru 66.000 bifreiðar seldar á síðasta ári. Jagúar er í eigu Ford en fyrirtækið tilkynnti nýverið um 1,2 milljarða dala tap á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Stöðvun á framleiðslu Baby Jag er ein af sparnaðarleiðum Jagúar. Jagúar hefur þegar hætt við áætlanir um að smíða 200.000 bíla á þessu ári og mun loka verksmiðjunni Brown Lane í Coventry seinna á árinu.











Bílakerrur



Kerrur af ýmsum stærðum og gerðum.
Verð frá **135.705** kr.

ÍSHLUTIR
Gylfaflöt 32, 112 Reykjavík, sími 575 2400

Traust
**dráttarbeisli**
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Útvegum Ford F150, F250 og F350 á frábæru verði



Útvegum hús og aðra aukahluti.
Bjóðum ávallt hagstæðustu verðin.
Útvegum alla bíla frá Usa.

Örugg þjónusta hjá löggiltum bifreiðasala. 11ára reynsla.
Uppl. Í s. 897-9227 *www.is-band.is*

Hágæða Polyurethane húðun í öllum litum

Rhino Linings
*Mjög sterk, endingagóð og 100% vatnsheld*
*Sprautað á flötinn í öllum mögulegum litum*



*Mjög hagstæð og góð lausn sem hentar vel fyrir pallbíla, báta, iðnaðargólf, hestakerrur, hesthús og margt fleira*

Plastver - Drangahrauni 6a - s: 565 0506 - www.plastver.com

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

BIFREIÐASTILLINGIN

**Vantar vanan bifvélavirkja í vinnu sem getur unnið sjálfstætt.**

Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



Skoda Felica Árg 8/1999 Ek.58þús 5gíra 4.stk sumardekk 4.stk vetradekk Mjög gott eintak, Einn eigandi. Verð 390þús Bíllinn er til sýnis og sölu hjá Bílalíf á nýja og stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11, 110 Rvk S:562-1717, Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

AMG AUKARAF



Frábær verkfærataska í bílinn. Dráttartóg, Loftdæla, Startkaplar Tvö skrúfjárn, Spóatöng, Skiptilykill Hanskar, Vasaljós, Átaksskaft 17 og 19 mm toppur. Perur og öryggi. Verð 12.900.

**AMG Aukaraf**
**Dalbrekka 16, 200 Kópavogur**
**Sími: 585 0000**
**www.aukaraf.is**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is



Suzuki Jimny 1.3 Bsk., nýskr. 06/'00, ek. 59 þ. km. Svartur, dráttarkúla, líknabelgir, heilsársdekk o.fl. Verð 790.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.



Nissan Double Cab 2.5 Diesel. nýskr. 03/'02, ek. 54 þ. km. álfelgur, brettakantar, topplúga, plasthús o.fl. Verð 1.980.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.



Pontiac Grand Prix., nýskr. 1994., ek 97 þ.mílur., blár., álfelgur., spoiler., filmur., ssk., sumardekk o.fl., Verð 680.000.- ., Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

brimborg
Taktu bíl



**LESTUR:** DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

| | 20-40 ára |
|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 64,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 40,1% |
| *Styrkur Fbl. umfram Mbl.* | *46,0%* |

*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í mars sl. Tekið er tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

**Tæplega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins fram yfir Morgunblaðið. 60% Íslendinga á sama aldri *fletta ekki* sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.**

allt
- markvissar auglýsingar -



Starfsfólk óskast á veitingastað Aktu taktu í Fellsmúla.

## Aðstoðar-rekstrarstjóri

aktu taktu

**Vilt þú starfa í líflegu vinnuumhverfi aðra hverja helgi ?**

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulipurð, jákvæðni og dugnaður
- Geta unnið vel undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Í boði er** hlutastarf aðra hverja helgi hjá traustu fyrirtæki. Miðað er við að umsækjendur séu 25 ára eða eldri. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. maí nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka. Úrvinnsla umsókna fer fram hjá Aktu taktu.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is



RIS EHF

**Ris ehf. óskar eftir kranamönnum til framtíðarstarfa.**

**Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu fyrirtækisins www.risehf.is.**

Frekari uppl. eru veittar á skrifstofu Ris ehf. í síma 544-4150 eða hjá Sigurfinni í síma 693-3340.



# Vantar þig aukavinnu?

SÖLUFÓLK

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043. Umsókni með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.





STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

## Gott atvinnutækifæri í Reykjanesbæ!

Verslun í fullum rekstri til sölu ásamt lager og húsnæði. Miklir möguleikar boði, góður tími framundan. **Nánari upplýsingar á skrifstofu Stuðlabergs ehf. í Keflavík, sími 420 4000.**

pósthúsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Um helgar:**
**101-04** Bragagata og fl.
**101-08** Bankastræti og fl.
**101-09** Barónsstígur og fl.
**101-21** Blómvallagata og fl.
**101-34** Aðalstræti og fl.
**101-37** Hólavallagata og fl.
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata og fl.
**101-45** Blómvallagata og fl.
**104-03** Laugarásvegur
Sunnuvegur
**104-04** Hluti af Laugarásvegi
**104-07** Hluti af Langholtsvegi
**104-10** Kleppsvegur
**104-14** Drekavogur og fl.
**104-31** Hluti af Langholtsvegi
**104-32** Kleppsvegur
**105-04** Háteigsvegur
**105-18** Barmahlíð
Miklabraut
**105-20** Eskihlíð
**105-24** Miðtún
Samtún
**105-37** Bólstaðarhlíð og fl.
**105-40** Hamrahlíð
Stigahlíð
**105-49** Hátún
Miðtún
**107-06** Grenimelur
**107-10** Dunhagi og fl.
**107-12** Fornhagi og fl.
**107-16** Frostaskjól
**107-17** Kaplaskjólsvegur
Nesvegur
**107-18** Eiðistorg og fl.
**107-28** Nesvegur
Sörlaskjól
**108-41** Kjarrvegur
Markarvegur
**170-42** Kirkjubraut
Skólabraut
**200-02** Kópavogsbraut
**200-05** Borgarholtsbraut og fl.
**200-10** Holtagerði
**200-11** Hraunbraut
Kársnesbraut
**200-15** Hjallabrekka og fl.
**200-21** Aspargrund
Birkigrund
**200-24** Daltún
Ástún
**200-32** Bakkahjalli og fl.
**200-36** Skálaheiði
Álfaheiði
**200-38** Gnípuheiði og fl.
**200-41** Álfhólsvegur
**200-47** Brekkuhvarf og fl.
**200-54** Álfhólsvegur
**200-56** Þinghólsbraut
**200-57** Bakkabraut og fl.
**200-59** Melaheiði og fl.
**210-14** Lækjarfit og fl.
**210-15** Garðaflöt og fl.
**210-18** Garðaflöt
Lindarflöt
**210-20** Brúarflöt
Móaflöt
**220-01** Flókagata og fl.
**220-02** Krosseyrarvegur og fl.
**220-06** Hraunbrún
**220-24** Skjólvangur
Sævangur
**220-30** Hvammabraut og fl.
**221-05** Klukkuberg
**221-09** Einihlíð og fl.
**221-10** Berjahlíð og fl.
**225-06** Norðurtún
Túngata
**225-07** Ásbrekka og fl.
**230-15** Sólvallagata og fl.
**230-16** Brekkubraut og fl.
**240-01** Fornavör og fl.
**240-05** Blómsturvellir og fl.
**240-06** Arnarhraun og fl.
**240-07** Dalbraut og fl.

## Nýtt símanúmer

### hjá dreifingu:




**550 5600**

FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali



**OPIÐ HÚS Í DAG, LAUGARDAG, KL 15–16**



## Klyfjasel 2

**(við nýju lóðirnar í Lambaseli)**

Húseignin sem stórfjölskyldan hefur búið í síðustu ár er um 370 fm. Og heldur betur flott í alla staði. Heimilinu hefur verið skipt upp í tvær eignir, jarðhæð upp á 115 fm. sem skipt er upp í 2 íbúðir, verð 23.9m og 255 fm á efri hæðunum þar sem fylgir sérstandandi bílskúr , verð 45,9 m.Ý Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og er án vafa með glæsilegri húsum í hverfinu. Nú er ekkert annað að gera heldur en að kíkja í heimsókn til okkar og hver veit nema þú standir á pallinum innan tíðar með grillspaða í hendi. **Vilborg og Albert taka á móti ykkur. Uppl. Í síma 895-0303.**

*NÝR OG ÖFLUGUR*

## FASTEIGNAVEFUR VÍSIS



KÍKTU Í HEIMSÓKN OG SKOÐAÐU ÓTRÚLEGT ÚRVAL EIGNA Á VISIR.IS!

KB BANKI

vísir ...UM ALLT!

Akkurat - fyrir þig!



## LÓMASALIR – 201 KÓP

Sérverönd. Glæsileg ca. 100 fm. 3ja herb. íbúð í 4ra hæða fjölbýli með lyftu. Jatoba parket er á íbúðinni. Stæði í upph. bílageymslu. Sérinng. af svölum. Sólríkur garður og gott skjól.
**VERÐ 22,9 millj.**

Sími: 594 5000

Akkurat






# Til afhendingar strax

## - nýtt heimili fullbúið tækjum

SPARISJÓÐURINN

### Fullbúnar íbúðir með öllu

Vandaðar og vel skipulagðar 24ra herbergja íbúðir í nýju húsi við Drekavelli í Hafnarfirði. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með AEG ísskáp, uppþvottavél, örbylgjuofn, þvottavél og þurrkara.

### Til afhendingar nú þegar

Eikarparket á stofu og herbergjum. Gólf á baðherbergi flísalagt sem og geymslu og þvottahúsi.



Spónlagðar eikarinnréttingar frá Brúnás í eldhúsi og á baði og allar hurðir í íbúðinni eru yfirfelldar.

Lóð verður skilað fullfrágenginni, bílastæði malbikuð, gangstéttar hellulagðar og garður við húsið tyrfður.

Hér vantar ekkert nema fleira skemmtilegt fólk með húsgögnin.

### Nýtt hverfi, skipulagt með þarfir fólksins í huga

Drekavellir 22 eru staðsettir í nálægð við alla helstu þjónustuþætti. Skóli og leikskóli eru steinsnar frá og verslunar- og þjónustukjarni í næsta nágrenni.



Á jarðhæð er sérhönnuð 98 fm. íbúð fyrir fatlaða.
Allt skipulagt og teiknað með þínar þarfir að leiðarljósi.

### Hóll - tákn um traust

Hóll hefur frá upphafi verið frumkvöðull í fasteignasölu og haft það að markmiði að skapa umhverfi þar sem allir leggja metnað sinn í að þjónusta þig. Fagleg ráðgjöf um fjármögnun og greiðslutilhögun ásamt skilningi á ykkar þörfum er lykillinn að tækifærunum. Möguleikarnir eru í raun rétt við dyrastafinn

### Verð og áætluð greiðslubyrði hámarkslána frá SPH.

| | |
|---|---|
| Verð, 105 fm. íbúð | 22.950.000 |
| Eigið fé | 2.295.000 |
| Íbúðalán SPH | 20.155.000 |
| Mánaðarleg greiðsla | 86.700 |

© gandri - Guðmundur Andri Skúlason

## Teikningar á netinu, www.holl.is

Hóll fasteignasala | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg. fasteignasali | sími: 595 9000 | fax: 595 9001 | holl@holl.is | www.holl.is | Tákn um traust]

* Greiðslubyrði miðast við lán frá Sparisjóði Hafnarfjarðar til 40 ára með 4,15 % föstum vöxtum. Ekki er gert ráð fyrir verðbótaþætti né vaxtabótum í þessum útreikningum. Kostnaður við lántöku, stimplun og þinglýsingu er ekki innifalinn í greiðsluútreikningi þessum.

# SJÓNARHORN



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁLFTIN BREIÐIR ÚT VÆNGI SÍNA OG SÝNIR ÖNDUNUM HVER RÆÐUR Á REYKJAVÍKURTJÖRN.

## Vissir þú ...

...að elsti látbragðsleikari í heimi er hinn bandaríski Arnold Jones sem er fæddur 13. janúar árið 1914?

...að hæsta teygjustökk í heimi stökk Curtis Rivers frá Bretlandi 5. maí árið 2002 en hann stökk úr loftbelg í 4.632 metra hæð?

...að elsta stjarna sem uppgötvuð hefur verið til þessa er stjarna utan sólkerfisins í hnattlaga klasanum M4, um 5.600 ljósár frá jörðu, en talið er að stjarnan sé tíu milljarða ára?

...að Reinhold Messner frá Ítalíu var fyrstur til að klífa Everest-fjall einn en hann komst á tindinn 20. ágúst árið 1980?

...að hraðasti hafstraumur í heimi er Sómalí-straumurinn í norðanverðu Indlandshafi en hann nær 12,8 kílómetra hraða á monsúntímabilinu?

...að Sólbríinn verpir minnstu eggjum allra fugla á Jamaíka og tveim nærliggjandi eyjum en tvö slík egg mældust tæplega tíu millimetrar og vógu aðeins 0,365 og 0,375 grömm?

...að stærsta drekafluga heims er Megaloprepus caeruleata frá Mið- og Suður-Ameríku og getur orðið allt að 120 millimetra löng og vænghafið allt að 190 millimetrar?

...að Alþjóðaráð Rauða krossins sem stofnað var í Genf 1893 hefur fengið friðarverðlaun Nóbels þrívegis, árið 1917, 1944 og 1963?

...að mesta atvinnuleysi í heimi, sjötíu prósent, er í Líberíu.

...að hvergi í heiminum er borðað jafn mikið af bökuðum baunum og í Bretlandi en ársneysla á mann er 5,3 kíló þar í landi?

...að stærsta leikvangsþak er yfir Ólympíuleikvanginum í München í Þýskalandi en það nær yfir 85.000 fermetra svæði?


GÍTARINN EHF.

STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125

Erum að taka upp nýja sendingu



Rafmagnsgitarpakki verð frá kr. 22.900

Rafmagnsgitar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki

Klassískur gítar frá 10.900

Þjóðlagagítar frá kr. 14.900

MAPEX trommusett með stöndum og diskum

rétt verð kr. 79.900

tilboðsverð kr 59.900

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

KOLAPORTIÐ

Það er ekkert mál að selja í Kolaportinu



1 Þú pantar sölubás

2 Þú greiðir básinn

3 Þú velur básinn

4 Þú selur

Pantaðu bás núna í síma 562 5030

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17



Mynd eftir Harold Bilson

Velkomin í Gallerí Fold í dag

Í dag höldum við myndlistarveislunni áfram í Galleríi Fold
við Rauðarárstíg og í Kringlunni.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Sérstök kynning verður á vaxtalausu listmunalánunum.
Allir sem ganga frá umsóknum um listmunalán í dag
fá grafíkverk eftir Kristján Davíðsson að gjöf.

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Galleríi Fold

Opið laugardag, 11-16

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS



**Á OLÍUBRÁK GETA KOMIÐ FLEIRI LITIR EN Í REGNBOGA** Olía er eðlisléttari en vatn og leysist ekki upp í því. Þess vegna flýtur olían á vatni í flekkjum og myndar þunnar himnur eða brákir.

# Regnbogalituð olía

AF HVERJU VERÐUR OLÍUBRÁK Á VATNI REGNBOGALITUÐ?

**Svar:** Olía er eðlisléttari en vatn og leysist ekki upp í því. Þess vegna flýtur olían á vatni í flekkjum og myndar þunnar himnur eða brákir. Seigja í olíunni og yfirborðsspenna ráða þykkt brákarinnar en hún er ekki alveg jöfn og filman þynnist almennt til jaðranna.

### Víxlun ljósbylgna

Ljós speglast bæði af efra og neðra borði olíuhimnunnar. Þessir tveir spegluðu geislar sameinast í gegnum fyrirbæri sem við köllum víxlun eða samliðun en allar bylgjur sýna víxlunareiginleika. Þar sem öldutoppar tveggja bylgna mætast fáum við styrkjandi víxlun bylgnanna og stórt útslag, en þar sem öldutoppur annarrar bylgjunnar mætir öldudal hinnar fáum við eyðandi víxlun og útslagið verður lítið eða ekkert.

### Þykkt olíufilmunnar ræður hvort víxlunin verður styrkjandi eða eyðandi

Hvítt ljós er samsett af öldulengdum frá öllum regnbogans litum. Þegar spegluðu geislarnir tveir af efra og neðra borði olíufilmunnar mætast ræðst það af þykkt filmunnar hvaða öldulengdir gefa styrkjandi samliðun og þar með sterkan speglaðan geisla. Þar sem þykkt filmunnar er oddatölumargfeldi af fjórðungi öldulengdar fæst sterk speglun, en veik speglun fæst þar sem þykktin er heilt margfeldi af hálfri öldulengd.

### Á olíubrák geta komið fleiri litir en í regnboga

Öldulengd rauðs ljóss er í kringum 650 nm í lofti en nálægt 432 nm í olíunni. Þannig fæst sterk rauð speglun þar sem þykkt filmunnar er 108 nm, 324 nm, 540 nm og svo framvegis, en engin eða aðeins dauf speglun þar sem þykktin er 215 nm, 430 nm, 645 nm og svo framvegis. Á þeim stað þar sem speglun rauða geislans er dauf fer hann í gegnum olíufilmuna niður í vatnið. Sami staður getur hins vegar gefið ágæt skilyrði fyrir speglun litar af annarri öldulengd. Litaáferð olíufilmunnar breytist því með þykktinni. Fram geta komið fleiri litir en við sjáum í regnboganum því skilyrðinu um styrkjandi samliðun getur verið fullnægt fyrir nokkrar öldulengdir í einu og við fáum speglun af litablöndu.

### Lögmál Snells og brotastuðlar

Þykkar filmur geta einnig sýnt breytilegt litamynstur með breytilegu sjónarhorni. Þetta gerist því leið geislans í gegnum olíufilmuna breytist örlítið með innfallshorni. Þessum hrifum er lýst með lögmáli Snells sem lýsir stefnubreytingu geisla sem fer úr einu efni í annað. Efnin eru einkennd með svonefndum brotstuðlum n. Brotstuðull fyrir loft er 1,0, fyrir vatn 1,33 og fyrir olíu er hann á bilinu 1,4 til 1,6. Styrkur speglunar frá hverjum skilfleti eykst með vaxandi hlutfalli brotstuðla.

Hægt er að lesa meira um ljósbylgjur og liti á Vísindavefnum, til dæmis í svörum við spurningunum hvers vegna eru plöntur grænar en ekki fjólubláar eða svartar, hvers vegna er sólin gul og grasið grænt, hvað eru litir og hvernig myndast regnboginn?

*Ari Ólafsson, dósent í eðlisfræði við HÍ.*

---

HVAÐ MERKIR ORÐIÐ BISKUP UPPHAFLEGA OG HVERJAR ERU ORÐSIFJAR ÞESS?

**Svar:** Íslenska orðið biskup er líklegast fengið úr fornensku. Þar kemur fyrir orðið biscop eða bisceop í sömu merkingu. Það kemur líka fyrir í latínu (episcopus) en upphaflega er það komið úr forngrísku, epískopos. Það orð er dregið af grískri sögn sem þýðir: 'horfa á', 'skoða', 'fylgjast með' eða 'líta eftir'. Hún er aftur á móti samsett úr sögn sem merkir: 'sjá', 'virða fyrir sér', 'athuga' eða líta eftir, og forsetningunni epi- sem í samsetningum þýðir: 'upp(i) á', 'yfir', 'til', 'gagnvart' eða 'eftir'.

### Biskup er eftirlitsmaður

Upphaflega merkti biskup þess vegna 'eftirlitsmaður' eða 'tilsjónarmaður'. Í frumkristni var það notað um nokkurs konar yfirmann í söfnuðinum sem hafði sérstakt vald um helgisiði, skírnir, altarissakramenti, vígslur, fyrirgefningu synda, fjármál og málamiðlanir í deilum. Uppruni embættisins er óviss, en á annarri öld hafði það fest sig í sessi, ásamt embættum presta og djákna. Eftir því sem kirkjunni óx fiskur um hrygg þurfti meira skipulag svo til varð stigveldi þar sem prestar voru í forustu safnaða, höfðu djákna sér til aðstoðar og voru undir eftirliti biskupa sem höfðu marga söfnuði í sinni umsjá. Upp af þessu varð svo til enn flóknara skipulag þegar leið á miðaldir.

### Biskupar sem eftirmenn postula

Nokkrar kirkjudeildir, sérlega rómversk-kaþólska kirkjan og gríska rétttrúnaðarkirkjan, telja að biskupar séu eftirmenn postulanna og hafi vald sitt í krafti þess. Við siðaskiptin höfnuðu margir þessari hugmynd enda hafa flestar mótmælendakirkjur enga biskupa. Lúthersku kirkjurnar á Norðurlöndum og í Þýskalandi hafa þó haldið í biskupsembættið en fæstar þeirra telja biskupana arftaka postulanna.

*Stefán Jónsson, nemi í heimspeki.*

Vísindavefurinn fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Á lista Samræmdrar vefmælingar fyrir síðustu viku var Vísindavefurinn í 10 sæti yfir mest sóttu vefmiðlana. Fimm vinsælustu svör þeirrar viku voru þessi: Af hverju eru ljóskur taldar heimskar, hvað merkir holið í Hollandi, hvað éta górillur (fyrir utan banana), er álft og svanur sami fuglinn, og hver var Afródíta?

VERÐLAUNASAMKEPPNI

Verðlaunasamkeppni

um myndskreytta sögu handa ungum lesendum

Skilafrestur til 30. júní nk.
Verðlaun að upphæð 400.000 kr.
Úrslit verða kynnt í september.

**Bókaútgáfan Æskan** efnir til keppni um besta handrit að myndskreyttri sögu handa ungum lesendum — með stuðningi **Sigurjóns Sighvatssonar** kvikmyndaframleiðanda og **Suzuki bíla hf.**

Markmiðið er að örva lestur ungra barna og hvetja höfunda texta og myndefnis til að vinna saman að verki handa þeim. Æskilegt er að sögurnar verði sagðar á knöppu máli og með miklu myndefni; bæði litmyndir og svarthvítar koma til greina.

Ekki er nauðsynlegt að höfundar skili endanlega unnum myndum en skissur að öllum myndum verða að fylgja og a.m.k. ein fullunnin mynd. Höfundar merki verk sín dulnefni en láti rétt nafn og heimilisfang fylgja með í lokuðu umslagi.

Það verk, sem að mati dómnefndar þykir skara fram úr öðrum, verður verðlaunað. Bókaútgáfan Æskan mun gefa það út og verða höfundalaun greidd sérstaklega.

Bókaútgáfan Æskan áskilur sér rétt til að gefa út önnur verk úr samkeppninni.

Í dómnefnd verða þrír einstaklingar skipaðir af **Bókaútgáfunni Æskunni, Sigurjóni Sighvatssyni og Suzuki bílum hf.**

Sjá nánar á heimasíðu: **aeskanbok.is**

Bókaútgáfan Æskan — Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.
S. 530-5402 — Netfang: karl@aeskanbok.is

le coq sportif

Opið um helgina

Frábær opnunartilboð í örfáa daga

- 50%

af öllum vörum

le coq sportif – LCS Ísland ehf.
Síðumúla 17 · Sími 517 4077

Opið Laugardag kl. 11-16 • Sunnudag kl. 13-17 • Virka daga kl. 10-18

# Litríka baráttan við aukakílóin

Bandaríkjamenn eru ósáttir við hversu illa hefur gengið að ráða niðurlögum offitunnar. Nýtt ráð í þeirri baráttu er endurhannaður fæðupýramídi sem sýnir fólki hvernig það eigi að borða miðað við kyn, aldur og áreynslu.

Hluti af vandanum var sá að við höfðum eitt tákn, einn pýramída, þar sem ein stærð átti við um alla," sagði Eric Hentges, yfirmaður bandarísku Miðstöðvarinnar um næringarstefnu, þegar hann kynnti nýja fæðupýramída fyrir bandarísku þjóðinni, ekki einn fæðupýramída sem ætti við um alla landsmenn heldur tólf fæðupýramída þar sem tekið var mið af kyni, aldri og áreynslu. Þessa pýramída vonast bandarísk yfirvöld til að landsmenn geti notað til að vanda fæðuval sitt og fækka aukakílóunum.

Bandaríkin hafa löngum verið þekkt sem land offitunnar, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að sumar Evrópuþjóðir standi þeim ekki langt að baki nema síður sé. Þess vegna brugðu menn á það ráð fyrir þrettán árum að gefa út fæðupýramída sem átti að ráðleggja fólki um matarval. Það hefur ekki skilað árangri því Bandaríkjamenn hafa haldið áfram að safna aukakílóum. Ástæðuna segja menn meðal annars þá að gamli fæðupýramídinn hafi verið illskiljanlegur, meðal annars vegna þess að talað væri um skammta án þess að fólk vissi fyllilega hversu stórir þeir væru. „Hvað er skammtur?" spurði Hentges og svaraði sér sjálfur. „Hann er allt það sem ég set á diskinn minn og skammtarnir eru kannski mismunandi eftir því hvort ég á í hlut eða konan mín."

### Tólf í stað eins

Hér kemur nýi fæðupýramídinn inn í myndina, raunar tólf fæðupýramídar í stað eins. Nú á að taka vandann föstum tökum og sýna fólki svart á hvítu, eða í öllum regnbogans litum eins og fæðupýramídinn er hannaður, hversu mikillar orku fólk þarfnast og í hvaða magni fólk eigi að fá þá fæðu úr hverjum fæðuflokki fyrir sig.

Það segir sig ef til vill sjálft að tvítugur sundkappi hefur aðrar þarfir en móðir hans, fimmtug kyrrsetukona. Það getur hins vegar reynst vandasamara að segja til um hversu mikla orku þau þurfi, hvort um sig. Fæðupýramídinn á að leysa þann vanda. Sundkappinn velur kyn sitt og aldur í fyrri hluta fæðupýramídans og sér að þar eru gefnar upp tvær tölur um hitaeiningaþörf, önnur fyrir kyrrsetumenn en hin fyrir þá sem hreyfa sig mikið, sundkappinn er í síðarnefnda hópnum og þarf 3.200 hitaeiningar á dag. Seinni hluti fæðupýramídans sýnir svo hversu mikið hann eigi að borða úr hverjum fæðuflokki. Móður hans velur kyn sitt og aldur í fyrri hlutanum og velur lægri súluna, þar sem hún þarfnast minni orku en manneskja sem hreyfir sig að ráði. Þar kemur í ljós að hún þarf 1.800 hitaeiningar daglega.

### Sleppur ekki við gagnrýni

Stór hluti nýja pýramídans er mikill gagnagrunnur sem hefur verið tekinn saman og er aðgengilegur á netinu. Þar getur fólk sett inn nákvæmari upplýsingar um sig og fengið ráðgjöf sem á enn betur við um hvern og einn. Aðsókn að þessum vef, mypyramid.gov, var svo mikil fyrstu dagana að fólk átti í vandræðum með að komast inn á hann.

Elizabeth Pivonka, forseti Produce for Better Health, samtaka sem beita sér fyrir aukinni ávaxta- og grænmetisneyslu Bandaríkjamanna, sagði í viðtali við dagblaðið The Washington Post að það væri jákvætt að nú væri hægt að útfæra fæðupýramídann fyrir hvern og einn auk þess sem áhersla væri lögð á hreyfingu. „En á neikvæðu nótunum þá hafa þeir sem mest þurfa á þessu að halda ekki aðgang að tölvum." Hún sá fleira neikvætt við þetta. „Þetta er hannað þannig að það beinir ekki athygli að óheilnæmum matvælum. Mér þykir leitt að segja það, en var við öðru að búast frá landbúnaðarráðuneytinu?"

### Íslenski fæðuhringurinn

Margir kannast við fæðuhringinn af veggspjöldum sem hangið hafa uppi í skólum og víðar um langt árabil. „Fæðuhringurinn sýnir fæðuflokkana. Sneiðarnar eru misstórar til að leggja áherslu á að vægi hvers flokks er mismikið," segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Lýðheilsustöð. „Fjölbreytt fæði þýðir að við þurfum að borða úr öllum þessum fæðuflokkum. Það er undirstaða holls mataræðis að borða fjölbreytt fæði."

Fæðuhringurinn, eins og hann er nú, tilgreinir ekki hversu mikla orku fólk þarf eða hversu mikið úr hvaða fæðuflokki það eigi að borða til að fá hana. Hólmfríður bendir á reikniforrit á vefnum matarvefurinn.is. „Þú getur farið þar inn og reiknað áætlaða orkuþörf miðað við hvernig þú ert að hreyfa þig en það er ekki farið út í að segja þér hvað þú átt að borða til að ná því."

brynjolfur@frettabladid.is

## Aukakílóin ekki svo banvæn?

Aukakílóin eru ekki nærri því jafn hættuleg og áður hefur verið, segja bandarískir vísindamenn og vísa til nýlegra rannsókna sem gefa jafnvel til kynna að það kunni að vera æskilegt að vera örlítið yfir kjörþyngd eins og hún er skilgreind í dag.

CDC, bandaríska stofnunin sem reynir að koma í veg fyrir og ráða niðurlögum sjúkdóma, sagði á síðasta ári að um 400 þúsund Bandaríkjamenn létust árlega vegna offitu og annarra sjúkdóma sem tengjast því að vera yfir kjörþyngd. Menn telja nú að þetta kunni að vera rangt mat og nefna máli sínu til stuðnings að svo virðist sem lífslíkur fólks sem er aðeins yfir kjörþyngd séu betri en þeirra sem eru í kjörþyngd. Samkvæmt nýjum útreikningum kostar offita 111 þúsund einstaklinga lífið árlega en þegar tillit er tekið til þess að þeir sem eru aðeins yfir kjörþyngd lifa lengur en þeir sem eru í kjörþyngd kosta aukakílóin 25.800 manns lífið árlega umfram þá sem lifa aðeins lengur vegna aukakílóanna.

Ein skýring á því hvers vegna fólk sem er aðeins yfir kjörþyngd lifir lengur en þeir sem eru í kjörþyngd kann að vera sú að stuðullinn sé of lágur, segir tölfræðingurinn Mary Grace Kovar. Hún segir að útreikningar á kjörþyngd taki ekki tillit til þess að fólk ævi meira en áður og fylgist með heilsunni. Þannig kunni fólk að vera þyngra en áður án þess að vera feitara en áður.




**TEYGT Á LIMUNUM Á BLAÐAMANNAFUNDI** Denise Austin, formaður Líkamsræktar- og íþróttaráðs Bandaríkjaforseta, stýrði líkamsrækt nokkurra ráðherra og forstöðumanna stofnana þegar nýi fæðupýramídinn var kynntur. Í bakgrunni má sjá nýja litríka fæðupýramídann og fæðupýramídann frá 1992 sem þykir hafa skilað litlum árangri.

## Leiðin að góðum matarvenjum

Hvað fólk á að borða miðað við kyn, aldur og hreyfingu

### A | Finndu út hversu margar hitaeiningar þú þarft




### B | Finnið út hversu mikið þið eigið að borða úr hverjum fæðuflokki miðað við hitaeiningaþörf ykkar

| A dur, hreyfing | Hitaeiningaþörf | Ávextir (bollar) | Grænmeti (bollar) | Kornmeti (únsur) | Kjöt og baunir (únsur) | Mjólk (bollar) | Olíur (tesk.) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BÖRN / KARLAR | 1 000 | ● | ● | ●●● | ●● | ●● | ●●● |
| BÖRN / KARLAR | 1 200 | ● | ●◖ | ●●●● | ●●● | ●● | ●●●● |
| BÖRN / KARLAR | 1 400 | ●◖ | ●◖ | ●●●●● | ●●●● | ●● | ●●●● |
| BÖRN / KARLAR | 1 600 | ●◖ | ●● | ●●●●● | ●●●●● | ●●● | ●●●●● |
| BÖRN / KARLAR / KONUR | 1 800 | ●◖ | ●●◖ | ●●●●●● | ●●●●● | ●●● | ●●●●● |
| KARLAR / KONUR | 2 000 | ●● | ●●◖ | ●●●●●● | ●●●●●◖ | ●●● | ●●●●●● |
| KARLAR / KONUR | 2 200 | ●● | ●●● | ●●●●●●● | ●●●●●● | ●●● | ●●●●●● |
| KARLAR / KONUR | 2 400 | ●● | ●●● | ●●●●●●●● | ●●●●●●◖ | ●●● | ●●●●●●● |
| KONUR | 2 600 | ●● | ●●●◖ | ●●●●●●●●● | ●●●●●●◖ | ●●● | ●●●●●●●● |
| KONUR | 2 800 | ●●◖ | ●●●◖ | ●●●●●●●●●● | ●●●●●●● | ●●● | ●●●●●●●● |
| KONUR | 3 000 | ●●◖ | ●●●● | ●●●●●●●●●● | ●●●●●●● | ●●● | ●●●●●●●●●● |
| KONUR | 3 200 | ●●◖ | ●●●● | ●●●●●●●●●● | ●●●●●●● | ●●● | ●●●●●●●●●●● |

Skýringar: Bolli = 237 ml. Únsa = 28,35 g Teskeið = 5 ml.

## Betri matur en lítil hreyfing

Íslendingar hafa undanfarin ár aukið gos- og vatnsdrykkju og borðað meira af grænmeti, ávöxtum, brauði, morgunkorni og pasta en áður. Mjólkurdrykkja hefur hins vegar dregist saman, sem og fisk- og kartöfluneysla, samkvæmt rannsókn Manneldisráðs og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands árið 2002. Almennt hefur neyslan nálgast það sem mælt er með.

Íslendingar hreyfa sig minna en íbúar nágrannalandanna að því er fram kom í rannsókn Sigríðar Láru Guðmundsdóttur sem sagt var frá í Læknablaðinu í fyrra. Þar kom fram að 19 prósent kvenna og 24 prósent karla þjálfa líkama sinn ekkert utan vinnu og er þetta hærra hlutfall en í nágrannalöndunum. Rannsóknin náði til fólks á aldrinum 30 til 85 ára og sýndi að hlutfall þeirra sem voru of þungir eða feitir var allt upp í 68 prósent miðaldra karlmenn. Þá voru 16 til 23 prósent í öllum aldursflokkum of feitir.

Fyrir tveimur árum var birt rannsókn þar sem neysluvenjur Norðurlandaþjóðanna voru bornar saman. Þar kom fram að Íslendingar borðuðu mun minna af grænmeti, ávöxtum og brauði en frændþjóðirnar.

Norðurlandakeppni í pípulögnum og Stórsýning í Perlunni

NORDISK VVS

Dagana 21.-24. apríl verður haldin Norðurlandakeppni í pípulögnum í Perlunni í fyrsta sinn á Íslandi. Á sama tíma er Stórsýning í Perlunni þar sem fyrirtæki og þjónustuaðilar, tengdir faggreininni sýna allt það nýjasta í pípulögnum, hreinlætistækjum, baðinnréttingum og öðru sem við á þar sem heitt og kalt vatn er notað.

Allir velkomnir! Ókeypis aðgangur!

Tómas I. Helgason, nemi í pípulögnum keppir fyrir hönd Íslands í Norðurlandakeppninni. Tómas er Íslandsmeistari iðnnema í pípulögnum 2004.

KEPPNIN HEFST FIMMTUDAGINN 21. APRÍL KL. 9:00
STÓRSÝNINGIN HEFST SAMA DAG KL. 13:00

# Ný verslun Odda
## opnuð í dag í Borgartúni 29




**FARTÖLVA FS195VP**
- 1.6GHz Intel Pentium M
- 512 MB DDR
- 80GB diskur
- 128MB Nvidia Geforce GO 6200
- 15,4" TFT WXGA
- DVD+/-RW Double (DVD skrifari)
- XP Pro

Vörunúmer: LVGNFS195VP

**6.396kr.*** á mánuði í 36 mánuði

**Tilboðsverð: 179.900kr.**

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti




**FARTÖLVA B1VP**
- 1.6GHz Intel Pentium M
- 512 MB DDR
- 40GB diskur
- 14.1" TFT XGA
- DVD/CD-RW (CD-skrifari)
- Þráðlaust netkort
- XP Pro

Vörunúmer: LVGNB1VP

**4.834kr.*** á mánuði í 36 mánuði

**Tilboðsverð: 134.900kr.**

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti



**FARTÖLVUTASKA**
Svört fóðruð fartölvutaska með skjalaklemmu í loki og vasa utan á loki.

Vörunúmer: AC62195
**Verð áður: 5.990 kr.**
**Verð nú: 3.990 kr.**




**FARTÖLVA A397XP**
- 2.0GHz Intel Pentium M
- 512 MB DDR
- 80GB diskur
- 128MB ATI Mobility Radeon X600
- 17" TFT WUXGA
- DVD+/-RW Double (DVD skrifari)
- XP Pro

Vörunúmer: LVGNA397XP

**10.562kr.*** á mánuði í 36 mánuði

**Tilboðsverð: 299.900kr.**

*meðalgreiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti



SONY
**T3 MYNDAVÉL**
Stafræn myndavél 5,1 MP með 3x optical aðdrætti. Glæsileg hönnun.

Vörunúmer: DSCT1
**Verð áður: 54.900 kr.**
**Verð nú: 44.900 kr.**



SONY
**W15 MYNDAVÉL**
Myndavél 5,1 MP og 3x optical aðdráttur. Carl Zeiss linsa. USB 2.0.
**Taska og aukarafhlaða fylgja.**

Vörunúmer: DSCW15
**Tilboðsverð: 39.900 kr.**





**SKJALATASKA**
Hefðbundin svört stækkanleg skjalataska úr gæðaleðri með rúskinnsfóðri og gylltum talnalási.

Vörunúmer: FI2008
**Verð áður: 10.999 kr.**
**Verð nú: 6.599 kr.**

**FLATIR SKJÁIR**
Vandaðir, þunnir og nettir skjáir með 1280 x 1024 upplausn. Hátalarar og 3 ára neytendaábyrgð.



**17" LCD skjár**
- Skerpa: 400:1
- Svartími: 16 ms
- Tengi: VGA

Vörunúmer: CIPS776i
Verð áður: 29.800 kr.
**Verð nú: 22.900 kr.**

**19" LCD skjár**
- Skerpa: 700:1
- Svartími: 25 ms
- Tengi: VGA, DVI

Vörunúmer: CIPS976i
Verð áður: 39.800 kr.
**Verð nú: 32.900 kr.**



**SKJALATASKA**
Hefðbundin svört stækkanleg skjalataska úr vönduðu límdu leðri. Rúnnuð horn og gylltur talnalás.

Vörunúmer: FI2009
**Verð áður: 13.999 kr.**
**Verð nú: 7.979 kr.**

Svar mitt er að halda mig að venjulegu fólki, því í hjarta mínu er ég það.

Ingvar Kamprad (f. 1926), sænskur kaupsýslumaður og stofnandi IKEA.

Afgreiðslutími verslunar:
mán. - fös. 08:00 - 18:00
lau. 10:00 - 17:00
sun. 13:00 - 17:00

Verslun Odda • Borgartúni 29 • 105 Reykjavík • Sími 515 5170

ODDI

ODDI HÖNNUN M1045

## Herra Ruddi

Herra Ruddi er ruddi. Hann er einstaklega mikill ruddi. Herra Ruddi er oft með ruddalegar athugasemdir við fólk og hreytir þá ruddalegum athugasemdum í það. Sömu sögu er að segja af **Halldóri Blöndal**, forseta Alþingis. Halldór á það til að hreyta ruddalegum athugasemdum í ó-breytta þingmenn sem fara í taugarnar á honum. Þannig dæmir hann víti á þá þegar þeir tala, jafnvel þótt þeir hafi leyfi til þess.



## Herra Skellur

Herra Skellur er einstaklega óheppinn maður sem er alltaf að meiða sig. Sama hvað Herra Skellur tekur sér fyrir hendur nær hann alltaf að slasa sig á einn eða annan hátt. **Jón Arnar Magnússon** tugþrautarkappi á við sama vandamál að stríða. Jón Arnar hefur reynt við hverja tugþrautina á fætur annarri síðustu ár en einhvern veginn virðist hann alltaf meiðast. Þá skiptir ekki máli í hvaða þraut hann er að keppa; spjót, kúlu eða hoppi, það er alltaf einhver líkamspartur sem gefur sig.



## Herra Sæll

Herra Sæll býr í Sælulandi þar sem allir eru hamingjusamir. Fólk í fýlu þekkist ekki í Sælulandi og þeir sem eru niðurdregnir eru ekki lengi að taka gleði sína þegar þeir mæta Herra Sælum. Sömu sögu er að segja af **Gísla Marteini Baldurssyni**, sjónvarpsmanninum knáa. Gísli Marteinn er alltaf með bros á vör og hlær að öllu, jafnvel þótt umræðuefnið sé ekki fyndið. Og það er eins með Herra Sælan og Gísla Martein, hver sem kemur í þáttinn til sjónvarpsstjörnunnar fer brosandi út.





## Herra Subbi

Garðurinn hans Herra Subba er uppfullur af alls kyns drasli og húsið hans skrýtnara en gengur og gerist. Sennilega kemst enginn í hálfkvisti við Herra Subba í subbuskap nema kannski kvikmyndagerðarmaðurinn **Hrafn Gunnlaugsson**, sem hefur komið sér upp ákaflega sérstöku og að margra mati subbulegu húsi í Laugarnesinu. Garðurinn er uppfullur af alls kyns drasli sem enginn sér tilgang í nema Hrafn sjálfur og húsið hefur tekið á sig undarlega mynd.



## Herra Jóli

Herra Jóli var skapaður í tilefni af jólunum. Hann er frændi jólasveinsins og hleypur í skarðið fyrir hann þegar sá gamli veikist. **Ástþór Magnússon**, forsetaframbjóðandi og friðarsinni með meiru, hljóp einnig í skarðið fyrir jólasveininn þegar hann fór með jólapakka á stríðshrjáð svæði í Írak. Þá hefur hann einnig klætt sig upp á að jólasveinasið þegar hann mætti fyrir dómstóla þar sem hann var ásakaður um að hafa haft í hótunum við íslensk flugfélög.

# Íslenskir Herramenn

Herramenn Rogers Hargreaves hafa glatt ungviði heims um áratugaskeið. Herramennirnir eru orðnir meira en fjörutíu talsins og margir þeirra minna á persónur sem eiga sér stað í raunveruleikanum. ***Fréttablaðið*** bar nokkra Herramenn saman við fræga Íslendinga og viti menn – þeir leynast nokkrir Herramennirnir hér á landi.


VITUS BERING DENMARK

NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á dönsku

- Veltækni
- Veltæknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- Félagsfræðingur



Hafir þú áhuga á að vita meira, komdu þá á **kynningarfund fimmtudaginn 28. apríl 2005 milli kl. 19 og 21:30** í Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1.



Frá 25. til 30. apríl eru fulltrúar frá Vitus Bering, Eli Ellendersen og Jørgen Rasmussen á Hótel Sögu. Hringið í síma 525 9900, leggið inn skilaboð og við munum hringja tilbaka, eða hringið beint í Eli í síma +45 60100151.

VITUS BERING DENMARK
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5100
EMAIL: CVU@VITUSBERING.DK.

www.vitusbering.dk




## Herra Sterkur

Herra Sterkur er svo sterkur að hann getur lyft upp heilu byggingunum. Herra Sterkur er svona sterkur af því að hann borðar svo mikið af eggjum. **Auðunn Jónsson** kraftajötunn er okkar Herra Sterkur. Auðunn sýndi það og sannaði á lyftingamóti um síðustu helgi að þeir eru fáir sem standast honum snúning þegar kemur að því að lyfta lóðunum. Auðunn er svo sterkur að hann gæti ábyggilega lyft heilu húsi, hann hefur bara aldrei reynt það. Hann borðar líka fullt af eggjum eins og Herra Sterkur.

## Herra Æðislegur

Herra Æðislegur er eins og nafnið gefur til kynna æðislegur. Hann á æðislegt hús með æðislegum garði. **Bjarni Benediktsson**, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er ekki ósvipaður Herra Æðislegum. Bjarni þykir með myndarlegri mönnum, kemur af góðum og ríkum ættum, á æðislegt hús í Garðabæ og ferill hans hefur nánast verið lyginni líkastur. Bjarni stofnaði ungur sína eigin æðislegu lögmannsskrifstofu og fór æðislega ungur inn á þing. Þar hefur hann átt æðislega góðu gengi að fagna og er nú formaður allsherjarnefndar þingsins, sem af mörgum er talin æðislegasta nefnd þingsins.





## Herra Kjaftaskur

Herra Kjaftaskur er sá Herramannanna sem talar hvað mest. Það skiptir engu máli hvað er að gerast, Herra Kjaftaskur talar út í eitt. Sömu sögu er að segja af **Steingrími J. Sigfússyni**, sem talar og talar og talar. Steingrímur hefur margoft verið ræðukóngur Alþingis, sé miðað við hverja talaða mínútu, og ber því Herramannsnafnið með rentu. Það skiptir heldur engu máli hvert málefnið er, Steingrímur getur alltaf talað .

# • • Ótakmarkað niðurhal og enn ódýrastir!




## V20 extra

- • • 6 Mb/s hraði
- • • 5 póstföng
- ! Afnot af þráðlausum beini án endurgjalds*
- ! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**5.490 kr.**

á mánuði allt innifalið!



Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift eða hringdu í síma 588-1234 og við sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til notkunar þér að kostnaðarlausu!

**• • hafðu hraðann á taktu fleiri bita!**

BTNET

*M.v. 12 mánaðar samning. www.btnet.is.

# Barnabókahátíð Eddu







**Tímasettar uppákomur**

**Kl. 11.00** – Áslaug Jónsdóttir og Guðrún Helgadóttir lesa upp

**Kl. 12.00** – Sigrún Eldjárn og Halla Sverrisdóttir lesa upp

**Kl. 12.30** – Kalli á þakinu kemur í heimsókn

**Kl. 13.00** – Sigþrúður Gunnarsdóttir og Þorleifur Hauksson lesa úr verkum Astrid Lindgren

**Kl. 14.00** – Upplestur úr Ævintýrum H.C. Andersen og Ragnheiður Gestsdóttir les úr verðlaunabók sinni Sverðberanum.

**Kl. 15.30** – Benedikt búálfur mætir á svæðið

**Kl. 13.00-16.00** – Halldór Baldursson í teiknihorninu Dýr og draugar









…í Húsdýragarðinum

# í dag!



## Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

### Dagskrá

- **Bókamarkaður** í veitingatjaldi.
- **Teiknihornið Dýr og draugar** – Halldór Baldursson myndskreytir leiðbeinir börnum við teikningu.
- **Ratleikur** um garðinn. Þeir sem ljúka ratleiknum fá glaðning og fara í pott þar sem dregnir verða út veglegir vinningar.
- **Upplestur**. Barna- og unglingabókahöfundar lesa úr bókum sínum.
- **Benedikt búálfur** kemur í heimsókn.
- **Kalli á þakinu** kemur í heimsókn.
- **Kynning** á Barnabókaklúbbum Eddu í tjaldinu.
- Danól gefur **góðgæti** á meðan birgðir endast.

**Kalli**
kemur í heimsókn



BENEDIKT BÚÁLFUR
kemur í heimsókn



Disney klúbburinn
ANDRÉS ÖND
GALDRA stelpur
Fruity Smarties
MYNDASÖGU SYRPA
BÓKA ORMAR

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Töffararnir í **Franz Ferdinand**, ljúfmennin í **Shadows**, hinir trylltu meðlimir **Iron Maiden**, gamli maskaraaðdáandinn **Alice Cooper** og enn fleiri munu leggja leið sína til Íslands í sumar. Tónleikasumarið í fyrra var mikið lofað og sumarið í ár ætlar ekki að gefa neitt eftir með fjölbreyttum og fjölmörgum tónleikum.



**IRON MAIDEN** Þeir munu hrista upp í mörgum rokkáhugamönnum á landinu og halda tónleika 7. júní í Egilshöll.

# Tryllt tónleikasumar í augsýn



**FRANZ FERDINAND** Þeir eru í hópi nördalegu en þó töffaralegu hljómsveitanna og spila frábært, melódískt pönkrokk. Þeir halda tónleika hér á landi 27. maí.

**ROBERT PLANT** skemmti rokkþyrstum *í Laugardalshöll.*
Sumarið er jú komið samkvæmt dagatali og fyrstu tónleikar sumarsins 2005 voru í gær. Robert Plant og hljómsveit hans, The Strange Sensation, eru í tónleikaferð í tilefni af útkomu Mighty Rearranger, nýjustu plötu Plants. Eftir talsverða umhugsun ákváðu Plant og umboðsmaður hans að velja íslensku hljómsveitina Ske sem upphitunarsveit. Led Zeppelin hélt eftirminnilega tónleika í Laugardalshöllinni árið 1970 og eftirvænting aðdáenda þeirra hefur eflaust verið mikil.

**SHADOWS** fá unnendur eldri tónlistar til að dilla sér við ljúfa tóna *5. maí í Kaplakrika.*
Miðar á tónleikaferð þessarar bresku gítarhljómsveitar hafa rokið út undanfarið og orðið er uppselt á öllum þeim stöðum sem þeir spila á úti í heimi í vor. Lítið er eftir af miðum hérlendis og fer því hver að verða síðastur að tryggja sér aðgöngurétt. Þetta verður í annað sinn sem sveitin skemmtir íslenskum tónleikagestum en þeir félagar héldu tónleika á Broadway árið 1986. Miðar eru seldir í verslunum BT, Skífunni og á netinu.

Nördalegu ofurtöffararnir í **FRANZ FERDINAND** fá stelpurnar til að skríkja af ánægju þann *27. maí í Kaplakrika.*
Það er ekki nema rúmur mánuður þar til skosku listnemarnir sem brilleruðu óvænt á síðasta ári með frábæru pönkrokki, leggja leið sína til landsins. Ekki hefur enn verið ákveðið hverjir munu hita lýðinn upp fyrir Franzarana. Þessir skosku fyrrverandi listnemar, sem sneru sér að nýbylgjurokki og sigruðu heiminn með fyrstu plötu sinni, munu trylla íslenska unnendur tónlistar þeirra í lok maí. Lítið er eftir af miðum á tónleikana og ættu sem flestir að tryggja sér aðgöngu því kapparnir eru víst með betri tónleikasveitum.

**IRON MAIDEN** trylla lýðinn *7. júní í Egilshöll.*
Búast má við miklu sjónarspili þetta kvöld í Egilshöll því sveitin mun koma með gífurlega mikið af sviðsbúnaði fyrir tónleikana. Þessi tónleikaferð byggist mikið á þeirra eldri og þekktari lögum og mega því sannir aðdáendur sveitarinnar búast við rosalegum tónleikum. Miðar á tónleika sveitarinnar á Norðurlöndum seldust fljótt upp og eflaust munu einhverjir frændur okkar þaðan skella sér hingað til þess að berja goðin augum. Miðasalan er hafin en ekki er orðið ljóst hvaða íslensku rokkhundar munu sjá um upphitun fyrir herlegheitin.

**VELVET REVOLVER** rokka í *Egilshöll 7. júlí.*
Ofurgrúppan Velvet Revolver er einnig á leiðinni á landið. Hljómsveitina skipa Slash, Duff McKagan og Matt Sorum úr Guns n' Roses, söngvarinn Scott Weiland úr Stone Temple Pilots og David Kushner úr Wasted Youth. Sveitin fékk nýlega Grammy-verðlaunin fyrir að vera besta rokkhljómsveitin. Íslensku rokkhundarnir í hinni trylltu og stórgóðu hljómsveit Mínus hita upp og munu eflaust gefa hinum heimsfrægu rokkurum lítið eftir. Efnið sem flutt verður á tónleikunum er mest Guns n' Roses-efni en einnig þeirra eigið auk Stone Temple Pilots-efni.

**ALICE COOPER** mætir gamall og krumpaður en alltaf jafn trylltur í *Kaplakrika 15. ágúst.*
Forsala á tónleikana hefst fimmtudaginn 7. apríl. Kallinn er af flestum talinn brautryðjandi í sjokkrokki og er þekktur fyrir frábæra sviðsframkomu. Hann er ennþá með maskara niður á kinnar og ennþá í glam-rokkbúningnum sínum. Áhrif Coopers má finna hjá fjölmörgum rokksveitum eins og til dæmis Kiss, Misfits, King Diamond, Slipknot og Marilyn Manson. Miðasala á tónleikana fer fram á concert.is og í verslunum Skífunnar og BT.

Auk allra þessara listamanna sem munu skemmta okkur í sumar eiga eflaust fleiri eftir að bætast í hópinn. Sögur þess eðlis að hljómsveitin **Queen of the Stone Age** og **Foo Fighters** muni láta sjá sig eru háværar. Einnig á **Snoop Dogg** að drekka gin og djús á Klakanum í sumar. Hæst ber þó sagan um **Duran Duran**, svo hátt að þeir staðfesta sögusagnirnar á vefsíðu sinni þar sem tilkynnt er um tónleikana á Íslandi. Tónleikafárinu linnir ekki um haustið því nú þegar hafa þau **Joe Cocker**, **Sissel Kirkebö** og **Kiri Te Kanawa** boðað komu sína og tónleikadagskrá ársins því bæði fjölbreytt og skemmtileg. Eflaust eiga svo fleiri listamenn eftir að bætast í hópinn því að sjálfsögðu eru fleiri æstir í að bætast í hóp allra hinna Íslandsvinanna.

hilda@frettabladid.is






**ALÞJÓÐLEG HUNDASÝNING ÍSHUNDA**

Núna um helgina eru íshundar með sína árlega vorsýningu 23 og 24 Apríl í reiðhöll Gusts Kópavogi. Sýningin hefst klukkan 11:00 báða dagana og verður langt fram eftir degi. Á þriðja tug hundategunda verða sýndir og þá einnig hundar af nýjum tegundum sem ekki hafa verið sýndir á Íslandi áður. Miðaverð 500 kr.





**TVÍHÖFÐI** Kínverskur maður sem fann tvíhöfða slöngu í garði sínum vill eiga hana sem gæludýr.

Húseigandi í Kína:

# Fann tvíhöfða snák í garðinum

Kínverskur maður sem fann tvíhöfða snák í garði sínum hefur ákveðið að eiga kvikindið sem gæludýr. Maðurinn sem heitir Yang rakst á tvíhöfðann í tómum poka við hús sitt í Zhenyang í Henan-héraði. Fór hann fljótt að finna til væntumþykju í garð snáksins og hefur nú tekið þá ákvörðun að ala hann upp í sæmilega stórum vatnsbala heima.

Báðir hausar snáksins eru fullvaxnir og hafa fullþroskuð augu og munn. Snákurinn, sem er rauð- og svartröndóttur, er tæpur metri á lengd og þykkur eins og digur þumall. Að sögn Yangs er tvíhöfðinn afar lystugur og óseðjandi í mýs. ■

# Þriggja tíma íslenskur gjörningur

Í kvöld er safnanótt í þýsku stórborginni Frankfurt, en þá eru öll söfn borgarinnar opin til miðnættis. Meðal atriða á Schirn Kunsthalle, einu virtasta nútímalistasafni Þýskalands, verður frumfluttur þriggja tíma gjörningur Gjörningaklúbbsins.

„Við erum náttúrlega að drepast úr stressi því gjörningurinn er sá lengsti sem við höfum skapað," segir Jóní Jónsdóttir, sem áður hefur gert gjörning upp á fjörutíu mínútur ásamt þeim Eirúnu Sigurðardóttur og Sigrúnu Hrólfsdóttur í Gjörningaklúbbnum.

Gjörningurinn nefnist „Creation – Corruption – Celebration" og fjallar um sköpun, vald, niðurrif og fögnuð, en til þess notar Klúbburinn margens, gjaldmiðil Gjörningaklúbbsins og slægan, glysgjarnan hrafn.

„Þetta er mikið verkefni og mikil áskorun. Munur á leiklist og gjörningalist er sá að við æfum ekki gjörninga fyrir fram, en skipuleggjum okkur vel og skiptum niður í hlutverk, svo úr þessu verði heilsteypt verk en ekkert rugl. Gjörningurinn verður svo ekkert maraþon fyrir áhorfendur. Þeir geta komið og farið að vild, en við munum hvílast, matast og drekka við borð sem er hluti verksins," segir Jóní og bætir við að fyrst þegar Gjörningaklúbburinn fór til útlanda hafi fáir stundað gjörninga.

„En gjörningar eru að koma æ meira inn í myndlist aftur og virðast fara í hringi eins og tískan. Það loðir bara við Íslendinga að vera duglegir á undan hinum og margir eru að gera gjörninga á Íslandi þessa dagana." ■












**Heyrst hefur...**

... að Heimir Ríkarðsson, fyrrum þjálfari Fram, hafi rennt norður til Akureyrar í gær þar sem hann hyggst eyða helginni. Spurning hvort KA-menn nýti tækifærið og ræði við Heimi um að taka við karlaliði sínu en þeir hafa þegar lýst yfir áhuga á að ræða við Heimi og veit Heimir vel af áhuga liðsins.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR INGI SKÚLASON MUN FARA FRÁ ARSENAL EFTIR TÍMABILIÐ:** LEITAR AÐ LIÐI TIL AÐ SPILA MEÐ

# Ekki sjálfgefið að ég fari í Fylki

Svo gæti farið að Ólafur Ingi Skúlason, knattspyrnumaður hjá Arsenal, komi heim til Íslands í sumar og spili með liði í Landsbankadeildinni. Ólafur verður laus allra mála hjá Arsenal um leið og keppnistímabilinu lýkur í Englandi í maí og segist Ólafur ætla að reyna eftir fremsta megni að komast að hjá öðru liði erlendis. Nokkur lið séu inn í myndinni en ef allt fari á versta veg þá sé alltaf inni í myndinni að koma heim.

„Fyrir utan deildirnar í Skandinavíu og 1. deildina í Englandi, þá er ég spenntur fyrir Hollandi. Þótt mér líði mjög vel í Englandi þá er ég alveg opinn fyrir því að breyta til," sagði Ólafur Ingi í samtali við Fréttablaðið í gær, en vitað er að Groningen í Hollandi hefur í nokkurn tíma haft auga á honum. Ólafur kveðst ekkert vera að flýta sér að finna nýtt lið.

„Tímabilið er ekki búið ennþá og framundan eru mikilvægir leikir fyrir mig. Landsleikirnir í byrjun júní á Íslandi eru sérstaklega mikilvægir og á þeim verða örugglega einhverjir útsendarar."

Ólafur hefur þegar hafnað tilboði frá einu liði í Skandinavíu og einu neðrideildar liði á Englandi en hann vill ekki nafngreina þau þar sem líklegt er að þau hafi ekki enn gefið upp á bátinn að fá Ólaf í sínar raðir.

Vitað er að lið Fylkis mun beita sér fyrir því að fá Ólaf í sínar raðir kjósi hann að snúa heim í sumar, en hann er uppalinn í Árbænum og hefur aldrei spilað fyrir annað lið á Íslandi en Fylki.

Þorlákur Árnason, þjálfari liðsins, staðfesti við Fréttablaðið að félagið hefði verið í sambandi við Ólaf Inga en leikmaðurinn segir það alls ekki sjálfgefið að hann fari til Fylkis ef hann á annað borð ákveður að koma heim. „Það eru nokkur lið heima sem líta vel út og ég mun einfaldlega leita eftir því að fá sem bestan samning."



**> Við gleðjumst yfir því ...**

... að Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handbolta, skuli finna tíma í þéttri dagskrá sinni til að fara í frí. Hann lætur ekki úrslitakeppnina í handbolta stoppa sig í að sleikja sólina á portúgölskum ströndum þessa dagana.



**> Við hrósum ...**

... Óskari Bjarna Óskarssyni, þjálfara handboltaliðs Vals, fyrir að líta raunsætt á árangur liðsins í vetur. Margir þjálfarar kjósa yfirleitt að stinga höfðinu í sandinn þegar illa gengur en Óskar Bjarni stendur keikur og viðurkennir að hann sé hundfúll með árangur liðsins sem hafi verið undir væntingum.








# Árangurinn í vetur undir væntingum

## Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, á eitt ár eftir af samningi sínum við félagið og segist halda áfram janfvel þótt hann sé hundfúll með afrakstur vetrarins.

**HANDBOLTI** Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, var með stóryrtar yfirlýsingar fyrir leikina gegn Haukum í undanúrslitum DHL-deildar karla og spáði sínu liði Íslandsmeistaratitli. Haukar unnu hins vegar einvígið, 2-0, og hafa Valsmenn því lokið keppni þennan veturinn. Óskar Bjarni sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann þyrfti að éta þessi ummæli ofan í sig en sæi þó ekki eftir því að hafa látið þau falla. „Ég hafði alltaf trú á mínum mönnum og stóð og féll með þeirri trú."

Óskar Bjarni á eitt ár eftir af þriggja ára samningi sínum við félagið og sagðist búast við því að halda áfram. „Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu núna en ég tel að ég hafi fullan stuðning stjórnarinnar. Því er þó ekki að leyna að ég er óánægður með árangurinn í vetur. Við stóðum ekki undir væntingum, féllum út úr 16 liða úrslitum í bikarnum, duttum út í 1. umferð Evrópukeppninnar og enduðum í fjórða sæti í deildinni eftir að hafa verið efstir þegar hún hófst í febrúar. Þetta er nú ekki glæsilegt, því ég tel að við hefðum átt að ná betri árangri með þetta lið," sagði Óskar Bjarni.

Hann sagðist þó ekki vera öruggur um starf sitt því það hefði sýnt sig á undanförnum dögum að það gæti allt gerst í handboltanum. „Fyrst Heimir Ríkharðsson var látinn fara frá Fram þá er ekki einu Chelsea-stjórinn öruggur með starfið. Það að Heimir skyldi vera rekinn er einn mesti skandall íþróttasögunnar. Hann var ekki með neitt lið í höndunum og náði frábærum árangri. Þetta er ótrúlegt," sagði Óskar Bjarni og bætti við að hann vildi nota tækifærið og lýsa yfir fullum stuðningi við kollega sinn Heimi Ríkharðsson. oskar@frettabladid.is



**ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON, ÞJÁLFARI VALS** Fer ekki í launkofa með óánægju sína yfir árangri Valsmanna í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


# Ársfundur

## Almenna lífeyrissjóðsins árið 2005

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl næst komandi á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15.**

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2004 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á markmiðum og fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um laun stjórnar.
7. Önnur mál. *Kynning á tillögum um sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins.*

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*

*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

www.almenni.is




**HEIMIR ÖRN ÁRNASON** Einn þeirra sem er með lausan samning hjá Val.

Handboltinn í Val:

# Margir með lausan samning

**HANDBOLTI** Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, sagði að undirbúningurinn fyrir næsta vetur færi á fullt á næstu dögum.

„Við þurfum tvo daga til að jafna okkur en síðan ætlum við að semja við okkar menn sem eru með lausan samning – það er forgangsverkefni hjá okkur," sagði Óskar Bjarni en meðal þeirra sem eru með lausan samning eru Heimir Örn Árnason, fyrirliði liðsins, markvörðurinn Hlynur Jóhannsson og Sigurður Eggertsson.

Óskar Bjarni staðfesti að Valsmenn væru að reyna að fá stórskyttuna Árna Þór Sigtryggsson í sínar raðir. „Okkur vantar skyttu og það væri frábært að fá Árna Þór. Það eru hins vegar öll lið á eftir honum þessa dagana þannig að við verðum að hafa aðra leikmenn í bakhöndinni." ■



BT Berst gegn leiðindum
Sumar-tilboð
GLEÐILEGT SUMAR
17" FLATUR SKJÁR
Sumargjöf!
Með Medion V8 530
Epson L410 myndavél
14.999
Veldu á milli
512MB MEDION MP3 spilari
14.999
Þýska Stálið
DVD brennari
512 MB minni
160 GB Harður diskur
Þráðlaust netkort
Sjónvarpskort
Media bay
4.108*
MEDION® XXL²
MEDION V8 530 Grantsdale 6600 - 5485is
• Intel Pentium 530 Prescott
• nVidia GeForce 6600 PCIexpress 16x
• 512MB DDR 400 MHz vinnsluminni
• 160GB SATA Harður diskur
• High Definition Audio Sound
• DVD drif
• DVD skrifari "Dual layer"
• Medion Media Bay
• Þráðlaust netkort 802.11g
• Sjónvarpskort og fjarstýring
POWERED BY DDR MEMORY
DVD R/RW
FireWire
CERTIFIED USB
NVIDIA. GeForce Go 6 Series
Bylting í skjákortum
nVidia GeForce 6
nVidia GeForce 6 er bylting í skjákortum. Ný tækni sem setur ný viðmið hvað varðar afl, gæði og skemmtun.
Vertu tilbúinn fyrir næstu kynslóð leikja með nVidia GeForce 6 skjákortunum.
SWAT4
FYLGIR
4.499
Þú velur greiðsluform sem hentar
4.108* Tölvukaupalán 48 mán.
Heildarverð: kr. 197.133
11.999** Vaxtalaust 12 mán.
Heildarverð: kr. 145.392
143.988 Staðgreitt
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
Þráðlaust net
Öflugt þráðlaust netkort er innbyggt í vélinni, engar snúrur - ekkert vesen. Nýjasti og hraðvirkasti staðallinn: 802.11g og 54 Mbps.
WiFi
PCI Express
Eldri PC vélar með AGP tækni hafa einungis 2.1GB/Sek bandbreidd milli skjákorts og örgjörva, með nýju PCI Express tækninni þá er hraðinn aukinn í 4 GB/Sek eða um 90%.
PCI EXPRESS
Sjónvapskort og fjarstýring
Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD. Hægt að "pása" beina sjónvarpsútsendingu o.fl.
TV OUT
Intel örgjörvi og kubbasett
með Hyperthreading tækni sem eykur afköst um allt að 22%. Nýjasta kubbasettið frá Intel sem tryggir gæði og áreiðanleika, útbúið nýjustu tækni eins og Serial ATA, Intel High Definition Audio, PCI Expresso.fl.
Gullna tölvan
Allar Medion tölvur eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum í Þýskalandi. Þá hafa Medion tölvur unnið til ótal verðlauna t.d. Gullnu Tölvuna
DER GOLDENE COMPUTER
Stafræn tökuvél
Panasonic
MiniDv videóvél NVGS17B
BT Bestu kaupin
Ljósmyndataka
Tökuvélin er líka ljósmyndavél. Notaðu SD/MMC kortið eða taktu ramma úr hreyfimynd.
NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.
800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.
WINDOWS MOVIE MAKER
FireWire Klipptu sjálfur í tölvu
CCD Myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast.
DV tengi og USB2
DV tengi og nýjustu USB tengi möguleikunum.
2.5" Litaskjár
Hágæða LCD litaskjár sem þú snúið eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.
Einfalt stjórnborð
Panasonic passar upp á að þú getir notað alla möguleika á sem einfaldasta máta.
**3.299
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
39.588 STAÐGREITT
Heildarverð er 41.528 krónur.
Panasonic gæði!
Panasonic er einn stærsti tökuvélaframleiðandi í heiminum í dag. Panasonic hefur veri
Panasonic hefur alltaf framleitt tæki sem standast ströngustu kröfur neytenda, bæði hva
MP3 spilarar
20 Gigabæt
2.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT
MEDION®
MEDION MPOD 20GB
MD95304
• 20 GB harður diskur
• Geymir allt að 10.000 lög
• Snertihnappar
• Heyrnatól fylgja
14.999
MEDION®
MD42692
• 512MB • USB MP3
• Minnislykill
Innbyggt útvarp!
8.999
11.999
18.999
22.999
aigo
F660-512MB
AIGO F660 512MB MP3
aigo
E808A-256MB
Aigo USB MP3 spilari
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444


**SIGURSTRANGLEGAR** Stórskyttan Ramune Pekarskyte er eitt af mörgum vopnum í sóknarleik Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Úrslitaeinvígi Hauka og ÍBV í DHL-deild kvenna í handknattleik hefst í dag:

# Erlendur telur að Haukarnir vinni

**HANDBOLTI** Leið liðanna tveggja í úrslitaleikina var nokkuð ólík, því á meðan Haukastúlkur völtuðu yfir alla andstæðinga sína lentu Eyjastúlkur í hörkurimmu við lið Stjörnunnar og höfðu að lokum 2-1 sigur.

Haukaliðið er vel mannað, er deildarmeistari og hefur heimavallarréttinn í úrslitarimmunni og því má reikna með að á brattann verði að sækja fyrir Eyjastúlkur í úrslitunum.

Fréttablaðið ræddi við Erlend Ísfeld, þjálfara Stjörnunnar, og fékk hann til að spá í úrslitarimmuna sem hefst í dag en Eyjastúlkur slógu stúlkurnar hans út í undanúrslitum.

„Ég hugsa að ég verði nú að tippa á að Haukarnir vinni þetta. Ef þú hefðir spurt mig fyrir um mánuði síðan hefði ég sagt 3-0 fyrir Hauka, en mér finnst Eyjaliðið hafa farið mjög vaxandi í úrslitakeppninni og þær léku gríðarlega vel á móti okkur, svo ég held ég segi frekar 3-1. Haukarnir vinna fyrsta leikinn og stela svo einum í Eyjum. Mér sýnist það vera um það bil styrksmuninn á liðunum tveimur.

Haukaliðið er mjög vel mannað og breiddin er svo góð að þær geta unnið leiki þó að jafnvel þrjár eða fjórar af þeim eigi ekkert sérstakan dag. Eyjaliðið þarf að eiga hvern toppleikinn á fætur öðrum til að eiga séns í þær og maður á frekar erfitt með að sjá það gerast,“ sagði Erlendur.

Það er auðvitað engin ástæða til að afskrifa ÍBV, þær eru mjög seigar og ég held að þær fari eins langt og Anna Gorkorian fer með þær. Hún er nú að verða komin af léttasta skeiði, en er engu að síður frábær leikmaður. Þetta verður á brattann að sækja fyrir ÍBV og spurning hvort þessar yngri stúlkur hjá þeim hafa þetta rétta hugarfar til að fara í þessa leiki,“ sagði Erlendur. Fyrsti leikur liðanna er eins og áður sagði á Ásvöllum í Hafnarfirði í dag og hefst klukkan 16.15.

baldur@frettabladid.is




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

20 21 22 **23** 24 25 26

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 15.00 **ÍBV** og **KR** mætast á KR-velli í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 15.00 **Stjarnan** og **Breiðablik** mætast á Stjörnuvelli í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 16.15 **Haukar** og **ÍBV** mætast á Ásvöllum í lokaúrslitum DHL-deildar kvenna í handbolta.

### SJÓNVARP

- 10.50 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá fyrri tímatöku fyrir kappaksturinn í San Marínó.
- 11.10 **Upphitun** á Skjá einum. Endurtekinn þáttur.
- 11.40 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Chelsea** og **Fulham** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 13.05 **Íþróttir** á RÚV.
- 13.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.
- 13.55 **NBA – bestu leikirnir** á Sýn. Útsending frá leik **Chicago Bulls** og **Phoenix Suns** í NBA-deildinni í körfubolta árið 1993.
- 14.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Crystal Palace** og **Liverpool** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 15.35 **Motorworld** á Sýn.
- 16.05 **Íslandsmótið í kraftlyftingum 2005** á Sýn.







**ÓSKAÐ VELFARNAÐAR** Stjórn handknattleiksdeildar og leikmenn Fram óska Heimi Ríkarðssyni velfarnaðar í sameiginlegri yfirlýsingu í gær.

Friður og ró að færast yfir Safamýri á nýjan leik:

# Stjórn og leikmenn sættust

**HANDBOLTI** Stjórn handknattleiksdeildar Fram boðaði þá leikmenn og þjálfara Fram sem skrifuðu undir yfirlýsingu til stuðnings brottreknum þjálfara félagsins, Heimi Ríkarðssyni, á fund sinn í gær í þeirri von að lægja óánægjuöldurnar. Sættir virðast hafa náðst á milli leikmanna og stjórnar eftir fundinn, sem var víst ekki án átaka.

Eftir fundinn í gær gáfu stjórn handknattleiksdeildar og leikmenn frá sér sameiginlega yfirlýsingu á heimasíðu félagsins þar sem stríðsöxin er grafin.

„Stjórn handknattleiksdeildar Fram og leikmenn liðsins hafa ákveðið að leggja til hliðar þann ágreining sem uppi hefur verið síðustu daga og ætla með sameiginlegu átaki að hefja liðið til vegs og virðingar á nýjan leik. Báðir aðilar þakka Heimi Ríkarðssyni fyrir frábært starf á undanförnum árum og óska honum velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur í framtíðinni. Jafnframt er Guðmundur Guðmundsson boðinn velkominn til starfa hjá félaginu.“ Svo mörg voru þau orð.

Yfirlýsing leikmanna og þjálfara, þar sem einnig kemur fram gagnrýni á stjórnina, sem birt var á heimasíðu Fram á fimmtudag var tekin út skömmu síðar að beiðni formanns félagsins, Guðmundar B. Ólafssonar. „Svona yfirlýsing á ekkert heima á okkar heimasíðu. Heimasíðan okkar er fréttasíða og þar kemur fram sé á döfinni og hvað Framarar séu að gera,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær. Miðað við þessi orð Guðmundar er einkennilegt að nýjasta yfirlýsingin hafi verið birt á heimasíðu félagsins í gærkvöld.

Fréttablaðið hafði samband við Kjartan Ragnarsson, formann handknattleiksdeildar Fram, sem staddur er í London, vegna málsins í gær en hann kaus að tjá sig ekki.

henry@frettabladid.is




Knattspyrnufélagið Valur fékk tvær sektir á stuttum tíma:

# Valsmenn segjast ekki vera í stríði við KSÍ

**FÓTBOLTI** Það hefur vakið athygli undanfarið að birst hafa neikvæðar fréttir af knattspyrnuliði Vals í tvígang á heimasíðu KSÍ.

Fyrst var félagið áminnt og sektað fyrir slæleg vinnubrögð við skil gagna í leyfiskerfið og síðan var félaginu dæmt tap, 3-0, í leik gegn ÍBV í deildarbikarnum þar sem það notaði Bjarna Ólaf Eiríksson í leiknum en hann hafði fengið þrjú gul spjöld og átti samkvæmt reglum KSÍ að vera sjálfkrafa í leikbanni.

Unnar Steinn Bjarndal, framkvæmdastjóri Vals, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að félagið væri ekki í stríði við KSÍ þrátt fyrir þessi tvö atvik sem hafa komið upp. „Eðli málsins samkvæmt erum við að skoða þetta leyfismál bæði innanhúss og í samvinnu með KSÍ,“ sagði Unnar Steinn og bætti við að hann hefði ekki tekið þátt í gerð gagna fyrir leyfiskerfið þar sem hann hefði ekki hafið störf fyrr en 17. mars. Það segði sig því sjálft að hann hefði ekki komið að málinu.

Varðandi leikbannið sagði Unnar Steinn það hafa verið óþarfa mistök. „Við munum læra af þessu. Það gilda ekki sömu reglur um leikbönn í mótum KSÍ en ég lít svo á að þetta mál sé úr sögunni. Þetta þjappar mönnum saman og setur ekki strik í reikninginn hjá okkur.“

Unnar Steinn sagði einnig að þessar tvær neikvæðu fréttir um



**VALSMENN EKKI Í STRÍÐI VIÐ KSÍ** Segja tvær neikvæðar fréttir af félaginu að undanförnu ekki endurspegla þann meðbyr sem félagið nýtur þessa dagana eins og Reykjavíkurmeistaratitillinn um daginn ber vott um..

Val væru þó engan veginn í takt við uppganginn í félaginu. „Við höfum náð fínum árangri að undanförnu, það á sér stað mikil uppbygging á svæði okkar og við Valsmenn stefnum hátt.“

-óhþ







30% AFSLÁTTUR
Virk Sam-keppni
30% AFSLÁTTUR
Þurrkryddaðar lamba framhryggjasneiðar
1.049 kr./kg.
Verð áður: 1.499
Þurrkryddaðar grísahnakka-sneiðar úrbeinaðar
1.035 kr./kg.
Verð áður: 1.479
Móa tex mex og appelsínu kjúklingur
349 kr./kg.
Verð áður: 499
Nýr valkostur
Sam-keppni
SS. Caj P´s lærissneiðar
1.499 kr./kg.
Verð áður: 1.998
Kjörís Ís ársins
298 kr./1l.
Meira úrval
Kexsmiðjan Möffins með súkkulaði
248 kr./pk.
Kexsmiðjan Hjónabandssæla
199 kr./pk.
Sunquick appelsínu þykkni
249 kr./stk.
X-tra epla og appelsínusafi 1,5 L
99 kr./stk.
Opið alla daga
A L L T A F   F R Á B Æ R   T I L B O Ð

**Meira úrval**

# KRÓNAN

**VIRK SAMKEPPNI**

## VERÐSTEFNA KRÓNUNNAR ER

# LÆGRA VERÐ!



**Goða Lambaframpartur grillsagaður**

**299** kr./kg.




**SnapJacks country og fruit**

**149** kr./pk.




**Weetos Morgunkorn**

**249** kr./pk.

**Meira úrval**




**Freshetta Pizzur**

**299** kr./stk.

**Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR**




Ferðablaðið - sérblað Fréttablaðsins um ferðalög innanlands kemur út þann 5. maí. Farið er vítt og breitt um landið í fjölbreyttu efnisvali og fjallað um ýmsa ferðamöguleika ásamt flestu því sem ferðalangar þurfa að vita um landið okkar. Blaðið kemur út í yfir 100.000 eintökum um allt land.

Ferðablaðið er kjörin leið til að auglýsa ferðatengdar vörur eða þjónustu.

Auglýsendur hafi samband við Hinrik Fjeldsted í síma 515 7592 eða hinrik@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

## STUÐ MILLI STRÍÐA | Sameinast yfir Eurovision

**FREYR BJARNASON** SKRIFAR UM EUROVISION KEPPNINA SEM HEFST Í NÆSTA MÁNUÐI.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Nú styttist óðum í Eurovision keppnina sem í þetta sinn verður haldin í Kiev í Úkraínu eftir tæpan mánuð. Eftir að hafa fylgst með Eurovision leynt og ljóst síðan við Íslendingar tókum fyrst þátt 1986 hef ég komist að þeirri niðurstöðu að lögin sjálf eru síður en svo aðalatriðið þegar kemur að keppninni. Miklu frekar er það stemmningin sem myndast, því lögin sjálf eru oftast nær formúlukennd og jafnvel hallærisleg.

Hér á landi heldur fólk sérstök Eurovision partí þar sem hver og einn keppandi er dæmdur fyrir klæðaburð og frammistöðu og að sjálfsögðu lagið sem hann syngur. Fyrir keppnina hafa fjölmiðlar líka gert sitt til að byggja upp spennuna þannig að ekki fari á milli mála hver sé að fara að keppa fyrir Íslands hönd, hvar og hvenær. Undankeppnir hér á landi hafa líka ennfremur ýtt undir spennuna þegar þær hafa verið haldnar.

Eurovision er fyrir löngu orðin fastur hluti af þjóðarsálinni og ljóst að margir myndu sakna keppninnar ef hún yrði einhvern tímann lögð niður. Flestir eiga einhverjar góðar minningar tengdar þessum árlega viðburði, ekki endilega vegna einhverra sérstakra laga heldur kannski frekar vegna vina- eða fjölskylduhópsins sem þeir hafa eytt kvöldstundinni með.

Málið er nefnilega það að sigurlög lokakeppninnar í gegnum tíðina eru flestum gleymd, enda eru þau mörg hver samin þannig að þau þurfi að passa inn í ákveðinn þriggja mínútna ramma sem nýtur vinsælda í það og það skiptið. Þetta hefur orðið enn augljósara eftir að keppendur fengu að syngja á ensku. Þannig hafa þátttökuþjóðirnar að nokkru leytið horfið frá því að sýna fram á sérstöðu sína.

Vonandi verður keppnin samt góð í ár. Ég vona alla vega að fólk geti skemmt sér vel yfir henni í góðra vina hópi. Þá held ég að aðalmarkmiðinu hafi verið náð. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ KVIKMYNDIR

# Reifst við Hatcher

Leikarinn Pierce Brosnan hefur viðurkennt að hafa lent í rifrildi við Teri Hatcher við tökur á Bondmyndinni Tomorrow Never Dies fyrir nokkrum árum síðan.

„Hún lét mig bíða eftir sér í margar klukkustundir,“ sagði hann. „Ég verð að viðurkenna að ég sagði ýmislegt við hana sem var ekki sérlega fallegt.“ Sagan segir að Hatcher hafi síðar slegið Brosnan í alvörunni í einu atriði myndarinnar til að ná fram hefndum. ■



**PIERCE BROSNAN** Bondinn var ósáttur við framkomu Teri Hatcher við tökur á Tomorrow Never Dies.




Ný sending frá
Italsofa
Mikið úrval af sófasettum og hornsófum
skoðið úrvalið hjá okkur og á www.italsofa.com
◀ Vandað sófasett 3+1+1 með slitsterku áklæði
Verð aðeins kr. 159.000.-
Opið virka daga 10-18
Laugard. 11-16
Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375


■ TÓNLIST

# Gagnrýndur fyrir reykingar

Dansarinn Kevin Federline, eiginmaður poppprinsessunnar Britney Spears, hefur verið gagnrýndur fyrir að reykja ofan í Spears sem er ófrísk af þeirra fyrsta barni.

Teknar voru ljósmyndir af Federline þar sem hann reykti í bíl með eiginkonu sinni sem vöktu hörð viðbrögð hjá ritstjóra tímaritsins Fit Pregnancy. „Ef Kevin vill reykja á hann að gera það einn undir berum himni,“ sagði ritstjórinn. ■



**FEDERLINE OG SPEARS** Federline hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir reykingar sínar.

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN




**THE BRAVERY: THE BRAVERY**

THE BRAVERY ER LÍKLEGAST HLJÓMSVEIT SEM ÞÚ ÁTT ANNAÐHVORT EFTIR AÐ ELSKA EÐA HATA. FRUMRAUN ÞEIRRA ER VANDAÐ SYKURHÚÐAÐ BÍLSKÚRSROKK SEM ÆTTI AÐ KOMA ROKKÁHUGAMÖNNUM Í GOTT SKAP, A.M.K. AÐ FÁ ÞÁ TIL AÐ BROSA.

# Hugrekkið uppmálað?

Það er eitthvað stuðandi við The Bravery. Þeir hljóma eins og sveit sem getur ekki ákveðið sig hvort þeir eigi að verða eins og Duran Duran, The Cure eða The Hives. Söngvarinn virðist þó vera sá eini sem heldur að hann sé í The Smiths. Morrissey-áhrifin í söng hans eru mjög greinileg, þó svo að raddir þeirra séu ólíkar. Textarnir eru líka góðir. Þeir blanda líka afar smekklega saman hljómborðum við ebowgítar.

The Bravery eru melódískir og eru með nokkra slagara í pokahorninu, við eigum eftir að heyra í þeim annað slagið langt fram á næsta haust, það er alveg á hreinu. Þetta er allt frekar smekklegt og smart en af einhverjum ástæðum hreyfir þetta ekkert gífurlega mikið við mér. Sá grunur rennur að mér að þessir menn séu í hlutverkum og eltist of mikið við hluti sem eru ekki þeirra. Það læðist því að mér sá grunur að þeir gætu farið of langt yfir strikið einn daginn og orðið afar óspennandi. Vonandi hef ég bara rangt fyrir mér, því hér innanborðs leynast hæfileikaríkir lagahöfundar.

Ef þið hafið gaman að bílskúrsrokki, húðuðu með sykurflúri frá hinum hárprúða níunda áratug, þá er þetta platan fyrir ykkur. Hér er vel hægt að missa sig í dans á góðum degi.

Birgir Örn Steinarsson


Þú færð...
BETRI DÍL
Á NOTUÐUM BÍL
hjá Ingvari Helgasyni
Allt að 400.000 kr. afsláttur

Vegna breytinga á h... okkar bjóðum við ... á ótrúlegum k...

LO-435
Opel Astra 1.2
*nýskr. 06.01. ek 90 þús km*
Verð 910.000,-
Tilboð 720.000,-
Betri díll 650.000,-

SE-688
Nissan Patrol ...
*nýskr. 02.04. ek 10...*
Verð 4.180.00...
Tilboð 3.73...
Betri dí...

...a Coupe
*... ek 32 þús km*
...180.000,-
...ð 1.680.000,-
...etri díll 1.480.000,-

PF-157
Suzuki Vitara
*nýskr. 06.00. ek. 79þús km*
Verð 1.070.000,-
Tilboð 820.000,-
Betri díll 720.000,-

NB-...
Ti...
Betr... ...,-

AK517
Nissan Terrano Sport
*nýskr 09.01. ek 110 þús km*
Verð 1.870.000,-
Tilboð 1.650.000,-
Betri díll 1.520.000,-

LN-030
Hyundai Elantra
*nýskr. 06.02. ek 54 þús km*
Verð 1.190.000,-
Tilboð 970.000,-
Betri díll 890.000,-

VJ-339
VW Passat Basic Line
*nýskr. 07.99. ek 74 þús km*
Verð 1.080.000,-
Tilboð 880.000,-
Betri díll 780.000,-

KX-416
MMC Lancer Wagon
*nýskr. 03.97. ek 131 þús km*
Verð 640.000,-
Tilboð 420.000,-
Betri díll 380.000,-

TB-349
Suzuki Ignis
*nýskr. 12.03. ek 18 þús km*
Verð 1.330.000,-
Tilboð 1.070.000,-
Betri díll 980.000,-

NOTAÐIR BÍLAR
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00
Fíton/SÍA

**!**

**Kl. 9.30**
*Ljóðaþing verður haldið í dag og á morgun í Háskóla Íslands, stofu 101 í Odda, þar sem 32 fræðimenn halda erindi um ljóðagerð undir yfirskriftinni* ***Heimur ljóðsins****. Fjallað verður jafnt um ljóð sem frumort eru á íslensku, þýdd ljóð og óþýdd erlend ljóð. Þingið er öllum opið.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Stórsveitamaraþon

Stórsveit Reykjavíkur stendur fyrir Stórsveitamaraþontónleikum í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Fram koma níu stórsveitir víðsvegar að af landinu og ein frá Færeyjum. Hver sveit mun leika í um það bil hálfa klukkustund og munu tónleikarnir standa í fjórar klukkustundir. Þeir hefjast kl. 13 og standa til kl. 17. Gert er ráð fyrir að áhorfendur komi og fari að vild.

Það er Stórsveit Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins D. Krisinssonar sem ríður á vaðið klukkan 13, en hálftíma síðar tekur við Stórsveit Tónlistarkóla Hafnarfjarðar, bæði yngri og eldri deildin. Klukkan 14 er röðin komin að færeysku gestunum í Stórsveit Tónlistarskólans í Þórshöfn í Færeyjum. Hálftíma síðar byrjar yngri deild Stórsveitar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar að þeyta lúðra sína. Klukkan 15 stígur svo Stórsveit Tónlistarskóla FIH á sviðið og hálftíma síðar tekur Stórsveit Tónlistarskóla Seltjarnarness við. Klukkan 16



er svo röðin komin að eldri deild Stórsveitar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og lestina rekur svo Stórsveit Reykjavíkur. Stjórnendur sveitanna eru Sigurður Flosason, Stefán Ómar Jakobsson, Kári Einarsson, Eyþór Kolbeins, Eiríkur Skála, Edward Fredriksen, og Karen Sturlaugsson.

### EKKI MISSA AF…

... fjórum sýningum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum, sem öllum lýkur á morgun. Í Hafnarhúsinu lýkur Myndasögumessunni og einkasýningu Brynhildar Þorgeirsdóttur. Á Kjarvalsstöðum lýkur yfirlitssýningu á verkum Harðar Ágústssonar og samvinnuverkefni þeirra Helga Hjaltalín Eyjólfssonar og Péturs Arnar Friðrikssonar. Á morgun verða leiðsagnir um allar sýningarnar klukkan 15.

... sýningu Leifs Breiðfjörð í forrými Salarins í Kópavogi, sem stendur til 1. maí. Leifur verður með leiðsögn um sýningu sína í dag og á morgun, báða dagana klukkan 14.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

21 22 **23** 24 25

**Laugardagur**

#### KVIKMYNDIR

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir rússnesku kvikmyndina **Þegar trönurnar fljúga** frá 1957 eftir Mikhail Kalatozov í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Myndin er með enskum texta.

20.00 **Hlynur Magnason** sýnir hreyfimyndir í Kaffi Hljómalind.

#### TÓNLEIKAR

14.00 Vortónleikar **Lúðrasveitar verkalýðsins** verða haldnir í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi er **Tryggvi M.**


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**GRJÓTHARÐIR SÝNINGUM AÐ LJÚKA Á SMÍÐAVERKSTÆÐINU!**

**Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **uppselt**.

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
**Frumsýning mið. 27/4 örfá sæti laus**, 2. sýn. fös. 29/4 **örfá sæti laus**, 3. sýn. sun. 1/5 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fim. 28/4 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 **örfá sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

**Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 28/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**. **Sýningum að ljúka á Smíðaverkstæði.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Fös. 29/4 **nokkur sæti laus**, **aukasýning sun. 1/5**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **örfá sæti laus**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5 **uppselt**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Í kvöld kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Í dag kl 14 - **UPPSELT,**
Su 24/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Su 1/5 kl 14, Su 1/5 kl 17, Fi 5/5 kl 14,
Lau 7/5 kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl. 20, Su 24/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 29/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 1/5 kl 20, Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.,** Fö 6/5 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.,** Su 8/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Í kvöld kl 20, Lau 30/4 kl 20, Su 1/5 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag


# Í leit að íslenskum hljómi

„Ég hef alltaf haft áhuga á íslenskri tónlist og íslenskri menningu og þekki þetta allt saman mjög vel," segir Kristín Jónína Taylor, íslensk-bandarískur píanóleikari sem í dag heldur sína fyrstu tónleika hér á landi í Salnum í Kópavogi.

Hún hefur hlotið ákaflega góðar viðtökur í Bandaríkjunum fyrir flutning á norrænum píanóverkum. Á tónleikunum í dag flytur hún bæði norræna tónlist og bandaríska auk verka eftir Skrjabin og Debussy.

Norrænu verkin eru eftir Grieg og Þorkel Sigurbjörnsson en bandaríska verkið er píanósónata eftir Samuel Barber, sem hún segir vera mjög þekkt verk í Bandaríkjunum.

Þótt Kristín Jónína hafi alist upp í Bandaríkjunum hefur hún oft komið til landsins, enda bjó amma hennar hér meðan hún var á lífi.

„Við komum alltaf í heimsókn til hennar. Ég var líka hálft ár í Hagaskóla þegar ég var sextán ára og var þá líka í píanónámi hjá Halldóri Haraldssyni."

Kristín hefur dvalist hér á landi í vetur. Hún hlaut Fullbright styrk til þess stunda hér rannsóknir á Píanókonsert eftir Jón Nordal, sem hún flutti sjálf á tónleikum í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum. Rannsóknin er hluti af doktorsnámi hennar, sem hún vonast til þess að ljúka á þessu ári.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KRISTÍN JÓNÍNA TAYLOR** Heldur sína fyrstu tónleika hér á landi í Salnum í Kópavogi klukkan 16 í dag. Hún segist sannfærð um að þetta verði ekki síðustu tónleikar hennar á landinu.

Hún segist skynja einhvern séríslenskan hljóm í verki Jóns Nordals, sem erfitt er að skilgreina en rannsóknir hennar beinast ekki síst að því að komast að því í hverju þessi íslenski tónn er fólginn.

„Hann hefur eitthvað að gera með tvísöng og rímnasöng, en það er mjög erfitt að segja hvað þetta er. Þetta er samt eitthvað sem maður getur heyrt í verkinu og eitthvað sem sést líka í náttúrunni, fjöllum og sjónum."

Af einhverjum ástæðum finnst henni Píanókonsert Jóns Nordals vera sérstaklega gott dæmi um þennan íslenska hljóm.

„Ég veit ekki alveg af hverju, en mér finnst eins og þessi píanókonsert hafi ákveðið yfirbragð sem er mjög íslenskt. Samt er þetta mjög abstrakt verk og í því má greina mikið af Bartok og Hindemith, en það eru nákvæmlega þessi áhrif frá Bartok og Hindemith sem hljóma svo íslensk og það heillaði mig."

Styrktímabilið rennur út í næsta mánuði, en Kristín Jónína segist ekki vita ennþá hvort hún verði hér á landi áfram eða haldi aftur út til Bandaríkjanna.

„Við sjáum bara til. Ekkert hefur verið ákveðið ennþá. Mig langar bæði til að vera áfram á Íslandi og líka til að vera í Bandaríkjunum."


**KRINGLUKRÁIN UM HELGINA**



• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878

Pizzeria Bar & Grill

**LOGAR**
frá Vestmannaeyjum um helgina

www.kringlukrain.is

Restaurant Kringlukráin – á góðri stund í mat og drykk



**Apótekarinn** eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



*Vortónleikar Borgarkórsins 2005*

Borgarkórinn

*Sunnudaginn 24. apríl kl. 17:00*
*í kirkju*
*Óháða safnaðarins*
*við Háteigsveg*

*Stjórnendur:*
*Sigvaldi Snær Kaldalóns*
*og*
*John Gear*

Miðaverð kr.1000.
Frítt fyrir börn.



**GERÐUBERG**



**ALÞÝÐULISTAKONAN MARÍA JÓNSDÓTTIR**
sýnir klippimyndir og verk úr muldu grjóti o.fl. í Boganum
Ath! Síðasta sýningarhelgi

**SÝNINGIN STEFNUMÓT VIÐ SAFNARA II**
opnar laugardaginn 30. apríl

www.gerduberg.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

21 22 **23** 24 25

**Laugardagur**

**Baldvinsson**, og verða þetta kveðjutónleikar hans sem stjórnanda sveitarinnar. Einleikari á klarinett er **Sveinhildur Torfadóttir**.

☐ 15.00 Hljómsveitirnar **Bacon** og **Uhu** spila í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

☐ 16.00 **Elma Atladóttir** sópransöngkona heldur einsöngstónleika í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði ásamt **Ólafi Vigni Albertssyni** píanóleikara. Tónleikarnir verða í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði og hefjast klukkan 16:00.

☐ 16.00 Píanóleikarinn **Kristín Jónína Taylor** flytur verk eftir Edvard Grieg, Alexander Skrjabín, Claude Debussy, Þorkel Sigurbjörnsson og Samuel Barber á tónleikum í Salnum í Kópavogi.

☐ 17.00 **Skagfirska Söngsveitin** í Reykjavík heldur 35. vortónleika sína í Langholtskirkju ásamt einsöngvurunum **Hörpu Hallgrímsdóttur, Huldu Guðrúnu Geirsdóttur, Sigurði Skagfjörð Steingrímssyni** og **Stefáni Helga Stefánssyni**. Stjórnandi er **Björgvin Þ. Valdimarsson**.

☐ 17.00 Hljómsveitirnar **Lada Sport** og **Kingston** spila á Kaffi Hljómalind, Laugavegi 21.

☐ 21.00 Strákarnir í **Uhu** spila á Kaffi Hljómalind, Laugavegi 21.

☐ 21.00 Danska hljómsveitin **Kira and the Kindred Spirits** heldur tónleika á Gauki á Stöng. **Pétur** í Tristan og **Lára** hita upp.

☐ 23.00 Hljómsveitirnar **Æla** og **Lokbrá** spila á Grand Rokk ásamt gestum.

### OPNANIR

☐ 15.00 Sýning á vatnslitamyndum eftir **Daða Guðbjörnsson** verður opnuð í Grafíksafni Íslands, sal íslenskrar Grafíkur, Tryggvagötu 17, hafnarmeginn.

☐ 17.00 **Elísabet Ásberg** opnar sýningu í Kaffitári, Staðabrait 8, Njarðvík.

☐ 18.00 **Ólafur Orri Guðmundsson** heldur myndlistasýninguna "Ofvænissjúk Mannskína" í Gallery Gel, Hverfisgötu 37.

☐ **Davið Örn Halldórsson** opnar sýningu sína, Sjáðu alla grænu fokkana, í Gallerí Banananas við Laugaveg.

### SKEMMTANIR

☐ Hljómsveitin **Sín** skemmtir á Ránni í Keflavík ásamt **Heiðu** úr Idolinu.

☐ Dúettinn **Acoustics** skemmtir á Ara í Ögri.

☐ Hljómsveitin **Logar** frá Vestmannaeyjum verða með dúndur dansleik á Krinlgukránni.

☐ Hljómsveitin **Kúng Fú** leikur fyrir dansi í Klúbbnum við Gullinbrú.

### FYRIRLESTRAR

☐ 10.00 **Forboðnir ávextir** nefnist ráðstefna um trú og vísindi sem haldin verður í stofu 101 í Lögbergi, Háskóla Íslands. Til máls taka **Pétur Hauksson** geðlæknir, **Gunnjóna Una Guðmundsdóttir** félagsráðgjafi, **Guðmundur Ingi Markússon** trúarbragðafræðingur, **Steindór J. Erlingsson** líf- og vísindasagnfræðingur, **Atli Harðarson** heimspekingur og **Carlos Ferrer** sóknarprestur. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

### SAMKOMUR

☐ 14.00 Kvennadeild Barðstrendingafélagsins heldur sumarfagnað fyrir Barðstrendinga, 65 ára og eldri, í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14.

### DANSLIST

☐ 15.00 **Ördansahátíð 2005** verður haldin í Góða hirðinu, Nytjamarkaði Sorpu, Fellsmúla 24. Yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni er **Heimilisdansar**.

### SÝNINGAR

☐ 17.00 Listamennirnir **Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Baldur Björnsson, Massi Bjarna, Ólafur Lárusson** og **Sara Björnsdóttir** fremja gjörninga á gjörningaviku Nýlistasafnsins. Dagskránni lýkur með tónleikum **Sæborgarinnar**.

### VIKA BÓKARINNAR

☐ 09.30 **Ljóðaþing** verður haldið í dag og á morgun í Háskóla Íslands, stofu 101 í Odda, þar sem 32 fræðimenn halda erindi um ljóðagerð. Fjallað verður jafnt um ljóð sem frumort eru á íslensku, þýdd ljóð og óþýdd erlend ljóð. Þingið er öllum opið.


Leikfélag Mosfellssveitar

**Ævintýrabókin**
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

7. sýning Laugard. 23.apríl kl. 14:00
8. sýning Sunnud. 01.maí kl. 14:00
9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrum. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-



SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

CARMINA BURANA
CARL ORFF

Tónleikar í Langholtskirkju
sunnudag 24. apríl kl. 20
þriðjudag 26. apríl kl. 20

Einsöngvarar:
Hallveig Rúnarsdóttir, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Þorgeir J. Andrésson

Stjórnandi: Óliver Kentish

Miðar fást við innganginn, í versluninni 12 tónum, Skólavörðustíg 15 og hjá kórfélögum.
Sjá nánar á www.filharmonia.mi.is








Tenórinn

Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar
Laugardaginn 23. apríl kl. 20 - *Uppselt*
*Auka aukasýning*
Laugardaginn 7. maí kl. 20

IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Tjarnarbakkinn restaurant















FYNDIÐ • FERSKT • FJÖRUGT • FARSAKENNT

HÉRI HÉRASON

eftir Coline Serreau

Leikstjóri: Stefán Jónsson

„Ég hef sjaldan séð Hönnu Maríu gera betur."
María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið

„...sýningin var ekki bara skemmtileg og glettilega sett saman heldur komst grafalvarlegur boðskapur hennar mjög vel til skila."
Elísabet Brekkan / DV

„Það er mikill uppgangur í Borgarleikhúsinu þessa daga og sýningin á Héra Hérasyni er dæmi um hve leikhópurinn í húsinu mætir gríðarlega sterkur til leiks."
Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið

„Brilljant leikhús!"
Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið

„Stefán Jónsson hefur, ásamt Berki Jónssyni og hinum, í stuttu máli sagt, gert farsann að listrænum viðburði. Geri aðrir betur."
María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

LÉTTBJÓR



## MÓÐUR VIKUNNAR

### > MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

# *Lýtalausar gallabuxur*

Þegar gallabuxur eru nefndar á nafn koma 501 frá Levis ósjálfrátt upp í hugann enda voru þær buxur óheyrilega vinsælar þegar ég var unglingur. Þetta Levis-æði var hluti af mikilli góðæristíð í mínu lífi. Skrifstofa föður míns var mjög nálægt Levis-búðinni og var það orðinn órjúfanlegur hlutur af bæjarferðum okkar vinkvennanna að koma við hjá honum og fá aur fyrir nýjum gallabuxum. Á þessum tíma nægði ekki að eiga einar bláar og einar hvítar gallabuxur. Í fataskápnum var alla litasinfóníuna að finna, allt frá grænum upp í fjólubláar. Þetta góðæristímabil varð því miður ekki langlíft. Levis 501 fóru úr tísku, skrifstofan hans pabba flutti og við tóku afborganir af steinsteypu. Ég hef líka uppgötvað að það er farsælla að fjárfesta í kvennasniðum ef það er stemmning fyrir því að gallabuxurnar passi og séu klæðilegar. Þar sem 501 er herrasnið uppfyllti það ekki þær kröfur því þær voru alltaf hólkvíðar í mittið ef þær pössuðu um lærin. Það er kannski fyrirgefanlegt að gera þessi mistök á unglingsárunum en þegar fólk er komið í fullorðinna manna tölu er betra að vera með þetta á hreinu. Kröfur til gallabuxna hafa líka breyst töluvert. Í dag vilja konur bæði getað farið í gallabuxunum sínum á ball og unnið í þeim í garðinum. Flestar konur eiga að minnsta kosti einar gallabuxur en langflestar eiga til skiptanna. Með þörfum nútímans hafa stærðirnar líka stækkað (líklega vegna stækkandi hamborgararassa í heiminum) og hafa margar konur dottið í lukkupottinn, eða ekki? Þær nota sömu gallabuxnastærð og þegar þær fermdust þrátt fyrir að hafa tekið út kvenlegan vöxt og bætt á sig nokkrum kílóum. Heimur stækkandi fer. Í dag er svo komið að stjörnurnar úti í heimi hafa tekið ástfóstri við gallabuxur, þá sérstaklega Rock and Republic, Yanuk, Seven for all mankind, Diesel og Calvin Klein svo einhverjar tegundir séu nefndar. Það er svo sem ekkert skrítið að þessi merki hafi slegið í gegn enda búa þau yfir næstum því fullkomnum sniðum sem henta breiðum hópi kvenna. Eða eins og maðurinn sagði: „Fátt gleður hjarta karlmannsins meira en fallegur botn í bláum gallabuxum.“



## Ferskur og frábær



Stuttir bólerójakkar eru eitt af því ferskasta í sumartískunni. Slíkir jakkar voru áberandi um 1950 og voru þeir notaðir við pils og yfir kjóla. Nú kveður við annan tón. Þessi bólerójakki er ögn öðruvísi en fyrirrennarar hans því þessi er úr gallaefni með stuttum ermum. Hann er mjög flottur við við litrík pils og víða toppa. Það má gjarnan nota hálsfestar við hann og næla í hann alls kyns skrauti. Hann fæst í versluninni Zara í Smáralind.

Gallabuxur 20% afsláttur
SUMARAUKI
Bolir 30% afsláttur
Herra hafnarfjörður
Herra Hafnarfjörður • Sími 565 0073

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL. O.FL.



**KATE MOSS** er oftast í loðkeipnum sínum við gallabuxur. Þú getur eignast alveg eins því hann fæst í Flex í Bankastræti.

**SEBRAKJÓLL OG TÍGRISDÝRAPILS,** Karen Millen Kringlunni.



**KAREN MILLEN OG FLEX** bjóða upp á veglegt úrval af skinnskóm.



**TÚRKISLITAÐ** og appelsínugult fer vel með brúnu, Karen Millen Kringlunni.



**SKINNSKÓR** úr versluninni GK, Laugavegi.

# Kitlandi villidýraæði

Þjóðernistískan brýst út í mismunandi myndum. Þegar afrísku áhrifin eru skoðuð er ekki hægt að horfa framhjá dýramynstrunum sem fá að vera með í sumartískunni. Þau hafa þó verið upp á yfirborðinu síðastliðin ár. Annaðhvort hata konur þau eða elska. Til er sérstakur flokkur kvenna, svokallaðar „kattarkonur“ sem elska allt loðið og eiga slíkan fatnað og fylgihluti í massavís. Heimilin eru jafnvel skreytt með villidýramynstri, loðnum púðum í svefnherbergi og beljuskinni á stofugólfi. Þessi hópur kvenna getur því farið á veglegt „vísafyllerí“ í verslunum landsins. Vorlína Dolce-&Gabbana er með ýktara móti en þar fá ýmis villidýramynstur að njóta sín. Ekki er gert upp á milli sebrahesta, slangna eða tígrisdýra. Allt er jafn heitt. Þessi dýramynstur passa gríðarlega vel með safarítískunni og ekki er verra að nota afríska skartgripi með. Eins og síð hálsmen úr dökkum við, tréarmbönd með gullbryddingum og stóra eyrnalokka, einnig úr við. Um er að ræða allt frá loðskinnum til að hafa um hálsinn niður í skó og allt þar á milli. Það er þó alls ekki málið að vera í þessu dýraþema frá toppi til táar. Smekklegra er að nota sebraskóna og -skyrtuna við gallabuxur og láta þar við sitja. Slönguskór og tígrisdýrakjóll eru til dæmis algerlega á bannlista, ef það er notað saman. Það er sumsé auðvelt að ofkeyra þessa tísku og því skal varúðar gætt. Það er dásamlegt að koma í verslunina Flex um þessar mundir. Verslunin er yfirfull af flottu dýradóti, allt frá skóm og veskjum upp í flottar kápur. Karen Millen hefur líka fallið fyrir dýratískunni og má finna ýmsa flotta hluti í þeirri verslun. Eitt er víst að það mun líklega fjölga í hópi „kattakvennanna“ um þessar mundir enda er eitthvað að ef þessi tíska kítlar ekki.

martamaria@frettabladid.is



**SAMKVÆMISVESKI** með dýramynstri færi vel við einfaldan kjól. Verslunin Flex í Bankastræti.



**SKÓR** frá versluninni Flex í Bankastræti.



**LOÐKEIPUR** úr Hvítlist, Krókhálsi.



**DOLCE & GABBANA** eru leiðandi í dýramynstrum en þau eru afar vinsæl í sumarlínunni.



**SEBRAKÁPA** frá versluninni GK.

# Fylgist með tískunni á götum borgarinnar



**> ALDA B. GUÐJÓNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR OG STÍLISTI ÆTLAR AÐ KAUPA SÉR STÓRA GUCCI TÖSKU ÞEGAR HÚN FER TIL LUNDÚNA Á NÆSTUNNI.**

\>>>

Alda hefur verið að vinna að mörgum spennandi verkefnum upp á síðkastið. Hún stíliseraði auglýsingar Sparisjóðsins og forsíðu nýjasta tímaritsins Orðlaus. Um þessar mundir er Alda að koma sér fyrir á nýrri vinnustofu. Vonandi mun afraksturinn líta dagsins ljós með haustinu en fatalína hennar, Bleikur, hefur legið í dvala um tíma vegna anna í stílistastarfinu.

**Fylgist þú vel með tískunni?** Þokkalega. Ég verð þó að viðurkenna að ég hef lítinn tíma til að liggja yfir tískublöðum. Ég fylgist betur með götutískunni á ferðum mínum um bæinn.

**Uppáhaldshönnuðir?** Það er yfirleitt breytilegt. Í dag er það Helle Mardahl en hönnun hennar fæst í Kron. Svo er ég alltaf hrifin af John Galliano.

**Fallegustu litirnir?** Túrksiblár og rauður. Svo er svartur alltaf klassískur.

**Hverju ertu mest svag fyrir?** Ég kaupi mest af skóm og töskum. Ég á þó engin 500 pör af skóm.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Strigaskó úr gullglimmeri í versluninni Kron. Þeir vekja alltaf jafn mikla athygli þegar ég er í þeim.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor-og sumartískunni?** Mér finnst allir þessir kjólar æðislegir ásamt sumarlitunum. Annars finnst mér orðið dálítið erfitt að skilgreina tísku, því það er í raun allt leyfilegt í tísku nútímans.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið?** Stóra GUCCi tösku. Hana ætla ég að kaupa í Selfridges í Lundúnum en ég er á leið þangað. Þessi taska sem mig langar í er með lógómynstri með rauðu og grænu haldi. Ég féll alveg fyrir henni þegar ég sá hana í tímaritinu Vogue á dögunum og sá að ég varð að eignast hana.

**Uppáhaldsverslun?** Spútník og Kron.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Þarf maður að svara því? Ætli það sé ekki eitthvað á bilinu 30-70 þúsund krónur.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Levis gallabuxnanna minna, ég fer í þær nánast daglega.

**Uppáhaldsflík?** Chloé kápan mín sem ég keypti mér í Sævari Karli fyrir fimm árum. Hún er síð og svört með púffermum. Fóðrið í henni er sérlega fallegt en hún er með „sailor" sniði. Ég er búin að nota hana stanslaust allan þennan tíma.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Mér finnst alltaf skemmtilegast að fara til Kaupmannahafnar, New York og London en verslanirnar þar eru þó mjög ólíkar.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Þær hafa verið margar í gegnum árin. Ætli það séu ekki plastbuxur sem ég gekk í á árunum 1992-93 á Rósenbergtímabilinu. Þá var plast það allra heitasta ásamt fjöðrum.

## Pallíettur í hárið



Í vetur var ekki þverfótað fyrir stelpum og konum með þvertopp. Þetta æði er að hjaðna þó það klæði margar hverjar æði vel að vera með topp. Toppurinn er líka sérlega sniðugur yfir vetrartímann enda hlýtt að hafa topp yfir enninu. Þegar sól hækkar á lofti er hinsvegar æði freistandi að taka toppinn frá andlitinu og njóta þess að láta vindinn og sólina leika um andlitið. Að undanförnu hafa pallíettuklútar verið vinsælir til að hafa um hálsinn. Nú er hinsvegar leyfilegt að setja þá í hárið líka og eykur það notagildi klútanna um helming.





## *Sumarhosur*

Þótt það sé gott að vera berfættur í skónum á það ekki alltaf við. Þá er gott að eiga spariileistur í sokkaskúffunni sem hægt er að draga fram við hátíðleg tækifæri. Einir mest sjarmerandi sokkarnir á markaðnum í dag fást í versluninni Kron á Laugavegi. Þeir eru frá hönnuðinum Eley Kishimoto.





VERÐHRUN Á AMERÍSKUM SÓFUM

STÓRLÆKKAÐ VERÐ
EN ÞÆGINDIN ÁFRAM HIN SÖMU

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS


















**ANGELINA JOLIE** Leikkonan vinsæla er tilbúin að ganga upp að altarinu á nýjan leik.

# Tilbúin í hjónaband

Leikkonan Angelina Jolie er tilbúin að ganga upp að altarinu á nýjan leik. Jolie, sem er 29 ára, er tvífráskilin. Seinni eiginmaður hennar var leikarinn Billy Bob Thornton.

„Ég er rosalega rómantísk og væri alveg til í að eiga yndislegt hjónaband sem myndi endast í langan tíma," sagði Jolie, sem á ættleiddan son sem heitir Maddox. „Ég er að leita að manni sem yrði besti pabbi í öllum heiminum," bætti hún við. Orðrómur hefur verið uppi um að hún og Brad Pitt hafi átt í ástarsambandi en hún hefur alltaf vísað því á bug. ■















**Á TÓNLEIKUM** Kraftwerk á tónleikum sínum í Kaplakrika síðasta sumar.

# Tónleikaplata frá Kraftwerk

Þýska hljómsveitin Kraftwerk, sem hélt eftirminnilega tónleika í Kaplakrika fyrir tæpu ári síðan, ætlar að gefa út tvöfalda tónleikaplötu í byrjun júní sem nefnist Minimum-Maximum.

Þar verður að finna upptökur frá tónleikaferð sveitarinnar á síðasta ári en því miður kemst ekkert efni frá tónleikunum hér á landi á plötuna. Lögin spanna 35 ára feril Kraftwerk, sem hélt 69 tónleika víðsvegar um heiminn í fyrra. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Afturendar leikarans **Brads Pitt** og söng- og leikkonunnar **Jennifer Lopez** hafa verið kjörnir þeir fegurstu í Hollywood af lesendum tímaritsins Oxygen. Pitt fékk 34% atkvæða í karlaflokki og í öðru sæti lenti The Rock með rúmlega 10%. Næst á eftir kom annar harðjaxl, Vin Diesel, með 6,4% atkvæða. Í kvennaflokki fékk Lopez fékk tæplega 20% í efsta sætinu og skammt undan kom söngkonan Beyoncé Knowles með tæp 17%. Angelina Jolie varð þriðja með tæp 9% atkvæða.










## STÖÐ 2 BÍÓ



**Agent Cody Banks.** Cody Banks er ekki dæmigerður unglingur. Hann er á mála hjá bandarísku alríkislögreglunni og fær nú sitt fyrsta verkefni. Aðalhlutverk leika Frankie Muniz og Hilary Duff.

**6.00** Wit **8.00** Hey Arnold! The Movie **10.00** Ping **12.00** Agent Cody Banks **14.00** Wit **16.00** Hey Arnold! The Movie **18.00** Ping **20.00** Agent Cody Banks **22.00** Yamakasi (Bönnuð börnum) **0.00** Cradle 2 the Grave (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Bless the Child (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Yamakasi (Bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **13.00** Bravó e.**14.00** Samkoma í Fíladelfíu **16.00** Bravó e. **18.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Billy Graham **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** Blandað efni **13.00** Fíladelfía **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Acts Full Gospel **16.30** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**KATE LEIKUR Í WONDERLAND Á STÖÐ 2 KLUKKAN 21.10 Í KVÖLD**

## *Hélt að leiklistin myndi spilla barnæskunni*

Catherine Anne Bosworth fæddist 2. janúar árið 1983 í Los Angeles í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Fjölskylda Kate var sífellt á faraldsfæti og eyddi Kate því barnæskunni á mörgum mismunandi stöðum. Sex ára flutti hún með foreldrum sínum til San Francisco, síðan til Connecticut þegar hún var níu ára og loks til Cohasset þegar hún var fjórtán ára.

Kate vann til margra verðlauna í hestaíþróttum og þegar hún var fjórtán ára frétti hún af áheyrnarprófi fyrir mynd um hesta, The Horse Whisperer. Þó að Kate færi bara í áheyrnarprófið til að upplifa það að fara í áheyrnarpróf fyrir kvikmynd þá fékk hún hlutverk vinkonu aðalleikkonunnar og fékk að vinna með goðsögninni Robert Redford.

Fyrir The Horse Whisperer hafði Kate aðeins leikið í áhugamannaleikhúsi og sett upp eina sýningu, Annie. En eftir að hún negldi hlutverkið í mynd Roberts Redford tók hún Hollywood með trompi.

Kate var hrædd um að leiklistin myndi spilla barnæskunni og tók sér átján mánaða frí til að lifa venjulegu lífi áður en hún hellti sér í leiklistina aftur árið 2000. Það ár fékk hún hlutverk bæði í The Newcomers og Remember the Titans með Denzel Washington. Þrátt fyrir annasama vinnu náði Kate að standa sig afar vel í miðskóla og var dúxinn í sínum árgangi.

Í frítíma sínum vinnur Kate sjálfboðavinnu og spilar fótbolta og lacrosse. Hún á tvo ketti sem heita Louise og Dusty og býr í Los Angeles.



**Þrjár bestu myndir Kate:** **Remember the Titans** – 2000. **Wonderland** – 2003. **Beyond the Sea** – 2004.




# 60+ kaffi á Hótel Borg í dag

Stuðningsmenn Össurar Skarphéðinssonar í formannskjöri bjóða félögum í 60+ innan Samfylkingarinnar í kaffi og pönnukökur á Hótel Borg í dag kl. 14:00, klukkan tvö, laugardaginn 23. apríl.

Andrea Gylfadóttir, Jakob Frímann Magnússon og hinn eini sanni Raggi Bjarna í léttri sveiflu.

Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, flytur ávarp. Samkomunni stýrir Katrín Júlíusdóttir alþingismaður.

*Á réttri leið með 60+*

*Sími stuðningsmanna* **517 6705**

*www.formadurinn.is*

Talstöðin FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.




**20.30** *Gaman*

**Spaugstofan.** Karl Ágúst, Sigurður, Randver, Pálmi og Örn Árna gera grín að íslensku þjóðfélagi.



**21.10** *Bíó*

**Wonderland.** Mynd um hryllilegt voðaverk þar sem hinn grunaði er enginn annar en klámmyndastjarnan John Holmes.



**11.40** *Enski boltinn*

**Chelsea – Fulham.** Bein útsending frá leik Chelsea og Fulham.

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Brandur lögga (25:26) **8.12** Bubbi byggir **8.22** Brummi (36:40) **8.35** Komdu að leika (2:26) **9.00** Fræknir ferðalangar (34:52) **9.30** Ævintýri H.C Andersens (24:26) **9.57** Kattalíf (3:6) **10.00** Gæludýr úr geimnum (13:26) **10.25** Stundin okkar **10.50** Formúla 1. Bein útsending frá fyrri tímatöku fyrir kappaksturinn í San Marino. **12.05** Kastljósið **12.35** Óp **13.05** Íþróttir **16.10** Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá fyrri tímatöku fyrir kappaksturinn í San Marino. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið Enterprise

**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Laugardagskvöld með Gísla Marteini**
**20.30** **Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik.
**21.00** **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (1:4)** Norræn þáttaröð þar sem kynnt eru lögin sem keppa í Kiev 19. og 21. maí. Hvert Norðurlandanna sendi einn fulltrúa til Stokkhólms til að spá í lögin og gengi þeirra í keppninni. Fulltrúi Íslands er Eiríkur Hauksson söngvari sem tvisvar hefur sungið í keppninni.
**22.05** **Kúrekar í geimnum** (Space Cowboys) Bandarísk ævintýramynd frá 2000. Verkfræðingur á eftirlaunum er fenginn til að bjarga biluðum gervihnetti og hann tekur gamla félaga sína með sér í geimferðina. Leikstjóri er Clint Eastwood og meðal leikenda eru Clint Eastwood, Tommy Lee Jones og Donald Sutherland.

**0.15** Morð fjár (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára) **1.50** Ódrepandi (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **3.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Í Erlilborg, The Jellies, Snjóbörnin, Músti, Pingu 2, Póstkort frá Felix, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Engie Benjy, Hjólagengið, Pétur og kötturinn Brandur 2)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.25** Joey (9:24) **13.55** Það var lagið **14.50** Eldsnöggt með Jóa Fel IV **15.20** Kevin Hill (3:22) **16.15** Sjálfstætt fólk **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes I 2004

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.15** **Whose Line Is it Anyway? 3** (Hver á þessa línu?)
**19.40** **Another Pretty Face** (Ungfrú snoppufríð) Diana Downs er 45 ára fréttaþulur. Hún er góð í sínu starfi og hefur unnið til viðurkenninga. En það er ekki nóg fyrir yfirmenn hennar sem vilja yngri konu í starfið. Diönu er ýtt til hliðar en hún neitar að láta deigan síga. Diana ákveður að leita á náðir fegrunarlæknis, skiptir um hárgreiðslu og fer að aka sportbíl. Aðalhlutverk: Mel Harris, Wendy Braun, Perry King. Leikstjóri: Ray Vega. 2002. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.10** **Wonderland** (Undraland) Árið 1981 var lögreglan í Los Angels kvödd að íbúð þar sem fjórar manneskjur fundust látnar og ein alvarlega slösuð. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Kate Bosworth, Lisa Kudrow, Dylan McDermott. Leikstjóri: James Cox. 2003. Stranglega bönnuð börnum.
**22.50** **Stop Or My Mom Will Shot** (Stans, eða mamma skýtur) Móðir lögreglumannsins Joe heimsækir hann til LA en hann er allt annað en upphrifinn yfir því. Sú gamla er nefnilega stjórnsöm fram úr hófi. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.15** Original Sin (Bönnuð börnum) **2.05** Prelude to a Kiss **3.45** The Glass House (Stranglega bönnuð börnum) **5.30** Fréttir Stöðvar 2 **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**10.20** Þak yfir höfuðið **11.10** Upphitun (e) **11.40** Chelsea – Fulham

**13.40** Á vellinum með Snorra Má **14.00** Crystal Palace – Liverpool **16.15** The Great Outdoors **18.00** Djúpa laugin 2 (e)

**19.00** **Survivor Palau (e)**
**20.00** **Girlfriends** Joan er ekki mjög þakklát þegar vinkonur hennar þiggja ekki að koma í matarboð til hennar.
**20.20** **Ladies man** Jimmy Stiles lifir ekki þrautalausu lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum.
**20.40** **The Drew Carey Show** Félagarnir spila póker við herra Wick í von um að geta unnið starf Drew af honum en það klikkar.
**21.00** **Mr. Mom** Jack og Caroline eru hjón að basla við að ná endum saman. Þegar Jack missir vinnuna ákveða þau að Caroline fari að vinna og Jack sjái um heimilið, sem er ekkert tiltökumál fyrir utan að Jack hefur aldrei lyft litla fingri inn á heimilinu. Með aðalhlutverk fara Michael Keaton og Teri Garr.
**22.30** **The Swan – lokaþáttur (e)**

**23.15** Jack & Bobby (e) **0.00** Dragon: The Bruce Lee Story **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Football: Top 24 Clubs **12.30** Weightlifting: European Championship Sofia **14.30** Snooker: World Championship Sheffield **16.30** Weightlifting: European Championship Sofia **18.00** Snooker: World Championship Sheffield **21.00** News: Eurosportnews Report **21.15** Boxing **23.00** Weightlifting: European Championship Sofia

**BBC PRIME**
**12.00** Doctors **14.00** The Good Life **14.30** Dad's Army **15.00** Top of the Pops **15.55** The Weakest Link Special **16.45** Friends Like These **17.40** Casualty **18.30** Born to Be Wild With Martin Clunes **19.30** Janis Joplin **20.30** Celeb **21.00** Shooting Stars **21.30** Top of the Pops **22.30** The Office **23.00** Atlantis Uncovered **0.00** Antarctica **1.00** In Search of Syphilis

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** The Woman He Loved **14.00** Megastructures **15.00** Air Crash Investigation **16.00** Battle of the Arctic Giants **17.00** Battlefront **18.00** Seconds from Disaster **19.00** Battle of Stalingrad **19.30** Battle of Norway **20.00** The Heroes of Telemark **22.30** Battle of Norway **23.00** Ultimate Survivor – The Mystery of Us

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Animal Cops Houston **22.00** Return of the Cheetah **23.00** Growing Up... **0.00** Big Cat Diary

**DISCOVERY**
**12.00** Ray Mears' Extreme Survival **13.00** Mythbusters **14.00** Speed Machines **15.00** Flying Heavy Metal **15.30** Rivals **16.00** Super Structures **17.00** Blue Planet **18.00** Extreme Engineering **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** World Biker Build-Off **22.00** Trauma **23.00** Plastic Surgery Head to Toe **0.00** Mind Body and Kick Ass Moves

**MTV**
**12.00** MTV goes backstage at the VMAS **12.30** MTV Awards Weekend Music Mix **13.00** MTV Australia Video Music Awards 2005 **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Advance Warning **17.00** European Top 20 **18.00** The Fabulous Life Of **18.30** Cribs **19.00** Viva La Bam **19.30** Pimp My Ride **20.00** Top 10 at Ten **21.00** TMF Awards 2005 **22.00** So '90s **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Flab to Fab **15.00** How the Stars Get Hot **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Flab to Fab **18.00** 20 -1 Hottest Hotties **19.00** Retro Sexual **20.00** Hot Sexy Now All Access **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Spectacular Spas **12.40** City Hospital **13.35** Hollywood One on One **14.00** Weddings **14.25** Matchmaker **14.50** It's a Girl Thing **15.15** Cheaters **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Stylists **17.20** Backyard Pleasures **17.45** City Hospital **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Hollywood One on One **20.15** Sex and the Settee **20.40** Cheaters **21.25** City Hospital **22.20** Crime Stories **23.10** The Race **0.00** Fashion House **0.30** Vegging Out

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** Gastineau Girls **13.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Stunts **18.00** Love is in the Heir **19.00** The Entertainer **20.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Gastineau Girls **0.00** Love is in the Heir

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.20** Digimon I **12.45** Super Robot Monkey Team **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob Two Two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**13.20** Report to the Commissioner **15.10** Square Dance **17.00** K – 9000 **18.35** Thief of Paris, the **20.35** Pulp **22.10** Sketches **23.50** Getting It Right **1.30** Roadhouse 66 **3.05** Magic Sword, the

**TCM**
**19.00** Battleground **21.00** Sergeant York **23.10** Valley of the Kings **0.35** Dark of the Sun **2.15** The Angry Hills

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA kl. 21.00

### Lögin í Evróvisjón kynnt

***Eiríkur hefur tvisvar sungið í keppninni, Gleðibankann fyrir Íslands hönd og seinna söng hann fyrir Noreg.***

Í kvöld verður sýndur fyrsti þáttur af fjórum þar sem kynnt eru lögin sem keppa í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Kiev í Úkraínu, bæði í forkeppninni fimmtudaginn 19. maí og í sjálfri aðalkeppninni laugardaginn 21. maí.
Hvert Norðurlandanna sendi einn fulltrúa til Stokkhólms til að spá í lögin og gengi þeirra í keppninni. Fulltrúi Íslands er Eiríkur Hauksson, söngvari. Þáttunum stjórnar Annika Jankell og auk Eiríks dæma lögin þau Kjell Heick frá Danmörk, hin sænska Charlotte Perrelli, Thomas Lundin frá Finnlandi og Jostein Pedersen frá Noregi.



Selma Björnsdóttir keppir fyrir okkar hönd í ár.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Alex tells me you're gay. Milk?“**

**Svar:** Rachel úr kvikmyndinni Spin the Bottle frá árinu 2000.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.

**12.10** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Úr skríni – Umsjón: Magga Stína

**16.00** Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar **18.00** Úr sögusafni Hitchcocks, Konfekt og kærleikur

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Frá hugmynd að veruleika **11.00** Í vikulokin **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn

**14.00** Til allra átta **14.30** Hvar er barnamenningin? **15.20** Með skaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Sagan af manninum með risaröddina

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Sagan bakvið lagið **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Flugufótur **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Handboltarásin

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Henný Árna

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bjarni Ólafur - Danspartý Bylgjunnar

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur
**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**21.50**

*Íþróttir*

**Úrslitakeppni NBA. Keppnin er hafin af fullum krafti en framundan eru margir spennandi leikir.**

## SÝN

**13.10** Veitt með vinum **13.55** NBA – Bestu leikirnir (Chicago Bulls – Phoenix Suns 1993) **15.35** Motorworld **16.05** Íslandsmótið í kraftlyftingum **16.35** Inside the US PGA Tour 2005 **16.55** World Supercross **17.50** Ítalski boltinn (Juventus – Inter)

**19.50 Spænski boltinn** (Real Madrid – Villarreal)Bein útsending frá leik Real Madrid og Villarreal. David Beckham og félagar neita að játa sig sigraða í toppbaráttunni. Eftir góðan sigur á Börsungum nýverið á konungsliðið enn möguleika á titlinum. Real Madrid fær samt ekkert gefins hjá gestunum en Villarreal berst hatrammri baráttu um sæti í Meistaradeildinni.

**21.50 NBA** (Úrslitakeppni)Bein útsending frá leik Detroit og Philadelphia.

**23.50** Hnefaleikar (MA Barrera – Mzonke Fana)

### HALLMARK

**12.45** In the Beginning **14.15** Down in the Delta **16.00** Fungus the Bogey Man **17.45** Just Cause **18.30** Gracie's Choice **20.00** Sudden Fury **21.30** Bait **23.15** Gracie's Choice **0.45** Sudden Fury **2.15** Bait

### BBC FOOD

**12.00** Sophie's Weekends **12.30** Ready Steady Cook **13.00** New Scandinavian Cooking **13.30** Wild and Fresh **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Rick Stein's Fruits of the Sea **15.30** Ready Steady Cook **16.00** James Martin Delicious **16.30** Gary Rhodes **17.00** Sophie's Sunshine Food **17.30** Tamasin's Weekends **18.00** Jancis Robinson's Wine Course **18.30** Capital Floyd **19.00** Sophie's Sunshine Food **19.30** Nigella Bites **20.00** Nigel Slater's Real Food **20.30** Ainsley's Meals in Minutes **21.00** Who'll Do the Pudding? **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.05** VM i skolefodbold pige-finale **13.30** Muppet Show **13.55** Boogie Listen **14.55** Dawson's Creek **15.40** F¢r s¢ndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Den hvide sten **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Vild med Alice **17.30** Tæt på Dyrene **18.00** aHA! **18.50** Mig og min lillebror **20.25** Columbo **22.00** Strictly Sinatra **23.35** Boogie Listen

### SV1

**12.00** Handboll: SM-final **16.00** BoliBompa **16.01** Disneydags **17.00** Livet enligt Rosa **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Wild Kids **19.00** Ulveson och Herngren **19.30** Kalla spår **20.15** Hitler – ondskans natur **21.45** Rapport **21.50** Little Britain **22.20** Topsy-Turvy **0.55** Sändningar från SVT24


40% afsláttur af öllum tréstólum
Mikið úrval af stólum

opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
sunnudaga 13-16

Ljósir leður borðstofustólar



Með háu baki,
19.900/ 14.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri
(einnig til í brúnu)

Með lágu baki
19.900 / 14.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri



Tréstóll 11.900

Balero 16.900



Tréstóll 12.900

Tréstóll 12.900

mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300

KORTER.IS



Stóll með leðuráferð
12.900/ 9.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri
Einnig til í hvítu

Leðurstóll Grand
19.900 / 14.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri

Leðurstóll með háu baki
20.900 / 17.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri

Leðurstóll með boga
19.900 / 16.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri

Leður barstóll
verð 19.900



## HRÓSIÐ

*...fær Norsk-Íslenska Skjallbandalagið Inc. en það skipa þær Ásgerður Eyþórsdóttir og Monica Haug. Þær standa nú fyrir tónleikaröðinni Kvöld í Hveró sem fer fram í Hveragerðiskirkju en nú þegar hafa Halli Reynis, Valgeir Guðjóns og Fabúla komið fram.*

## INNI



**Flatbotna skór.** Já, það eru litlir og efnislausir skór sem taka nú við í hinni volgu golu sem vonandi heldur áfram að leika við okkur. Sumarið virðist loksins vera að láta sjá sig og fátt er betra en að vera berfætt í lágbotna skóm við fallegt og sumarlegt pils.



**Pólóbolir.** Þeir mega vera í öllum litum, röndóttir, köflóttir, hvað sem er en það má hins vegar ekki vera hallærislegt „statement“ á þeim. Ágætt er að bolirnir beri skemmtileg merki eins og Lacoste en það er nauðsynlegt að þeir beri með sér eilítinn gamaldags keim.



**Indverskt.** Kjólar, pils, peysur og allur fatnaður sem minnir á indverska menningu. Skærir litir og gullbryddingar. Risastórir eyrnalokkar og aðrir skartgripir í indverskum stíl og litlu, indversku, lágbotna skórnir sem verða alltaf vinsælir á sumrin. Þetta er allt flott.

## ÚTI



**Tásusokkar.** Er þetta ekki alveg búið? Auk þess þá getur bara ekki verið að þetta sé þægilegt. Hver tá í sínum eigin hólki? Til hvers? Til þess að hægt sé að nota þá við sandala sem ná á milli tána? Talandi um sandala, þá er það einmitt alveg hræðilegt að vera í tásusokkum við sandala. Tásusokkar eru bara úti!



**Of rifnar gallabuxur.** Nei, þetta er ekki flott. Gat á báðum hnjám er bara subbulegt og auk þess eru hné ekkert fallegasti líkamspartur í heimi. Þetta komst nálægt því að vera í tísku á tíunda áratugnum ásamt Nirvanabolum og sveittu hári. Nei, takk.



**Feimnir skallar.** Er eitthvað sorglegra en karlmenn sem eru að fá skalla og virðast ekki vilja horfa í augu við það? Nei sennilega ósköp fátt. Það er alls ekkert svo slæmt að hafa skalla og miklu ljótara að reyna að halda í einhverjar lufsur. Verið frekar stoltir af skallanum elsku kallar og klippið bara það sem eftir er afar stutt eða einfaldlega látið það fjúka.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:** 1 háski, 6 stefna, 7 fljót, 8 í röð, 9 herma eftir, 10 sonur, 12 bók, 14 helgur staður, 15 leit, 16 byrði, 17 kveik, 18 þvaður.

**Lóðrétt:** 1 rámi, 2 kyn, 3 tveir eins, 4 gerðist á páskum, 5 kyrra, 9 for, 11 bíða, 12 merki, 14 megurð, 17 í röð.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 hættur, 6 átt, 7 þó, 8 st, 9 apa, 10 bur, 12 rit, 14 hof, 15 sá, 16 ok, 17 rak, 18 raus.

**Lóðrétt:** 1 hási, 2 ætt, 3 tt, 4 upprisa, 5 róa, 9 aur, 11 doka, 13 tákn, 14 hor, 17 rs.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Stefán Arthur Cosser.
2. Páll Pálsson.
3. Tíu ár.






**STEFÁN MÁNI** Segir það alltaf hafa verið draum að sjá bókina verða að kvikmynd

STEFÁN MÁNI: SKRIFAR HANDRIT EFTIR EIGIN BÓK

# Svartur á leik í bíó

Zik Zak kvikmyndir og Filmus hafa fest kaup á kvikmyndaréttinum af skáldsögu Stefáns Mána, Svartur á Leik. Bókin vakti mjög mikla athygli á síðasta ári og fékk góða dóma hjá gagnrýnendum. Svartur á leik gerist í undirheimum Íslands og lagði Stefán Máni töluvert mikið á sig til þess að afla sér gagna svo bókin væri sem trúverðugust.

Höfundurinn var heima kvefaður þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann ætlar sjálfur að skrifa handritið að myndinni. „Þetta hefur alltaf verið draumur með þessa bók og ég hafði alltaf hugsað mér að hún færi þessa leið,“ segir Stefán Máni og bætir því við að mikill áhugi hafi verið á bókinni en þrjú fyrirtæki hafi sóst eftir henni. „Ég ákvað að velja þá, því þetta eru ungir strákar og höfðu sýnt henni mikinn persónulegan áhuga.“

Stefán segir myndina verða öðruvísi en bókina. „Þeir sem hafa lesið bókina hafa ekki séð myndina,“ segir Stefán og bæti því við að meiri áhersla verði lögð á persónurnar og sögutíminn verði styttri. „Þetta er allt annar miðill og því verða áherslurnar aðrar.“ Hann segir ennfremur að ekki sé búið að raða neinum leikurum niður á hlutverk. Hann á sér þó sína draumaleikara. „ Mér finnst Ólafur Darri vera einhver besti leikarinn á Íslandi í dag og hann væri tilvalinn í hlutverk Tóta dyravörðs. Þá finnst mér Þorvaldur Davíð koma til greina sem Stebbi pshyco.“ Stefán segist reikna með því að tökur hefjist árið 2007, sem sé stuttur fyrirvari hvað varði íslenskar kvikmyndir.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

Öldurhúsin í miðborg Reykjavíkur voru vel sótt síðustu vetrarnótt og víða var fullt út úr dyrum og nokkuð ljóst að fjöldinn var á þeim buxunum að kveðja Vetur konung með öl í krús.



Ölstofa **Kormáks** og **Skjaldar** hefur löngum verið varnarþing listaspíra, fjölmiðlafólks og nafntogaðra hægrikrata og létu fulltrúar þessara þjóðfélagshópa sig ekki vanta fremur en endranær. Nokkrir borðfélagar skyggðu þó töluvert á fastagestina, sem margrir hverjir ráku upp stór augu þegar þeir sáu til þeirra **Auðunar Georgs Ólafssonar**, fyrrverandi fréttastjóra Fréttastofu Útvarps, **Steingríms Ólafssonar**, upplýsingafulltrúa í forsætisráðuneytinu, og **Karls Péturs Jónssonar**, almannatengils og tengdasonar forseta Íslands, fara yfir málin.



Karl Pétur er tíður gestur á Ölstöfunni en þeir tveir fyrrnefndu eru öllu sjaldséðari. Þeir voru þeim mun meira áberandi í þjóðmálaumræðunni á dögunum þar sem báðir fóru með stór hlutverk í fréttastjórafarsanum. Karl Pétur yfirgaf staðinn við þriðja mann þegar leið á kvöldið en engum sögum fer af því hvort vinirnir og Framararnir Steingrímur og Auðun hafi deilt saman leigubíl.

Íslenskir aðdáendur sjónvarpsdrottningarinnar **Oprah Winfrey** bíða þess í ofvæni að fá að sjá margumrætt Íslandsinnslag í þætti hennar The Oprah Winfrey Show. Eins og alþjóð veit leitaði Oprah til þeirra **Þórunnar Lárusdóttur** leikkonu og **Svanhildar Hólm Valsdóttur** fjölmiðlakonu og fékk þær til að upplýsa heimsbyggðina um stöðu og viðhorf íslenskra kvenna til lífsins og tilverunnar.



Þórunn teymdi útsendara Opruh um reykvískt næturlíf en Svanhildur fór utan og heimsótti höfuðstöðvar Opruh. Þátturinn verður sýndur í Bandaríkjunum á mánudaginn, þann 25. apríl, en enn er allt á huldu um hvenær hann kemur fyrir sjónir Frónbúa. Réttindamál vegna myndskeiða með indverskri leikkonu í sama dagskrárlið settu sýningar þáttarins utan Bandaríkjanna í uppnám en málið mun víst leyst þannig að línur hljóta að fara að skýrast.




# Ert þú Robert Plant?



**ROBERT PLANT** Nemendur sem voru að dimmittera voru ekki alveg vissir um hvort þeir hefðu rekist á Robert Plant eða ekki.

Robert Plant hefði eflaust vakið mun meiri athygli fyrir þrjátíu og fimm árum síðan þegar hann kom hingað til lands með Led Zeppelin. Söngvarinn góðkunni spókaði sig um í miðborg Reykjavíkur í veðurblíðunni og hefur væntanlega búist við því að hann gæti gengið óáreittur meðal borgarbúa. Hann komst þó ekki hjá allri athygli því þegar hann gekk inn í bolabúðina Dogma voru þar staddir nokkrir dimission-nemendur, klæddir upp eins og bandarískar ruðningshetjur. Virtust einhverjir hafa laumað sér í plötusafnið hjá foreldrunum því nemendurnir urðu nokkuð uppveðraðir þótt þeir væru ekki alveg vissir hvort þarna væri rokkgoðið komið. Gekk einn þeirra upp að stjörnunni og spurði hann hreint út: „Ert þú Robert Plant?“ Goðið jánkaði því en við svo búið ruku nemendurnir út til þess að greina samnemendum sínum frá þessum merka fundi. Brá Plant sér þá inn í bakherbergi og beið eftir að þessu uppnámi meðal ruðningsstjarnanna lyki. Kom hann síðan fram tveimur mínútum seinna og keypti sér bol, öllum að óvörum, með gömlu hljómsveitinni sinni framan á. Hann ætlaði enn fremur að festa kaup á tónlistinni sem spiluð var í búðinni en það var diskur með hljómsveitinni Low. Að því loknu kvaddi Plant, ánægður með bolinn góða.

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Og1

**Og1** er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

## GSM

**0 KR. HEIM**

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr. Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

## Heimasími

**0 KR. INNANLANDS**

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.

**0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM**

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

## Internet

**MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐÞAK**

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27709 04/2005

og vodafone™

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

Heyrumst!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Guðsótti

Mér flaug í hug þegar ég var að koma ungri stúlku í bílstólinn sinn einn morguninn núna í vikunni hvort páfinn í Róm væri kannski á móti barnabílstólum. Kaþólska kirkjan virðist nefnilega vera á móti svo mörgu á þessum síðustu og verstu að maður er orðinn hálf óttasleginn. Í hverju því sem maður tekur sér fyrir hendur getur maður fallið í þá hugsun að hugsanlega sé maður að gera eitthvað sem er hinni ævafornu kirkjudeild ekki þóknanlegt, og samt er ég ekki kaþólskur eða neitt svoleiðis, maður bara fær sektarkennd samt. Ég meina, barnabílstólar? Eru þeir ekki inngrip í eðlilega framvindu hinnar guðlegu forsjónar, eða eitthvað? Hólí Móses.

**ÚFF**, eins gott að maður sé ekki hommi og þurfi að búa við það að vera fordæmdur 24 tíma sólarhrings alla daga vikunnar út af einhverju sem ætti í sjálfu sér ekki að koma neinum öðrum við. Og eins gott að maður sé ekki kona, nóg er nú bölvunin samt. Áróður hinnar kaþólsku kirkju um að maður sé meira eða minna sekur hvernig sem á málin er litið – og í mínu einstaka tilviki væntanlega á leiðinni beinustu leið til helvítis því ég spila stundum rokk og hef jú notað getnaðarvarnir, þótt ég eigi enn eftir að gera bæði í einu – gerir það að verkum að maður er svona hálfpartinn farinn á taugum út af samviskubiti og farinn að ganga um með sólgleraugu hálf skuggalegur dags daglega og býst við eldingu í hausinn á hverri stundu.

**ÚT AF FYRIR SIG** er það merkilegt að til sé tvöþúsund ára stofnun í heiminum sem lætur smokka fara svona í taugarnar á sér. Hvernig var þetta áður fyrr? Eignaðist fólk barn eftir hvert einasta skipti eða hvernig var það?

**ÞETTA** er auðvitað gömul saga og ný. Í kristinni bókstafstrú er flest það sem til framfara heyrir – en smokkurinn var jú ákveðið framfaraskref – kennt við djöfulinn. Eplið góða í Eden var ekki bara af einhverju tré heldur var það af ekki minni plöntu en sjálfu Skilningstrénu. Þetta fékk mig til að hugsa þegar ég var patti. Hvað var að því að borða af Skilningstré og þar af leiðandi væntanlega skilja meira? Á maðurinn ekki að skilja neitt?

**ÉG** hlýddi einu sinni á fyrirlestur, eða öllu heldur át stundarkorn af skilningstré bókmenntafræðinnar, hér í eina tíð uppi í Háskóla Íslands. Sá syndugi fyrirlestur fjallaði um það hvernig það er leiðandi þema í Biblíunni að flest það sem maðurinn gerir – eins og að vilja skilja meira, vilja búa í borgum, stunda kynlíf, spila í hljómsveitum og svo framvegis – er djöfullegt. Og sá djöfullegasti er auðvitað sjálfur Djöfullinn sem einmitt réðist gegn hinu ríkjandi valdboði um að ekkert mætti, og síðan þá, samkvæmt þessum fyrirlestri, hefur þessi barátta haldið áfram endalaust á milli a) þeirra sem vilja banna flest og halda lýðnum í skefjum og b) hinna sem vilja nota smokk. Góðar stundir.


